**ÍRIS ANN SIGURÐARDÓTTIR**

*Byrjaði í Flórens og endaði ferðina í Nepal*

• á ferðinni

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**FUNDUR G20-RÍKJANNA**

*Skref á leið til umbóta*

Miklar ákvarðanir sem þó náðu ekki að skekja heiminn líkt og boðað hafði verið.

**MARKAÐURINN**





20 ÁRA AFMÆLISTILBOÐ
BÓNUS FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG
20 ára
BÓNUS
1989 - 2009



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. apríl 2009 — 85. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


**MIÐVIKUDAGUR**



**60 mínútur á Íslandi**

Ragnhildur Steinunn leiðbeinir tökuliði frá 60 mínútum í Ástralíu sem fjallar um efnahagshrunið.

FÓLK 54

**Fall er fararheill**



Fyrsta Bónus-verslunin var opnuð fyrir tuttugu árum.

TÍMAMÓT 32

**Tökum upp Bandaríkjadal**

„Upptaka Bandaríkjadals á Íslandi gæti lagt grundvöll að endurreisn landsins án þess dragbíts sem haftakrónan er“, skrifar Þorlindur Kjartansson.

ELDHÚSDAGUR

**Jafnt hjá ensku liðunum**



Manchester United og Arsenal gerðu jafntefli í leikjum sínum í Meistaradeild Evrópu í gær.

ÍÞRÓTTIR 48

**VEÐRIÐ Í DAG**




**KÓLNANDI** Í dag verður hvöss norðaustan átt nyrst og vestast á Vestfjörðum, annars hæg breytileg átt. Snjókoma eða slydda NV-til, skúrir eða él norðan til, annars úrkomulítið, einkum eftir hádegi.

VEÐUR 4

# Lífeyrissjóðir fjármagni nýtt sjúkrahús fyrir LSH

**Fundað verður um mögulega fjármögnun lífeyrissjóðanna á nýju háskólasjúkrahúsi síðar í mánuðinum. Formaður Landssamtaka lífeyrissjóða segir kostinn áhugaverðan. Tillögur verða kynntar eftir páska.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fulltúar lífeyrissjóðanna munu funda með fulltrúa Landspítala (LSH) um mögulega aðkomu sjóðanna að fjármögnun nýs háskólasjúkrahúss síðar í mánuðinum. Eftir páska verður vinna erlendra sérfræðinga um ódýrari byggingarleiðir kynnt.

Jóhannes M. Gunnarsson, verkefnisstjóri hjá LSH, staðfesti að af fundinum yrði. Hann segir erlendu sérfræðingana eiga að koma með þrjár mögulegar leiðir að ósk forstjóra spítalans. Verið sé að leita ódýrari lausna og einnig að skoða aðrar áfangaskiptingar en upphaflegar tillögur gerðu ráð fyrir.

Arnar Sigurmundsson, formaður stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða, segir áhugavert að skoða þennan kost. „Fulltrúar LSH munu kynna hugmyndir og tillögur um nýbyggingu fyrir okkur. Þetta mun vera ný útfærsla á tillögum.“ Arnar segir að gengið sé út frá því að uppbygging sjúkrahússins sé í fleiri áföngum. Framkvæmdin gæti reynst arðbær þar sem viðhaldskostnaður sé hár á þeim gömlu byggingum sem fyrir eru.

„Lífeyrissjóðirnir komu á sínum tíma að fjármögnun Hvalfjarðarganganna og við gætum séð þetta í svipuðu ljósi þannig að ef þessar hugmyndir falla að því sem við erum að fást við, þá finnst okkur þetta geta verið spennandi kostur. Það er samt allt eftir í þessu og þetta eru bara fyrstu skrefin.“

Arnar segir að margir horfi til lífeyrisjóðanna nú um stundir með fjármögnun í huga og þeir meti hvern kost fyrir sig.

„Þrátt fyrir allt sem hefur verið að gerast þá heldur lífið áfram.“

Fyrstu hugmyndir um sjúkrahúsið gerðu ráð fyrir að það mundi kosta um 70 milljarða, en miðað er að því að draga úr þeim kostnaði. Í grein sem Jóhannes ritaði í Fréttablaðið í janúar segir hann að rekstur sjúkrahúss í nýju sérhönnuðu húsi geti sparað um 8 til 10 prósent af rekstrarfé, auk þess sem um 2 til 3 prósenta sparnaður sé af því að hafa starfsemi Landspítala á einum stað. Það þýði um 4 til 5 milljarða árlegan sparnað.

- kóp



**PENINGUR Í HENDI** Þeir vinirnir Óskar og Páll voru í hópi barna starfsmanna Íslandsbanka sem í gær heimsóttu höfuðstöðvarnar og skoðuðu meðal annars peningageymslur og skápa. Páll bregður hér poka á loft sem lætur ekki mikið yfir sér en hefur að geyma hundrað þúsund krónur í mynt. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR.

Sjaldgæfur hákarl veiddist:

## Gæddu sér á gingapa þrátt fyrir viðvörun

**MANÍLA, AP** **Veiðimenn á Filippseyjum veiddu og átu hákarl af tegundinni gingapa (e. megamouth shark) í lok mars. Gingapi er meðal sjaldgæfustu fiska í heimi, og samkvæmt World Wildlife Fund (WWF) hafa einungis fjórutíu slíkir orðið á vegi mannfólks.**



GINGAPALÍKAN

**Gingapinn, sem var fimm hundruð kíló á þyngd og fjórir metrar að lengd, drapst í neti veiðimannanna skammt utan við Burias-eyju í miðhluta Filippseyja.**

**Elson Aca, starfsmaður WWF á Filippseyjum, segist hafa tekið myndir af gingapanum og reynt að fá veiðimennina ofan af því að snæða hann. Hákarlakjöt er meginuppistaðan í vinsælum rétti á þessum slóðum.**

- kg

Kröfuhafar mótmæla óbreyttu frumvarpi um slitameðferð fjármálafyrirtækja:

## Skilanefndir hóta uppsögnum

**VIÐSKIPTI** Talsverð andstaða er við frumvarp viðskiptanefndar Alþingis um slitameðferð fjármálafyrirtækja í hópi kröfuhafa og skilanefnda gömlu bankanna.

Fari frumvarpið óbreytt gegnum þingið má reikna með að héraðsdómur skipi slitastjórnir yfir skilanefndir bankanna. Kröfuhafar telja þetta veikja verulega umboð núverandi skilanefnda til að sjá um eignir gömlu bankanna og tryggja hag þeirra.

„Við höfum fengið álit og umsagnir og skoðum málið þegar það kemur aftur til okkar eftir aðra umræðu á Alþingi,“ segir Álfheiður Ingadóttir, formaður viðskiptanefndar Alþingis. Hún bætir við að núverandi lög um gjaldþrotaskipti fjármálafyrirtækja henti ekki og með frumvarpinu sé verið að setja málið í lögformlegt ferli byggt á gjaldþrotaskiptalögum. Ekki standi til að slíta greiðslustöðvun gömlu bankanna.

Skilanefndir Kaupþings og Landsbankans hafa hótað að segja samstundis upp samþykki Alþingi frumvarpið eins og það lítur út í dag, samkvæmt heimildum Markaðarins.

- jab / sjá Markaðinn


muundu eftir mjólkinni!
Muu

SUBWAY
Opið allan sólarhringinn -líka alla páskana
N1 Ártúnshöfða • N1 Hringbraut




## SPURNING DAGSINS



*Þórarinn, ætti að breyta götuheitinu í Bjarnabófastígur?*

„Nei, það ætti frekar að loka þjófinn inni í búri með bjarndýri í svona viku.“

Fartölvu Þórarins Leifssonar var stolið úr kjallaraíbúð við Bjarnarstíg í fyrradag. Tölvu leikstjórans Óskars Jónassonar var stolið við sömu götu fyrir skemmstu.

Tímamótaheimsókn bandarískrar þingnefndar til Havana vekur athygli:

# Vonir um afnám viðskiptabanns

**KÚBA, AP** Raúl Castro, forseti Kúbu, átti á mánudagskvöld yfir fjögurra klukkustunda langan fund með sendinefnd þingmanna úr fulltrúadeild Bandaríkjaþings. Þetta voru fyrstu beinu viðræður forsetans við svo háttsetta fulltrúa Bandaríkjanna síðan hann tók við forsetaembættinu af bróður sínum Fídel í fyrra.

Kúbverska ríkissjónvarpið sýndi myndir af Castro í jakkafötum í stað hershöfðingja-einkennisbúningsins sem hann er annars vanastur að koma fram í, á tali við Barböru Lee, þingmann demókrata frá Kaliforníu. Aðrir meðlimir þingmannasendinefndarinnar sáust í bakgrunni á þessum sjónvarpsmyndum frá fundi þeirra bak við luktar dyr í aðsetri Kúbuforseta í Havana.



**ÞREIFINGAR Í ÞÍÐUÁTT** Barbara Lee og Raúl Castro á fundinum í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Ég er sannfærð um að Raúl Castro vill eiga eðlileg samskipti við Bandaríkin,“ sagði Lee í samtali við AP-fréttastofuna. „Honum er alvara.“

Lee sagði að það væri nú undir nefndinni komið að „koma því sem við urðum vísari hér til skila til þingforseta okkar og sjá svo til“. Vísaði hún þar til Nancy Pelosi, forseta fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, sem einnig er demókrati frá Kaliforníu.

Strangt viðskiptabann hefur verið í gildi af hálfu Bandaríkjanna á Kúbu síðan kommúnistar komust þar til valda undir forystu Fídels Castro fyrir hálfri öld og formleg samskipti milli ríkisstjórnanna nær engin. - aa

Steingrímur J. Sigfússon:

# Efast um raunhæfi gjaldeyrismarkaðarins

**STJÓRNMÁL** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra kveðst ekki kunna sérstakar skýringar á óhagstæðri þróun gengis krónunnar að undanförnu en horfir helst til gjaldeyrismarkaðarins.

„Veltan er afar lítil þannig að það má kannski spyrja sig að því hversu raunhæfur markaður þetta er við þær aðstæður að hann sé jafn örgrunnur og raun ber vitni.“

Ólíklegt sé að gjaldeyrishöftin leki, eftir breytingar sem gerðar voru á þeim í síðustu viku. - bþs

Unglingur strauk að heiman:

# Lögreglan leitar að Andra Má

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lýsir eftir Andra Má Oddgeirssyni. Hann strauk frá heimili sínu síðastliðinn sunnudag og hefur ekki sést síðan. Andri er sextán ára gamall, 190 sentimetrar á hæð, grannvaxinn og ljósskolhærður. Þegar hann hvarf var hann klæddur í svarta strigaskó, gallabuxur og köflótta mittisúlpu. Þeir sem vita um ferðir Andra eru beðnir að hafa samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu í síma 444 1100.



ANDRI MÁR ODDGEIRSSON

Húsleitir hjá lögreglu:

# Lögregla fann kannabisplöntur í leyniherbergi

**LÖGREGLUFRÉTTIR Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í íbúð í miðborginni eftir hádegi í gærdag. Við húsleit fundust fjörutíu kannabisplöntur á lokastigi ræktunar.**

**Í tilkynningu frá lögreglunni kemur fram að plönturnar, sem sumar hverjar voru tveggja metra háar, hafi verið vel faldar í leyniherbergi sem komið hafði verið fyrir í íbúðinni. Karlmaður á þrítugsaldri var yfirheyrður í tengslum við rannsókn málsins. Hann hefur áður komið við sögu lögreglu.**

**Þá fundust kannabisefni, amfetamín, e-töflur og skammbyssa við húsleitir í Hlíðunum og Hafnarfirði í gær.** - kg



**SKILJA EKKI SJÁLFSTÆÐISFLOKKINN** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra furða sig á málflutningi sjálfstæðismanna í stjórnarskrármálinu. „Þetta er raunverulega ekkert nema endurtekningar og ekkert annað en málþóf,“ sagði Jóhanna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Þingið þarf að afsala sér valdi tímabundið

**Forsætisráðherra segir að þingið ráði ekki við að breyta stjórnarskránni, þess vegna þurfi það að framselja stjórnarskrárgjafarvaldið tímabundið til þjóðarinnar. Fjármálaráðherra skilur ekki í hverju andstaða sjálfstæðismanna er fólgin.**

**STJÓRNMÁL** Þar sem Alþingi hefur gert margar árangurslitlar tilraunir til að breyta stjórnarskránni á síðustu 40-50 árum er nauðsynlegt að taka stjórnarskrárgjafarvaldið tímabundið úr höndum þingsins og færa til þjóðarinnar.

Þetta segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, sem telur að aðeins með skipan stjórnlagaþings fáist ný stjórnarskrá sem sátt geti náðst um.

Á fundi með blaðamönnum í gær tók Jóhanna sem dæmi að breyting á kosningaákvæðum stjórnarskrárinnar mætti ekki vera í höndum þingmanna. „Það eru þeirra hagsmunir hvernig kjördæmaskipanin er og það mál á að mínu viti hvergi heima nema á stjórnlagaþingi.“

Jóhanna og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra gefa lítið fyrir mýgrút athugasemda fræðimanna og annarra um að stjórnarskrármálið sé unnið í of miklum og óeðlilegum flýti. Ljóst hafi verið við upphaf ríkisstjórnarsamstarfs Samfylkingarinnar og VG að ráðast ætti í endurskoðun stjórnarskrárinnar, auk þess sem fjallað hafi verið um efnisatriði breytinganna – utan ákvæðisins um stjórnlagaþing – í mörg herrans ár.

Steingrímur bendir á að talsverður hluti athugasemdanna hafi beinst að málsgreinum greinarinnar um auðlindaákvæðið sem nú, að tillögu meirihlutans, hafi verið fjarlægðar úr frumvarpinu. Þær eigi því ekki lengur við.

Steingrímur ræddi um andstöðu sjálfstæðismanna við stjórnarskrárbreytingarnar og kvaðst ekki skilja í hverju hún væri fólgin. Hann hefði setið lengi undir ræðum þeirra – sem Jóhanna sagði endurtekningar og málþóf – í þeirri von að geta fræðst. Það hefði gengið illa. „Þrátt fyrir allan þennan málflutning er mér enn ekki ljóst hvers vegna þessi andstaða er af hálfu Sjálfstæðisflokksins.

Vilja menn ekki sameign á náttúruauðlindunum? Vilja menn ekki beint lýðræði? Vilja menn ekki að þjóðin kjósi sjálf um stjórnarskrárbreytingar í sjálfstæðri kosningu? Geta menn ekki hugsað sér að þjóðin kjósi sér sitt eigið stjórnlagaþing?“ spurði Steingrímur. bjorn@frettabladid.is

Ráðherra í Bandaríkjunum:

# Útskýrir stöðuna á Íslandi

**STJÓRNMÁL** „Ég hef verið að útskýra stöðuna á Íslandi og reynt að leiðrétta ýmsan misskilning,“ sagði Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra í samtali við Fréttablaðið við lok Bandaríkjafarar í gær.



GYLFI MAGNÚSSON

Í ferðinni fundaði Gylfi meðal annars með bandarískum stjórnvöldum í Washington til að fara yfir framvindu efnahagsáætlunar Íslands og AGS og framtíðarhorfur í íslensku efnahagslífi. Í gær ávarpaði hann fund íslensk-ameríska verslunarráðsins í New York og ræddi við viðskiptamenn og viðskiptablaðamenn.

„Ferðin hefur gengið framar vonum og okkur er tekið mjög vel, það er ágætt að hitta fólk augliti til auglitis sem til dæmis gæti hugsað sér að eiga viðskipti við Ísland,“ segir ráðherra. Fundur Gylfa með fjölmiðlamönnum bar þann sýnilega árangur í gær að hann var í viðtali við bandarísku sjónvarpsstöðvarnar Fox, CNBC og Bloomberg. - sbt

## DANMÖRK

### Eftirlýstir vegna skotbardaga

Fjórir menn eru eftirlýstir af lögreglunni í Kaupmannahöfn í tengslum við skotbardaga sem varð við Hans Knudsen-torgið í borginni í fyrrakvöld. Ekki er talið að nokkur hafi orðið fyrir skoti.

## SÁDI-ARABÍA

### Al-Kaídamenn handteknir

Innanhúsdeild sádi-arabíska þingsins tilkynnti í gær að ellefu meðlimir Al-Kaída, sem höfðu lagt á ráðin um mannrán, vopnuð rán og árásir á löggæsluyfirvöld, hefðu verið handteknir. Mennirnir bera allir sádi-arabískt ríkisfang.






Forystumenn ríkisstjórnarinnar segjast langt komnir með loforðalistann:

# 39 af 50 efnisatriðum afgreidd

**STJÓRNMÁL** Bróðurparti þeirra verkefna sem ríkisstjórnin ætlaði að ráðast í fram að kosningum hefur verið hrint í framkvæmd.

Á fundi með blaðamönnum í gær fór Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra yfir verkefnalista stjórnarinnar og sagði 39 af 50 efnisatriðum þegar afgreidd. Þau ellefu mál sem út af stæðu væru ýmist til meðferðar þingsins eða í vinnslu ráðuneyta.

„Þegar þetta er komið er búið að tæma alla verkefnaskrá þessarar ríkisstjórnar sem við lofuðum að hrinda í framkvæmd á þessum stutta tíma sem við höfðum til umráða,“ sagði Jóhanna.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagðist ánægður með þessa stöðu mála og lagði áherslu á að ljúka þyrfti þeim málum sem enn væru ófrágengin. - bþs



**Í ÞINGINU** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í pontu Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### STAÐA STJÓRNARMÁLA

**Bíða afgreiðslu Alþingis**

- Hækkun vaxtabóta
- Bætt staða skuldara fasteignaveðlána
- Lög um ábyrgðarmenn
- Samningur vegna Helguvíkur
- Stofnun eignaumsýslufélags
- Styrkari skattframkvæmd

**Til vinnslu í ráðuneytum**

- Skýrsla Evrópustefnunefndar
- Útlánamarkmið bankanna
- Aukin útlánageta Byggðastofnunar
- Rýmri lánareglur LÍN
- Áætlun um rýmkun gjaldeyrishafta




**Í SMÁRALIND FÆRÐU ALLT FYRIR PÁSKANA, FERMINGARNAR OG FERÐALÖGIN**

Frábært úrval af veislumat, páskaskrauti, páskaeggjum, páskaliljum, sparifatnaði, gjafavöru, lesefni, leikföngum, útivistarbúnaði og hvers kyns fylgihlutum.

**OPNUNARTÍMI SMÁRALINDAR UM PÁSKANA**

| | | |
|---|---|---|
| 9. apríl | skírdagur | kl. 13-18 |
| 10. apríl | föstudagurinn langi | LOKAÐ |
| 11. apríl | laugardagur | kl. 11-18 |
| 12. apríl | páskadagur | LOKAÐ |
| 13. apríl | annar í páskum | LOKAÐ |

OPIÐ Í DAG 11-21

**SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA**
**Verslanir opnar:** mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind

## GENGIÐ 07.04.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,48 | 126,08 |
| Sterlingspund | 183,68 | 184,58 |
| Evra | 166,41 | 167,35 |
| Dönsk króna | 22,339 | 22,469 |
| Norsk króna | 18,846 | 18,956 |
| Sænsk króna | 15,25 | 15,34 |
| Japanskt jen | 1,252 | 1,2594 |
| SDR | 187,08 | 188,2 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

203,6431

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Nefnd um hvalveiðar leggur til að veiðigjald verði lagt á hvert veitt dýr:

# Leyfilegt að bjóða út veiðileyfi

**SJÁVARÚTVEGUR** Innheimt verður gjald fyrir hvalveiðileyfi og sérstakt veiðigjald fyrir hvert veitt dýr, verði tillögur nefndar um endurskoðun laga og reglna um nýtingu hvala að lögum. Nefndin opnar jafnframt á þann möguleika að veiðarnar séu boðnar út, og er það nýlunda við stjórn sjávarauðlindar hér á landi.

Steingrímur J. Sigfússon sjávarútvegsráðherra skipaði nefnd um hvalveiðar 18. febrúar síðastliðinn, enda gildandi lög sextíu ára gömul. Samkvæmt frumvarpinu er sem fyrr ótvírætt í valdi sjávarútvegsráðherra að ákveða hvort veitt er og í hve miklum mæli. Markmið laganna er að stuðla að verndun hvala samhliða hagkvæmri og sjálfbærri nýtingu hvalastofna. Ákvarðanir ráðherra þurfa jafnframt að hvíla á veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar á grundvelli sjálfbærrar nýtingar.



**HREFNUVEIÐIMENN** Endurskoðun leyfa til hrefnuveiða var eitt af verkefnum nefndarinnar. Leyfin verða háð ströngum reglum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nefndin leggur til að innheimt verði fimmtíu þúsund króna gjald fyrir hvert veiðileyfi og sérstakt veiðigjald fyrir hvert dýr sem veiðist. Fari það gjald eftir stærð dýranna og nemi frá tíu þúsund krónum til einnar milljónar.

Sú nýlunda er í frumvarpinu að ráðherra getur ákveðið að úthlutun heimilda til hvalveiða skuli að hluta eða að öllu leyti fara fram að undangengnu útboði á vegum Ríkiskaupa.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið verði lagt fram á yfirstandandi þingi. **- shá**

Rannsóknarsetur verslunar:

# Minnkandi smásöluverslun

**VERSLUN** Velta í dagvöruverslun dróst saman um 16,6 prósent á föstu verðlagi í mars miðað við sama mánuð árið áður. Veltan jókst um 8,6 prósent á breytilegu verðlagi á sama tíma. Þetta kemur fram í smásöluvísitölu Rannsóknarseturs verslunarinnar.

Velta í dagvöruverslun hefur aldrei fyrr dregist svo mikið saman milli ára frá því að farið var að birta smásöluvísitöluna árið 2001. Stöðugur samdráttur hefur verið í dagvöruverslun frá því í ágúst á síðasta ári.

Verð á dagvöru hækkaði um 30,1 prósent frá í mars í fyrra. **- kg**



**HÖFUÐSTÖÐVAR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA** Ráðstefnan verður haldin í júní.

Sameinuðu þjóðirnar:

# Öll ríkin taka þátt í ráðstefnu

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna (SÞ) samþykkti í gær áætlun þess efnis að bjóða leiðtogum hinna 192 aðildarríkja SÞ á ráðstefnu um heimskreppuna í júní.

Ráðstefnan verður haldin í höfuðstöðvum SÞ í New York dagana 1. til 3. júní næstkomandi. Að sögn Miguels D'Escoto Brockmann, forseta allsherjarþingsins, verður tryggt að á ráðstefnunni fái allar þjóðirnar, en ekki eingöngu þau tuttugu ríki sem mestan fjárstyrk hafa, tækifæri til að „taka þátt á jafnréttisgrundvelli í hinni sameiginlegu leit að lausnum sem mæta þörfum og áhyggjum allra landa, stórra sem smárra“. **- kg**

Fiskmarkaðir:

# Tveir milljarðar í marsmánuði

**SJÁVARÚTVEGUR** **Söluverðmæti á íslensku fiskmörkuðunum í nýliðnum marsmánuði var 2.041 milljón króna og hefur aðeins tvisvar áður orðið meira í marsmánuði en það var árin 2001 og 2007. Aukningin frá því í sama mánuði í fyrra nam tæplega níu prósentum. Frá þessu er skýrt í frétt frá Reiknistofu fiskmarkaða.**

**Alls voru seld 12.949 tonn í marsmánuði nú, sem er rúmlega sextán prósentum meira en í fyrra, þegar seld voru 11.129 tonn.** **- shá**

# Starfsfólki fækkað í grunnskólum í haust

**Leiðbeinendur og lausráðið starfsfólk í grunnskólum gengur ekki að störfunum vísum í haust, segir forstöðumaður menntasviðs. Dagleg viðbótarkennslustund felld niður. Oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn gagnrýnir niðurskurðinn.**

**SKÓLAMÁL** „Það er alveg ljóst að störfum fækkar en við stöndum vörð um fastráðna starfsmenn eins og borgarstjórinn hefur lýst yfir,“ segir Ragnar Þorsteinsson, forstöðumaður menntasviðs, um fyrirhugaða fækkun starfsfólks í grunnskólum Reykjavíkur.

Að sögn Ragnars hefur Reykjavík ásamt Mosfellsbæ og Garðabæ á undanförnum árum boðið nemendum í 2. til 4. bekk eina daglega viðbótarkennslustund umfram það sem lögin mæla fyrir um.

„Nú hafa öll þessi sveitarfélög, vegna hagræðingartillagna, dregið þessa stund til baka því þau sjá sér ekki fært að hafa hana áfram. Þetta er kennslumagn sem verður ekki til staðar næsta haust í grunnskólanum og þar með er náttúrlega ekki hægt að endurráða í þau störf – það gefur auga leið,“ útskýrir Ragnar.

Um 60 leiðbeinendur og 120 lausráðnir kennarar eru í grunnskólum Reykjavíkur. Aðspurður segir Ragnar að á núverandi tímapunkti sé ómögulegt að segja til um hversu mörg stöðugildi í grunnskólunum leggist af næsta haust. „Fjárhagsáætlun borgarinnar var samþykkt 31. mars og við erum þessa dagana að dreifa út kennslumagninu. Það er ekki fyrr en eftir páska sem skólastjórnendur fara að raða sínu liði niður, miðað við bæði kennslumagn og nemendafjölda,“ svarar Ragnar og ítrekar að áfram verði haldið uppi fullri kennslu lögum samkvæmt þótt áðurnefnd viðbótarkennslustund falli niður.

Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson, formaður Skólastjórafélags Íslands og skólastjóri Foldaskóla í Reykjavík, segir greinilegt að vítt og breitt um landið sé niðurskurður í grunnskólum. Kristinn bendir á að 86 prósent af rekstrarkostnaði skólanna felist í starfsmönnum.

„Það er greinilega verið að reyna að skera niður með því að segja upp bæði kennurum og öðru starfsfólki en í hversu miklum mæli er erfitt að segja á þessari stundu,“ segir Kristinn sem kveður skólastjóra hafa fengið fyrirmæli um að fækka millistjórnendum.

Málið var rætt í borgarstjórn í gær. Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri sagði að standa ætti vörð um störf fastráðinna. Eftir fundinn gagnrýndi Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingar í borgarstjórn, þetta á heimasíðu sinni. „Sagðist Hanna Birna líta svo á að yfirlýsingar um að staðinn verði vörður um störf starfsfólks nái aðeins til fastráðinna starfsmanna en ekki lausráðinna eða verkefnaráðinna. Þetta er algerlega nýr skilningur sem hefur ekki verið kynntur borgarstjórn, borgarráði eða aðgerðarhópi borgarstjórnar.“

**gar@frettabladid.is**



**MELASKÓLI** Lausráðnir og leiðbeinendur eiga ekki endurráðningu vísa í grunnskólum borgarinnar.



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**



**DAGUR B. EGGERTSSON**



**RAGNAR ÞORSTEINSSON**



**KRISTINN BREIÐFJÖRÐ GUÐMUNDSSON**

Talsmaður neytenda um ESB:

# Aðild myndi bæta kjörin

**NEYTENDUR** **Aðild Íslands að Evrópusambandinu myndi lítil áhrif hafa á réttindi íslenskra neytenda, að mati talsmanns neytenda. Kjör neytenda myndu á hinn bóginn stórbatna, sem og möguleikar til að bæta stöðu neytenda hérlendis.**



**GÍSLI TRYGGVASON**

**Þetta kemur fram í svarbréfi Gísla Tryggvasonar, talsmanns neytenda, til nefndar á vegum stjórnarráðsins um þróun Evrópumála. Bréfið er birt á vef talsmannsins.**

**Þar segir að aðild myndi færa stórbætt lánakjör, verðtrygging myndi heyra sögunni til og verðlag lækka töluvert.** **- bj**

Fíkniefnainnflutningur:

# Sýknaður í Hæstarétti

**DÓMSMÁL** Anton Kristinn Þórarinsson var í gær sýknaður af ákæru um fíkniefnainnflutning. Anton hafði áður verið sakfelldur ásamt Jóni Halldóri Arnarssyni fyrir innflutning á samtals 701,54 grömmum af kókaíni í héraðsdómi. Þetta kemur fram á Vísi.is.

Efnin voru flutt í tvennu lagi til Íslands frá Hollandi um Danmörku. Þau voru ætluð til söludreifingar hér á landi. Jón Halldór játaði aðild sína að innflutningnum með þeim athugasemdum að hann hefði ekki lagt á ráðin um innflutninginn með Antoni.

Hæstiréttur staðfesti sakfellingu yfir Jóni sem dæmdur var í tveggja ára fangelsi. **- kg**






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**KÓLNANDI VEÐUR**

Eftir því sem líður á daginn fer veður kólnandi á landinu og í kvöld má búast við frosti í flestum landshlutum, síst þó reyndar með ströndum landsins. Núna í morgunsárið er úrkomuloft á leiðinni yfir á norðvestanvert landið með snjókomu eða slyddu. Syðra og eystra styttir smám saman upp í dag og léttir heldur til.




**SKÍRDAGUR**
8-15 m/s norðvestan til, annars hægviðri.

**FÖSTUDAGURINN LANGI**
8-15 m/s, hvassast SA-til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Amsterdam | 12° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 13° |
| Eindhoven | 12° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 19° |
| Gautaborg | 12° |
| Kaupmannahöfn | 12° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 20° |
| New York | 11° |
| Orlando | 22° |
| Osló | 6° |
| París | 12° |
| Róm | 19° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Látum öryggið ráða ferðinni

N1 sendir landsmönnum öllum bestu kveðjur í tilefni páskahátíðarinnar. Að sjálfsögðu hvetjum við fólk til að leggja land undir fót og njóta þess sem Ísland hefur upp á að bjóða.

Við hlökkum til að taka á móti ykkur um allt land en hvetjum ykkur um leið til að fara sérstaklega varlega í umferðinni.

**Gleðilega páska í leiðinni**




N1 styður Landsbjörgu

## KJÖRKASSINN



*Átt þú páfagauk?*

| | |
|---|---|
| Já | 7,8% |
| Nei | 92,2 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Horfðir þú á eldhúsdagsumræðurnar á Alþingi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

FL Group styrkti Sjálfstæðisflokkinn nokkrum dögum fyrir lög um fjárstyrki til flokka:

# Þrjátíu milljóna styrkur FL

**STJÓRNMÁL** FL Group styrkti Sjálfstæðisflokkinn um þrjátíu milljónir króna nokkrum dögum áður en lögum var breytt um hámarksframlög til stjórnmálaflokka. Skattrannsóknarstjóri hefur reikning um þennan styrk FL Group til flokksins til rannsóknar. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Í fréttinni kom fram að Fréttastofa Stöðvar 2 hefði séð gögn sem sýndu að hinn 29. desember 2006 hefðu þrjátíu milljónir króna verið yfirfærðar af reikningi FL Group inn á reikning Sjálfstæðisflokksins. Jafnframt herma heimildir fréttastofunnar að reikningur fyrir hafi ekki verið gefinn út fyrr en nokkrum mánuðum síðar, eða þegar nokkuð var liðið á árið 2007. Hannes Smárason, þáverandi forstjóri FL Group, mun hafa gefið vilyrði fyrir greiðslunni.



**VALHÖLL Í REYKJAVÍK** Rétt áður en lög um hámarksframlög til stjórnmálaflokka tóku gildi styrkti FL Group Sjálfstæðisflokkinn.

Nokkrum dögum eftir yfirfærslu fjárins, hinn 1. janúar 2007, tóku gildi lög um að stjórnmálaflokkum væri óheimilt að taka við hærri fjárstyrkjum en sem næmi 300.000 krónum frá einstökum lögaðila.

Andri Óttarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, sagði í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 að flokkurinn hafi ekki, fremur en aðrir flokkar, verið með opið bókhald fyrir þann tíma. Flokkurinn hygðist að svo stöddu ekki tjá sig um einstök fjárframlög til flokksins sem áttu sér stað fyrir setningu laganna. - kg

Slasaður leikskólakennari:

# Fær ekki bætur frá borginni

**DÓMSMÁL** Kona sem starfaði á leikskólanum Heiðarborg í Reykjavík fær ekki bætur vegna slyss sem hún varð fyrir á göngustíg utan við lóð skólans. Konan slasaðist á handlegg og höfði þegar hún rann í hálku í desember 2003. Tveir af þremur hæstaréttardómurum sem dæmdu í málinu sögðu konuna sjálfa bera ábyrgð á slysinu sem hafi orðið fyrir óhappatilviljun eða hennar eigið gáleysi. Hvorki hafi verið í verkahring starfsmanna skólans að gera ráðstafanir til að sandbera stíginn né bera á hann íseyðandi efni. Einn dómarinn taldi að dæma ætti konunni bætur. - gar



**LAUGAVEGUR** Endurgerð gamalla húsa er fyrirhuguð á næstunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Spornað við atvinnuleysi:

# Sögufræg hús endurgerð

**SKIPULAGSMÁL** Borgarstjórn samþykkti á fundi í gær að ráðast í sérstakt átak við uppbygginguna og endurgerð sögufrægra eldri húsa og mannvirkja í Reykjavík.

Í tilkynningu frá borgarstjórn segir að markmið verkefnisins sé að skapa atvinnu og treysta menningarauð borgarinnar. Óskar Bergsson, formaður borgarráðs, segir þetta í samræmi við áætlanir Reykjavíkurborgar um að hefja mannaflsfrekar framkvæmdir til að sporna við frekari þróun atvinnuleysis. Verkefnið komi til með að skapa störf fyrir iðnaðarmenn, arkitekta, verkfræðinga og aðra sem starfað hafa í byggingariðnaði á Íslandi. Ekki kemur fram í tilkynningu hversu margra starfa verkefnið mun krefjast. - bs

## DÓMSMÁL

### Systur fjarlægi sumarhús

Hæstiréttur hefur dæmt tvær systur til að fjarlægja sumarbústað þeirra í sameignarlandi í Miðengi í Grímsnes- og Grafningshreppi. Systurnar eru sagðar hafa reist sumarhúsið vitandi þess að byggingarleyfi þess yrði fellt úr gildi því það hefði verið ólögmætt.

## ELDHÚSDAGSUMRÆÐUR



Jóhanna Sigurðardóttir:

### Endurreisnin er hafin

„Ríkisstjórnin tók ekki við blómlegu búi en okkur hefur tekist að snúa vörn í sókn," sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra.

Hún sagði endurreisnina hafna, verðbólgan væri á niðurleið, vextir færu lækkandi og verulegur afgangur væri af vöruviðskiptum sem sýndi vel aðlögunarhæfni íslenska hagkerfisins. Þá hefði trúverðugleiki Seðlabanka og Fjármálaeftirlitsins verið endurreistur undir nýjum yfirstjórnum. Brýnasta verkefnið fram undan væri að endurreisa bankakerfið, lækka vextina enn frekar og afnema gjaldeyrishöftin.

Jóhanna rakti ýmsar aðgerðir ríkisstjórnarinnar sem styddu við heimilin. Átaldi hún um leið Sjálfstæðisflokkinn fyrir andstöðuna við stjórnarskrármálið.

Þá vék hún að Evrópusambandinu og sagði að hefja ætti aðildarviðræður sem fyrst. Þá þyrfti að taka upp evruna. Kvað hún þjóðinni best treystandi til að vísa veginn í því máli.

Um samfélagsgerðina sagði Jóhanna Samfylkinguna vilja sáttmála um ný gildi á grunni jafnaðarhreyfingarinnar.



Bjarni Benediktsson:

### Vandinn er vanmetinn

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði undanfarna daga á Alþingi hafa verið dapurlega.

„Nú hefur það gerst í fyrsta skipti í hálfa öld að reynt er að knýja fram breytingar á stjórnarskránni án þess að samstaða sé um það hér á Alþingi. Þetta er söguleg aðgerð og sorgleg hjá þeirri minnihlutastjórn sem nú fer með völdin í landinu."

Bjarni sagði ríkisstjórnarflokkana vanmeta vanda heimilanna og ekki vera sammála um margt. „Svarið sem Samfylkingin teflir fram við öllum spurningum sem snerta hag heimilanna er Evrópusambandið. Evrópusambandið er þeirra helsta svar, þeirra lokasvar. Vinstri grænir eru andvígir þessu helsta máli Samfylkingar. Flokkarnir tveir sem standa að minnihlutastjórninni eru líka á algerlega öndverðum meiði þegar kemur að nýtingu auðlinda þess lands," sagði Bjarni sem þó kvað stjórnarflokkana sammála um skattahækkanir og meðferð aflaheimilda. „Báðir stjórnarflokkarnir hafa lýst því yfir að þeir stefni að því að innkalla aflaheimildirnar en slíkt myndi leggja íslenskan sjávarútveg í rúst, að öllum líkindum."



Steingrímur J. Sigfússon:

### Við höfum reynsluna

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, sagði Sjálfstæðisflokkinn bera mikla ábyrgð með innleiðingu frjálshyggju sem þróast hafi í taumlausa græðgisvæðingu og gróðadýrkun, ofurlaun, bruðl og siðleysi.

„Hátt í átján ára valdatíma Sjálfstæðisflokksins lauk í rústum banka- og efnahagshruns og samfélagið var á barmi upplausnar. Það er því dálítið dapurlegt að sjá nýkjörinn formann Sjálfstæðisflokksins koma svo hér og draga upp gamaldags hræðsluáróður. Formaður Sjálfstæðisflokksins reynir að hræða fólk frá því að kjósa aðra í staðinn fyrir að reyna að sannfæra það um að kjósa sig. Nei, ætli það sé nú ekki frekar, í ljósi reynslunnar, Sjálfstæðisflokkinn sem þjóðin hafi ástæðu til að óttast. Sjálfstæðisflokkurinn ber óumdeilanlega meiri ábyrgð á því en nokkur annar íslenskur stjórnmálaflokkur hvernig komið er."

Steingrímur sagði bæði sig og Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra hafa fyrri reynslu af tiltekt eftir valdatíma Sjálfstæðisflokksins. „Við höfum reynsluna, við vitum hvað til þarf."



Guðjón A. Kristinsson:

### Auka þarf atvinnu

„Það er ekkert brýnna í dag en að auka atvinnu. Næg atvinna er það sem hjálpar okkur mest við að komast upp úr kreppunni. Með aukinni atvinnu aukum við tekjur ríkissjóðs og fækkum atvinnulausu fólki," sagði Guðjón Arnar Kristinsson formaður Frjálslynda flokksins. Aukin skattlagning væri ekki leið út úr kreppunni heldur meiri atvinna. Hann sagði að til að komast út úr kreppunni yrði að taka þá atvinnu og tekjuöflun sem byðist hvort sem það væri álver í Helguvík, á Bakka eða með kvótaaukningu í þorskveiðum. Hann sagði auk þess sóknarfæri í ferðaþjónustu og landbúnaði sem bæri að styðja við.

Guðjón Arnar sagði auknar þorskveiðar atvinnuskapandi og ekkert benda til þess að þær væru hættulegar stofninum. Hann sagði nú vera lag að afnema kvótakerfið sem flokkurinn hefði barist hart gegn og fólkið í landinu hefði krafist þess á mótmælafundum vetrarins. Auk þess væri afnám verðtryggingar brýnt hagsmunamál heimilanna sem flokkurinn legði til.

Hann sagðist viss um betri útkomu Frjálslyndra úr kosningum en spár bentu til, sú væri venjan hjá flokknum.



Birkir Jón Jónsson:

### Skuldir sliga heimilin

„Það er grafalvarleg staðreynd að 50 til 100 hafa að jafnaði misst atvinnu á hverjum einasta degi síðustu vikur og mánuði," sagði Birkir Jón Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins, sem sagði atvinnuleysi átján þúsund manns óviðunandi og kröfur um róttækar aðgerðir stjórnvalda því eðlilegar. Stuðla yrði að mannfrekum framkvæmdum og huga að fjölbreyttum atvinnutækifærum. Huga yrði að fyrirsjáanlegu atvinnuleysi námsmanna næsta sumar og efla Nýsköpunarsjóð námsmanna.

Birkir sagði blasa við að vandi heimila og atvinnulífs væri mjög mikill og koma yrði til móts við hann, skuldir væru að sliga bæði heimili og fyrirtæki.

Birkir sagði ómaklegt hvernig andstæðingar hefðu talað niður róttækar tillögur Framsóknarflokksins í efnahagsmálum sem lagðar voru fram fyrr í vetur. Enginn annar flokkur hefði lagt fram heildstæðar tillögur í efnahagsmálum. Birkir sagði nauðsynlegt að mynda öfluga velferðarstjórn að loknum næstu kosningum og að sú stjórn yrði ekki mynduð án Framsóknarflokksins.


GLÆNÝ STÓRLÚÐA

SMÁLÚÐA, LAXAFLÖK OG FULLT AF ÖÐRU GÓMSÆTU FYRIR PÁSKA

SELJUM EINNIG FISK Í MÖTUNEYTI

ATH ERUM ALDREI FISKLAUSIR

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755


**Neytendur:** Ný lágvöruverðsverslun í Faxafeni

# *Klinkið ber nafn með rentu*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Í síðustu viku var opnuð ný lágvöruverðverslun að Faxafeni 8, í sama húsnæði og Outlet Center. Verslunin heitir Klinkið og er rekin af Svavari Þórissyni og fjölskyldu hans. „Hugsunin á bak við þetta er einföld: Að taka inn vörur á sem allra lægsta verðinu. Rúmlega áttatíu prósent af því sem fæst hér eru á 199 krónur," segir Svavar.



**Í KLINKINU** Svavar Þórisson ásamt dóttur sinni Söru Leu.

Í Klinkinu fæst meðal annars matvara, heimilis- og búsáhöld, föndurvara og leikföng. Matvöruna og smávöruna flytur Svavar inn beint frá Bandaríkjunum svo vöruúrvalið er nokkuð frábrugðið því sem Íslendingar eiga að venjast. Svavar segir, eftir að hafa skoðað málið, að hægt sé að bjóða matvöru á miklu lægra verði á Íslandi en gert er. „Stefnan er að vera með algjöra lágmarksálagningu, sem þó dugar okkur til að hafa í okkur og á."

Eins og sjá má á hillum verslunarinnar, sem sumar hafa tæmst hratt, hafa móttökurnar verið góðar. „Fólki líkar það sem við höfum að bjóða og líkar verðið. Það verður því bara bætt í. Maður sér smám saman hvaða vörur eru að seljast best og við munum tryggja að þær vörur séu ávallt í boði, auk þess að prófa nýjar vörur og eflast og dafna," segir Svavar, bjartsýnn á framtíðina. Hann bætir við að kaffihús verði opnað í Klinkinu innan skamms, þar sem kaffibollinn muni kosta 99 krónur.




# Íslandsbanki býður öllum krökkum á fermingaraldri á skemmtilegt fjármálanámskeið

Viðskiptavinir okkar hafa komið á framfæri ábendingum um mikilvægi þess að miðla fjármálaþekkingu til ungmenna. Til að bregðast við þessu mun Íslandsbanki bjóða öllum krökkum á fermingaraldri á fjármálanámskeið.

Námskeiðin verða í boði vítt og breitt um landið í samstarfi við Opna háskólann í Háskólanum í Reykjavík og er markmið þeirra að bæta fjármála- færni þátttakenda í raunhæfum og einföldum skrefum. Leiðbeinandi verður Þór Clausen, M.Sc. í fjármálum. Námskeiðin eru ókeypis og öllum opin.

## Fjármálanámskeiðin verða haldin:

Fimmtudaginn 16. apríl í Reykjavík
Mánudaginn 20. apríl á Húsavík
Þriðjudaginn 21. apríl á Akureyri
Mánudaginn 27. apríl á Selfossi
Þriðjudaginn 28. apríl í Reykjanesbæ
Miðvikudaginn 29. apríl á Akranesi

Mánudaginn 4. maí í Reykjavík
Mánudaginn 11. maí á Egilsstöðum
Þriðjudaginn 12. maí á Reyðarfirði
Miðvikudaginn 13. maí í Reykjavík
Laugardaginn 16. maí á Ísafirði
Þriðjudaginn 26. maí í Vestmannaeyjum

Fjármálanámskeið fyrir fullorðna verða haldin á landsbyggðinni sama dag.

Nánari upplýsingar og skráning er á islandsbanki.is, opnihaskolinn.is eða í síma 599 6316.

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK




## Kynntu þér sniðugar fermingargjafir hjá Íslandsbanka

### Framtíðarreikningur Íslandsbanka

Framtíðarreikningur ber hæstu innlánsvexti bankans hverju sinni og er kjörinn fyrir þá sem vilja gefa fermingargjöf sem vex.

### Gjafakort Íslandsbanka

Með gjafakortinu getur þú verið viss um að gefa fermingargjöf sem allir kunna að meta.

Íslandsbanki

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað heitir héraðið á Ítalíu þar sem mannskæður jarðskjálfti varð á mánudag?*
2. *Fyrrverandi formenn hvaða stjórnmálaflokks funda á Íslendingabar á Kanarí um páskana?*
3. *Hver er formaður Íslensk-Ameríska verslunarráðsins?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Tekist á um þingsályktunartillögu meirihluta sjálfstæðis- og framsóknarmanna um losunarheimildir á þingi:

# Loftslagsályktun kölluð „vitleysistillaga“

**ALÞINGI** Þingsályktunartillaga meirihluta umhverfisnefndar um hagsmuni Íslands í loftslagsmálum er „vitleysistillaga“ að mati Marðar Árnasonar, varaþingmanns Samfylkingar. Tekist var á um það á Alþingi í gær hvort hleypa ætti málinu á dagskrá.

Ályktunin kveður á um að fulltrúar Íslands skuli gæta að því að ákvæði um sérstakar losunarheimildir Íslendinga falli ekki úr gildi við gerð rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Málið var afgreitt úr umhverfisnefnd með meirihluta sjálfstæðis- og framsóknarmanna í fyrrakvöld.

Atli Gíslason, Vinstri grænum, sagði engan gróða felast í því, hvorki fyrir Ísland né aðra, að binda okkar grænu orku í mengandi stóriðju, „jafnvel þótt maður leyfi sér að hugsa eins og kapítalisti einn dag“. Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingar, sagði óvænlegt fyrir Ísland, eitt iðnríkja í veröldinni, að fara fram og krefjast þess að fá að menga meira.

Mörður sagði að meira að segja æskulýðshreyfing Hjálparstarfs kirkjunnar hefði í umsögn sinni um tillöguna kveðið í kútinn Kjartan Ólafsson, sem væri „einn rökfastasti og gáfaðasti snillingurinn á þingi“. Mörður hlaut ákúrur annarra þingmanna fyrir orðalagið, og sagði Siv Friðleifsdóttir meðal annars að varla mætti kalla þingmanninn háttvirtan eftir þetta.

Þingmenn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks sögðu ekki felast í tillögunni heimild fyrir Ísland til að menga meira. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, sagði vinstriflokkana alltaf vera á móti umræðum um atvinnuuppbyggingu. Sjálfstæðismaðurinn Pétur H. Blöndal sagði að Íslendingar ættu að bjóðast til að framleiða eins mikið magn af áli og þeir gætu, vegna þess hversu mikið umhverfisvænna það væri hér en annars staðar. **- sh**



**HÆDDI KJARTAN** Mörður Árnason hæddist að vitsmunum Kjartans Ólafssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokks, sem þá sat bak við hann í stóli þingforseta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# Bretar þurfa að axla ábyrgð á hvernig fór

**Jóhanna Sigurðardóttir hefur kallað eftir viðbrögðum frá Gordon Brown við skýrslu bresku fjárlaganefndarinnar. Skýrslan færir ábyrgðina á ástandinu að vissu leyti á herðar Breta og Evrópusambandsins, að mati fjármálaráðherra.**

**ALÞINGI** Skýrsla fjárlaganefndar breska þingsins um Ísland og bankakreppuna styrkir verulega samningsstöðu Íslands í Icesave-málinu og er mikilvæg til að rétta okkar hlut. Þetta segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur sent Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, bréf og væntir viðbragða frá honum vegna málsins.

Steingrímur og Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra funduðu um málið með utanríkismálanefnd Alþingis í gærmorgun.

Umræða um niðurstöðu skýrslunnar fór fram utan dagskrár á Alþingi í gær. Málshefjandi var Kristrún Heimisdóttir, varaþingmaður Samfylkingarinnar. Sagði hún að skýrslan væri í raun skýr lýsing á beinni árás ríkisstjórnar Bretlands á grunnstoðir íslensks samfélags. Hún kallaði eftir samræmdri afstöðu Alþingis til málsins og spurði fjármálaráðherra hvernig útfæra ætti sókn Íslands á grundvelli skýrslunnar.

Steingrímur sagði ljóst að skýrslan færði ábyrgð á ástandinu að vissu leyti á herðar Breta, enda hefðu þeir gripið til of harkalegra aðgerða sem hefðu haft bein áhrif á stöðu Íslendinga og möguleika þeirra til að standa vörð um fjármálakerfið. Hún sýndi enn fremur fram á að orð Alistairs Darling, fjármálaráðherra Bretlands, um að Íslendingar hygðust ekki standa við skuldbindingar sínar, væru innistæðulaus.



**INNISTÆÐULAUS ORÐ DARLINGS** Steingrímur segir ljóst að orð Alistairs Darling, um að Íslendingar hygðust ekki standa við skuldbindingar sínar, séu innistæðulaus – hvort sem þau hafi verið túlkun á samtali hans við Árna Mathiesen eða öðrum fyrirliggjandi gögnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þá sagði Steingrímur skýrsluna sýna fram á að evrópskt regluverk í þessum efnum væri meingallað. „Þá má velta fyrir sér hvort ekki sé komin góð og gild ástæða til að fara fram á að menn deili með sér ábyrgðinni á byrðunum,“ sagði hann.

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, sagði að Íslendingar þyrftu tvímælalaust að notfæra sér skýrsluna í samningum um Icesave-málið og að það þyrfti að gerast á æðri stöðum en bara í samninganefndinni undir forystu Svavars Gestssonar. Enn fremur þyrfti að leita með málið til leiðtoga Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar, sagði óverjandi að þáverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde, hefði á sínum tíma ekki mótmælt þessum aðgerðum Breta með beinum hætti við kollega sinn í Bretlandi.

Karl V. Matthíasson, Frjálslynda flokknum, óskaði eftir því að stjórnvöld keyptu auglýsingu í útbreiddu bresku dagblaði til að kynna niðurstöðu skýrslunnar.

**stigur@frettabladid.is**




Lars Løkke Rasmussen skipar þrjá nýja ráðherra í uppstokkun á Danmerkurstjórn:

# Tvær ungar Venstre-konur í stjórn

**DANMÖRK** Lars Løkke Rasmussen, nýr forsætisráðherra Dana, kynnti nýja ráðherra til sögunnar í gær, þau Claus Hjort Frederiksen, Inger Støjberg og Karen Ellemann. Það er mat álitsgjafa dagblaðsins Politiken að Rasmussen hafi tekist sæmilega vel að setja sitt mark á ríkisstjórnina með nýjum ráðherrum. Hann hafi þó ekki stigið skrefið til fulls úr skugga fyrirrennarans Anders Fogh Rasmussen.

Frederiksem, sem tekur við embætti fjármálaráðherra af Lars Løkke Rasmussen, er lýst sem einum af hugsuðunum á bak við velgengni Venstre undanfarin ár; hann hafi verið einn nánasti samstarfsmaður Anders Fogh Rasmussen í forsætisráðherratíð hans. Frederiksen hefur annars setið sem ráðherra atvinnumála síðan árið 2001, þegar ríkisstjórn Venstre og Íhaldsflokksins tók við völdum.

Inger Støjberg verður ráðherra atvinnu- og jafnréttismála. Hún er einungis 36 ára gömul en engu að síður reynd í pólitíkinni; hún hefur setið á þingi síðan árið 2001 og hefur verið aðaltalsmaður þingflokksins frá árinu 2007. Hún er menntaður blaðamaður og starfaði sem slíkur um árabil auk þess að gegna ýmsum störfum fyrir Venstre.

Karen Ellemann, sem verður innanríkis- og félagsmálaráðherra, er nýgræðingur á danska þinginu, náði fyrst kjöri í kosningunum í nóvember 2007.



**KOMIÐ AF FUNDI DROTTNINGAR** Lars Løkke Rasmussen forsætisráðherra, þriðji frá vinstri, og nýju ráðherrarnir, Inger Støjberg, Claus Hjort Frederiksen og Karen Ellemann, kát fyrir utan Amalíuborgarhöll í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Hún hefur nýverið skilað tillögu um nýjar áherslur í fjölskyldustefnu Venstre auk þess sem hún hefur verið talsmaður Venstre í málefnum innflytjenda.

Hún hefur stjórnmálaáhugann í blóðinu, er dóttir Uffe Ellemann Jensen sem um árabil var formaður Venstre og utanríkisráðherra. **- sbt**



**Nýjung** - Fjármálapróf á **byr.is**



DYNAMO REYKJAVÍK

Fjárhagsleg heilsa

# 3 skref til fjárhagslegrar heilsu

| Þekking | Viðhorf | Hegðun |
|---|---|---|
| Fyrstu skrefin í fjárhagslegri heilsu eru að auka almenna fjármálaþekkingu. | Settu þér mælanleg markmið sem þurfa að vera raunsæ og tímasett. | Með þekkingu í fjármálum og raunsæum markmiðum getur þú breytt hegðun þinni í fjármálum til hins betra! |

FJÁRMÁLALAUSNIR Á MANNAMÁLI

Fjármálanámskeið á mannamáli ▪ Stöðumatið mitt og Heimilisbókhald ▪ Fjármálapróf ▪ Heilsupróf og ráðgjöf ▪ Lenging lána ▪ Greiðslujöfnun húsnæðislána ▪ Fyrirframgreiðsla Lífsvals ▪ Frysting erlendra lána ▪ Fjármálahugtök

## Eru fjármálin eins og af öðrum heimi?

Niðurstöður rannsókna gefa til kynna að **50% Íslendinga vilja vita meira um fjármál.** Byr býður öllum landsmönnum að taka fjármálapróf sér að kostnaðarlausu á **www.byr.is.** Prófið var samið í samvinnu við Stofnun um fjármálalæsi við Háskólann í Reykjavík.

**Taktu prófið á byr.is og fáðu fjármálin á mannamáli!**

BYR
SPARISJÓÐUR
Sími 575 4000 • byr.is




Yfir 100.000 óbreyttir borgarar sagðir innikróaðir á aðalátakasvæðinu á Srí Lanka:

# Fulltrúi SÞ biður fólkinu griða

**SRÍ LANKA, AP** Mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna á Srí Lanka kallaði í gær eftir því að hlé yrði gert á bardögum stjórnarhersins og skæruliða Tamílatígra til að tugþúsundum óbreyttra borgara sem eru króaðir inni á milli víglína gefist færi á að komast í öruggara skjól.

Fólkið, sem flest er tamílar, er talið í mikilli hættu þar sem það er innan við víglínu stjórnarhersins sem hefur stöðugt verið að þrengjast um þær vopnuðu sveitir Tamílatígra sem enn veita mótspyrnu. Fólkið, að sögn yfir 100.000 manns, hefur hafist við á mjórri landræmu á norðausturströnd eyjarinnar, sem hingað til hefur verið lýst griðasvæði fyrir vopnaskaki. Hættan á að það lendi í skotlínunni er sögð aukast með hverjum deginum, eftir því sem fleiri vopnaðir skæruliðar hrekjast inn á svæðið.

„Ég ítreka ákall mitt til forsvarsmanna LTTE (Tamílatígra) að þeir heimili öllum óbreyttum borgurum á því landsvæði sem þeir ráða yfir að yfirgefa svæðið og leita skjóls annars staðar,“ sagði Walter Kälin, sérlegur erindreki Ban Ki-Moon, framkvæmdastjóra SÞ, í mannréttindum og málefnum flóttamanna á Sri Lanka. **-aa**



**Á FLÓTTA** Stjórnarhermaður fylgist með flóttafólki úr röðum tamíla sem bíður eftir að skrá sig inn í flóttamannabúðir á yfirráðasvæði hersins nærri Vavuniya. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Segir tíma kominn til að Írakar taki við

**Í stað þess að halda heim á leið eftir rúmlega vikuferð um Evrópu sem lauk í Tyrklandi í gær fór Barack Obama þaðan beint í fyrir fram óboðaða heimsókn til Íraks. Boðskap hans þar um „brottför með ábyrgum hætti“ var mjög vel tekið.**

**TYRKLAND, ÍRAK, AP** Barack Obama fór í gær í sína fyrstu heimsókn á vettvang í Írak eftir að hann tók við völdum í Hvíta húsinu. Það gerði hann í beinu framhaldi af heimsókn til Tyrklands, sem var síðasti áfanginn á rúmlega vikulöngum Evrópuleiðangri hans.

Obama uppskar gríðarleg fagnaðarlæti meðal þeirra bandarísku hermanna sem á hlýddu er forsetinn sagði að nú væri tími kominn fyrir Íraka „að taka sjálfir ábyrgð á landi sínu“.

Fyrr um daginn hafði hann í ræðu í Istanbúl í Tyrklandi sagt að málefni Íraks væri dæmi um mál þar sem áþreifanlegar breytingar yrði vart frá áherslum fyrri valdhafa í Washington.

„Að breyta kúrsi ríkisskipsins tekur tíma,“ sagði hann á borgarafundi með tyrkneskum námsmönnum. Hann nefndi að hann hefði frá upphafi verið mótfallinn innrásinni í Írak, en tók jafnframt skýrt fram, að fyrst að Bandaríkjaher væri þar væri ekki annað ábyrgt en að standa þannig að brottför hans að hún „leiddi ekki til óreiðu og ofbeldis“.

Í ræðunni í Istanbúl boðaði hann „nýjan kafla í samskiptum Bandaríkjanna við umheiminn“. Bandaríkjamenn yrðu að vera þolinmóðari. Og aðrar þjóðir heims yrðu að gera sér grein fyrir „að breytingar eru mögulegar svo að við þurfum ekki að vera sífellt fastir í gömlum rökum“. Obama varaði við einfaldaðari ímynd af Bandaríkjunum og því sem þau stæðu fyrir, eins og allt of algengt væri að fólk gerði sér víða um heim. Þar með talið að Bandaríkin væru sjálfselsk og hrokafull. „Ég er hér til að segja ykkur að það eru ekki þau Bandaríki sem ég þekki og elska,“ sagði forsetinn.

Hann endurtók fyrirheit sitt um að byggja upp ný og betri tengsl á milli Bandaríkjanna og múslimaheimsins. „Við höfum ekki efni á að tala framhjá hver öðrum, að einblína á það sem skilur okkur að, eða að láta veggi vantrausts spretta upp í kringum okkur,“ sagði hann.

Fyrstu viðbrögð ráðamanna í araba- og múslimalöndum við þessum boðskap Obama voru jákvæð. Þannig lét Walid al-Moallem, utanríkisráðherra Sýrlands, hafa eftir sér að orð Obama hefðu verið „hlý“ og „jákvæð“. **audunn@frettabladid.is**



**Í ÍRAK** Barack Obama Bandaríkjaforseti ávarpar hermenn í Bagdad í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



ENNEMM / SÍA / NM21202

Safaríferð endaði illa:

# Ferðamaður fórnarlamb fíls

**INDLAND, AP** Hollenskur ferðamaður lést eftir að trylltur fíll traðkaði á honum í þjóðgarði í norðausturhluta Indlands í gær.

Ferðamaðurinn var á ferð um Kaziranga-þjóðgarðinn til að skoða sjaldgæfa fugla og apa þegar hann og ferðafélagar hans hittu fyrir fílinn, að sögn S.N. Burogohain, forstjóra garðsins. Ferðafélagar hans komust undan en maðurinn hrasaði og varð undir fílnum.

Vopnaðir leiðsögumenn fylgdu hópnum um garðinn og skutu á fílinn en það dugði ekki til og ekki er ljóst hvort hann er særður eður ei. - sbt

Regluleg laun fullvinnandi launamanna á mánuði í fyrra:

# Meðaltal 324 þúsund krónur

**VINNUMARKAÐUR** Regluleg laun á almennum vinnumarkaði voru að meðaltali 324 þúsund krónur á mánuði í fyrra. Regluleg laun fullvinnandi launamanna voru 355 þúsund að meðaltali og regluleg heildarlaun, það er regluleg laun ásamt yfirvinnu, voru 393 þúsund krónur. Greiddar stundir fullvinnandi launamanna voru 454 þúsund krónur að meðaltali á mánuði.

Regluleg laun fullvinnandi launamanna eftir starfsstéttum voru á bilinu 226 til 686 þúsund krónur að meðaltali á mánuði í fyrra. Heildarlaun voru á bilinu 325 þúsund til 902 þúsund krónur.

**LAUN Á ALMENNUM VINNUMARKAÐI 2008**

| Almennur vinnumarkaður að meðaltali | |
|---|---|
| Regluleg laun | 324 þúsund |
| Regluleg laun fullvinnandi launamanna | 355 þúsund |
| Regluleg heildarlaun (laun með yfirvinnu) | 393 þúsund |
| Heildarlaun fullvinnandi launamanna 454 þúsund krónur | |

HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

Laun stjórnenda voru hæst bæði þegar litið er til reglulegra launa og heildarlauna. Laun verkafólks voru lægst þegar litið er til reglulegra launa en þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks þegar litið er til heildarlauna.

Þegar atvinnugreinar eru skoðaðar kemur í ljós að laun fullvinnandi launamanna voru hæst í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og vátryggingum, eða 472 þúsund í regluleg laun krónur að meðaltali og heildarlaun 654 þúsund krónur. Í iðnaði voru regluleg laun lægst 317 þúsund krónur. Heildarlaun voru 371 þúsund krónur að meðaltali á mánuði í verslun og viðgerðarþjónustu.

Þetta kemur fram í nýju hefti Hagtíðinda um laun á almennum vinnumarkaði. - ghs

Atvinnumál háskólastúdenta:

# Lausna leitað í ráðuneytum

**STJÓRNMÁL** Unnið er í þremur ráðuneytum að lausn á þeim vanda sem blasir við í atvinnumálum háskólastúdenta í sumar.

Málið, sem er á forræði menntamálaráðuneytisins, var rætt á ríkisstjórnarfundi í gær en lausna er leitað í samvinnu við iðnaðarráðuneytið og fjármálaráðuneytið.

„Það stefnir í slæma stöðu verði ekkert að gert,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra. Vonir hennar standa til að lausnir finnist á þeim vanda sem blasa við háskólastúdentum og að ætlun stjórnvalda þar um liggi fyrir eftir páska. - bþs



**SAMRÁÐ** Richard Holbrooke og pakistanski utanríkisráðherrann Mahmoud Qureshi stinga saman nefjum.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Erindrekar Obama í Pakistan:

# Traust er forsenda árangurs

**PAKISTAN, AP** Háttsettir erindrekar Bandaríkjastjórnar og ráðamenn í Pakistan eru sammála um að traust í samskiptum ríkjanna sé nauðsynleg forsenda árangursríkrar baráttu gegn ógahreyfingum íslamista á borð við al-Kaída og talibana. En utanríkisráðherra Pakistans ítrekaði fordæmingu sína á loftárásum Bandaríkjahers innan landamæra Pakistans.

Richard Holbrooke, erindreki Bandaríkjastjórnar, og Mike Mullen aðmíráll, sem á sæti í herforingjaráði Bandaríkjahers, eru í Islamabad til viðræðna í kjölfar yfirlýsingar Baracks Obama forseta um breyttar áherslur í Afganistanstríðinu og fjölgun í herliði Bandaríkjamanna þar. - aa

Brælur gera óskunda:

# Mikið tjón grásleppukarla

**SJÁVARÚTVEGUR** Gífurleg tjón varð á veiðarfærum grásleppuveiðimönnum á N- og NA-landi í fárviðrinu í síðustu viku. Aðkoman, þegar loks var hægt að vitja netanna eftir langvinna ótíð, var ömurleg. Þrátt fyrir að netin lægju á meira en þrjátíu faðma dýpi sluppu þau ekki. Þetta kemur fram á vef Landssambands smábátaeigenda (LS).

„Ætli þessi bræla skráist ekki í sögubækur sem „stóra milljónabrælan“. Aldrei þessu vant blasti við okkur nægur markaður og hærri verð en menn hafa nokkru sinni séð,“ segir Einar Sigurðsson grásleppukarl á Raufarhöfn á vef LS. Grásleppuveiðimenn nyrðra eru sammála um að fara þurfi aftur til ársins 1984 til að finna sambærilegt tjón. - shá

## HAFNARFJÖRÐUR

### Deilt um landamæri

Mælingamaður Hafnarfjarðarbæjar hefur mælt lóðamörk tveggja húsa við Lyngbarð og húss við Móabarð og komist að því að eigandi Móabarðshússins hefur helgað sér hluta af lóðum Lyngbarðshúsanna með girðingu. Ef hún verður ekki rifin vofa dagsektir yfir. Þá vill skipulags- og byggingarráð vita hvernig eigendur Lyngbarðshúsanna ætli fyrir sitt leyti að ganga frá lóðarmörkum.






**Í MÓÐURFAÐMI** Drómedarinn Jamila fæddist í dýragarðinum í Berlín í gær. Hún hélt sig nærri móður sinni um leið og hún skoðaði veröldina í kringum sig. NORDICPHOTOS / AFP

Íbúafjöldi Seyðisfjarðar tvöfaldaðist í gær þegar hóp gesta bar að með Norrænu:

# 650 Færeyingar í heimsókn

**SEYÐISFJÖRÐUR** Stór hópur færeyskra ungmenna, um 650 manns, er nú staddur á Seyðisfirði og gerir sér þar glaðan dag. Ungmennin, sem eru á aldrinum sextán til 25 ára, lögðu upp í svokallaðan „Ungdomstur“ með Norrænu frá Þórshöfn á mánudag og komu á Seyðisfjörð í gærmorgun.

Sumir gestanna hafa farið í rútuferð til Egilsstaða og sumir kíktu í gær á bíósýningu á kvikmyndinni Viltu vinna milljarð? Einnig var boðið upp á dansleik þar sem plötusnúðurinn Ívar Pétur þeytti skífum, auk þess sem skíðasvæðið var opið og hægt var að fara í snjósleðaferð og á sjóstöng.

Hópurinn snýr aftur heim með Norrænu í kvöld. Á vef Smyril line, sem rekur Norrænu, hafa farþegar verið varaðir við því að búast megi við „miklu fjöri“ um borð í ferjunni. Allt verði þó gert til að hópurinn valdi engum ónæði.

Ferjan kom til Seyðisfjarðar klukkan níu í gær.




**NORRÆNA Í SEYÐISFIRÐI** Færeyingarnir halda af landi brott í dag eftir 35 klukkustunda dvöl. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þegar Færeyingarnir fara þaðan hafa þeir því dvalið á landinu í um 35 klukkustundir. Það er svipaður tími og tekur þá að ferðast fram og til baka.

Í Seyðisfjarðarkaupstað búa um 720 manns og því hefur íbúafjöldinn nærri tvöfaldast með komu gestanna. - sh

Rannsókn ParX á fjarvistum:

## Starfsmenn láta sig oftar vanta

**ATVINNUMÁL** Tíðni fjarvista starfsfólks jókst um tvo daga að meðaltali á hvern starfsmann á árunum 2004 til 2007, samkvæmt rannsókn ParX, viðskiptaráðgjafarfyrirtækis IBM. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að áætla megi að kostnaður hundrað manna fyrirtækis vegna fjarvista starfsfólks sé hátt í 25 milljónir króna á ári, sé eingöngu tekið mið af launakostnaði, það er launum greiddum í fjarvistum.

Einnig megi gera ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna óhagræðingar, svo sem aukins álags á aðra starfsmenn, auka mannskaps eða röskunar á þjónustu. - kg

Þingflokksformaður F-lista:

## Vill fresta þingkosningum

**ALÞINGI** Grétar Mar Jónsson, þingflokksformaður Frjálslynda flokksins, vill að kosningum til Alþingis verði frestað um mánuð. Þetta kom fram í máli hans á þingi í gær. Kosningar eiga að fara fram 25. apríl, eftir sautján daga.



**GRÉTAR MAR JÓNSSON**

Grétar sagði að í ljósi málþófs sjálfstæðismanna í umræðum um stjórnarskrármálið væri afar naumur tími til stefnu til að ræða nauðsynleg mál. Auk þess þyrfti að gefa þingmönnum tækifæri til að ferðast um kjördæmi sín og kynna sín stefnumál í aðdraganda kosninga. - sh

Doncaster í Englandi:

## Tíu og ellefu ára kærðir fyrir morðtilraun

**ENGLAND Tveir bræður, tíu og ellefu ára gamlir, voru í gær ákærðir vegna gruns um tilraun til morðs og rán í Doncaster á Englandi. Þetta kemur fram á vefsíðu Guardian.**

**Bræðurnir ungu réðust á aðra tvo drengi, níu og ellefu ára gamla, á yfirgefnum járnbrautarteinum á laugardag. Þeim er gefið að sök að hafa misþyrmt drengjunum tveimur á hroðalegan hátt með hnífi, múrsteinum og logandi vindlingum. Í réttarsalnum kom fram að drengjunum hefði nýlega verið komið fyrir hjá fósturforeldrum.** - kg

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ólöglegar veiðar**

Áhöfn þyrlu Landhelgisgæslunnar, TF-EIR, stóð dragnótabát að meintum ólöglegum veiðum á mánudag. Báturinn var að veiðum vestur af Sandgerði á svæði þar sem dragnótaveiðar eru ekki heimilar. Bátnum var vísað til hafnar þar sem lögreglan tók á móti honum. Málið er til meðferðar hjá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum.




**AKSTURSLEIÐIN**

- Eftirförin hófst við Grímsbæ á Bústaðavegi. Þaðan ók hann að Reykjanesbraut og beygði inn á hana í suður.
- Af Reykjanesbraut beygði hann til vesturs inn á Fífuhvammsveg.
- Hann ók síðan austur Dalveg og beygði inn á Nýbýlaveg.
- Af Nýbýlavegi ók hann inn á Breiðholtsbraut.
- Á Breiðholtsbraut ók maðurinn yfir umferðareyju og sneri við.
- Hann komst inn á Reykjanesbraut og ók hana í norður.
- Því næst beygði hann inn í Ártúnsbrekku og ók síðan austur Vesturlandsveg þar til hann kom að Korputorgi.
- Hann ók hring á hringtorgi við Korputorg og sneri aftur inn á Vesturlandsveg.
- Af Vesturlandsvegi beygði hann inn á Víkurveg í Grafarvogi og stefndi inn í íbúðarbyggð.
- Eftirförinni lauk þegar hann var þvingaður af Víkurvegi.

# Í vímu á ofsahraða

**Lögregla hefur miklar áhyggjur af því hversu margir aka undir áhrifum fíkniefna. Í fyrrakvöld ók maður tuttugu kílómetra vegalengd undan lögreglu á ofsahraða. Eftirförinni lauk þegar bíll hans var þvingaður út af veginum.**

**LÖGREGLUMÁL** „Ef hann hefði ekki verið stöðvaður hefði þetta getað farið mjög illa,“ segir Hörður Jóhannesson, aðstoðarlögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, um ökuníðing sem reyndi að flýja lögreglu á ofsahraða undir áhrifum fíkniefna í fyrrakvöld.



**HÖRÐUR JÓHANNESSON**

Lögregla stöðvaði manninn við Grímsbæ á Bústaðavegi vegna undarlegs aksturslags. Hann opnaði rifu á bílglugganum og þaut svo burt á ofsahraða. Því næst ók hann ógnargreitt inn í Kópavog og síðan út á Vesturlandsveg.

Eftirförinni lauk ekki fyrr en hann var þvingaður út af Víkurvegi í Grafarvogi. Hann stefndi þá inn í íbúðarbyggð.

Fjórir lögreglumenn meiddust lítillega við eftirförina. Alls voru tíu lögreglubílar notaðir í aðgerðinni. Ökumaðurinn, sem er fæddur árið 1983 og hefur komið við sögu lögreglu áður, var færður í fangageymslur ásamt farþega sínum. Þeir voru undir áhrifum örvandi efna. Þeir voru yfirheyrðir í gær.

Hörður segir akstur undir áhrifum fíkniefna vera vaxandi vandamál og menn hafi af því síauknar áhyggjur. Slíkur akstur geti endað með ósköpum vegna dómgreindarskorts.

stigur@frettabladid.is

### Á FANGELSISDÓM YFIR HÖFÐI SÉR

Ökumaðurinn telst með broti sínu hafa stefnt almenningi í hættu. Það varðar við fjórðu málsgrein 220. greinar almennra hegningarlaga þar sem segir:

- Fangelsi allt að 4 árum skal sá sæta, sem í ábataskyni, af gáska eða á annan ófyrirleitinn hátt stofnar lífi eða heilsu annarra í augljósan háska.

Dæmi eru um að maður hafi verið dæmdur í eins árs fangelsi, þar af níu mánuði skilorðsbundna, fyrir sambærilegt brot.

Þá verður farið fram á að ökutæki mannsins verði gert upptækt. Bíll hans hefur nú verið tekinn í vörslu lögreglu.



**GJÖFIN AFHENT** Ragnheiður Alfreðsdóttir, forstöðumaður Ráðgjafaþjónustu Krabbameinsfélags Íslands, tók við styrknum úr hendi Finnbjörns Hermannssonar, formanns Fagfélagsins.

Karlmenn og krabbamein:

## Fagfélagið gefur milljón

**STYRKUR Fagfélagið afhenti í gær Krabbameinsfélagi Íslands eina milljón króna til styrktar átakinu Karlmenn og krabbamein. Styrkurinn er eitt af fyrstu verkefnum hins nýja stéttarfélags, en Fagfélagið varð til við sameiningu Trésmíðafélags Reykjavíkur og Félags byggingamanna Eyjafirði skömmu fyrir áramót.**

**„Krabbamein er sjúkdómur sem herjar á karla. Þrátt fyrir það er krabbamein hálfgerður feimnissjúkdómur, sem menn tala almennt ekki um,“ sagði Finnbjörn Hermannsson, formaður Fagfélagsins, við tilefnið.**

**Krabbameinsfélag Íslands stóð fyrir átakinu sem ætlað er að vekja karlmenn til vitundar um krabbamein hjá körlum.** - sbt

Fyrirtæki ráða í ný störf:

## Ekki stopp í ráðningum

**ATVINNA** Rúmur helmingur stærstu fyrirtækja á Íslandi ætlar að ráða í ný störf á þessu ári. Þar af reikna áttatíu prósent þeirra með að ráða í framtíðarstarf og sjötíu prósent þeirra ætla að ráða fólk til sumarstarfa. Þetta kemur fram í nýrri könnun Atvinnuþjónustu Háskólans í Reykjavík.

Í könnuninni kemur fram að tæpur helmingur fyrirtækjanna reiknar með að endurráða í þau störf sem losna á næstu tólf mánuðum. Úrtak könnunarinnar var 122 stjórnendur og af þeim svöruðu 76 manns eða 62 prósent. - sbt


LYFJA
– Lífið heil




15% afsláttur+
VOLTAREN 11,6 mg/g Gel, 100 g.




15% afsláttur+
NICOTINELL tyggjó, Classic og Fruit.

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 45828 04/09

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

+ Gildir út apríl 2009

Höfn í Hornafirði:

## Ný Skinney SF til heimahafnar

**SJÁVARÚTVEGUR** Nýtt skip Skinneyjar Þinganess, Skinney SF 20, kom til heimahafnar á Höfn í Hornafirði um hádegisbil í gær. Skinney SF 20 er nýsmíði og er þetta fyrra skipið af tveimur sömu gerðar sem fyrirtækið lætur smíða fyrir sig á Taívan.

Tvo mánuði hefur tekið að sigla því frá Asíu til heimahafnar. Það lagði af stað frá Kaohsiung í Taívan 10. febrúar síðastliðinn og þurfti á leið sinni að sigla um háskalegar sjóræningjaslóðir undan strönd Sómalíu í fylgd herskips. Skipið er ætlað til tog- og netaveiða og er hátt í þrjátíu metra langt. - shá

Nýtt varðskip Landhelgisgæslunnar verður sjósett í Chile í lok mánaðarins:

# Þór verður afhentur eftir áramótin

**ÖRYGGISMÁL** Nýtt varðskip Landhelgisgæslunnar verður sjósett í lok apríl í Asmar-skipasmíðastöð sjóhersins í Chile. Verkið hefur gengið vel og kostnaðaráætlanir hafa hingað til staðist. Samkvæmt smíðasamningi nemur kostnaður þrjátíu milljónum evra, tæplega fimm milljörðum króna að núvirði. Afhending skipsins er áætluð í byrjun árs næsta árs. Við sjósetningu verður skipinu gefið nafnið Þór, en skip Gæslunnar hafa áður borið það nafn.

Skipið er af Harstad-gerð og hannað af Rolls Royce Marine í Noregi. Góð reynsla er af skipinu en norska strandgæslan hefur verið með sams konar skip í rekstri frá árinu 2005. Það er 4.250 brúttótonn, 93,65 metrar að lengd og sextán metra breitt. Dráttargeta er 120 tonn og ganghraði 19,5 sjómílur.



**VARÐSKIPIÐ HARSTAD** Skip norsku strandgæslunnar er af sömu gerð og nýtt skip Landhelgisgæslunnar. MYND/LHG

Til samanburðar má nefna að varðskipið Týr er 71 metra langt og tíu metra breitt með 56 tonna dráttargetu. - shá



**ÚR SKIPASMÍÐASTÖÐINNI** Hér er brú skipsins hífð um borð. MYND/LHG



**NAGLADEKK** Meðalfólksbíll spænir upp um hálfu tonni af malbiki á ári og þyrlar upp allt að tíu kílóum af svifryki. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Fleiri án naglanna:

## Nagladekkjum fækkar stöðugt

**UMHVERFISMÁL Í marsmánuði voru 58 prósent bíla í Reykjavík án nagladekkja og 42 prósent með naglana. Þetta sýndu talningar í höfuðborginni. Árið 2001 sýndu talningar að 67 prósent bifreiða voru á nagladekkjum. Síðan hefur þeim stöðugt fækkað og í fyrra voru þær um 44 prósent.**

**Svifryksmengun fór fjórum sinnum yfir heilsuverndarmörk í marsmánuði. Talið er að venjulegur fólksbíl spæni upp hálfu tonni af malbiki á ári og þyrli upp allt að tíu kílóum af svifryki. Notkun nagladekkja er bönnuð eftir 15. apríl.** - kóp

Skotárás í þýskum dómsal:

## Kona skotin til bana fyrir rétti

**ÞÝSKALAND, AP** Kona var skotin til bana og nokkir aðrir særðir er maður sem var viðstaddur réttarhald í dómsal í Landshut í Bæjaralandi í gær tók allt í einu upp skammbyssu og hóf skothríð. Loks skaut maðurinn sjálfan sig, að því er talsmaður dómstólsins greindi frá. Landshut er um 75 km norðaustur af München.

Að sögn Elisabeth Waitzinger, talsmanns dómstólsins, voru byssumaðurinn og konan sem dó tengd fjölskylduböndum. Réttarhaldið snerist um arfsdeilu. Að öllu jöfnu er ekki leitað á fólki sem sækir réttarhöld við þennan annars friðsæla dómstól. - aa

Jarðskjálfti við Kúríleyjar:

## Snarpur skjálfti neðansjávar

**JAPAN, AP Snarpur jarðskjálfti, 6,6 á Richter, varð neðansjávar í grennd við Kúríl-eyjaklasann í gær, 800 kílómetra norður af Japan. Jarðskjálftinn varð tíu kílómetrum undir sjávarmáli og varð ekkert eignatjón af völdum hans svo vitað sé, og engin hætta á flóðbylgju. Þess má geta að jarðskjálftinn á Ítalíu í fyrradag var 5,8 á Richter.**

**Kúríleyjar eru á milli Japans og Rússlands; Rússar sölsuðu þær undir sig við lok heimsstyrjaldarinnar síðari. Japanar gera tilkall til eyjanna og hefur ósætti þeirra og Rússa um þær komið í veg fyrir að ríkin undirriti formlegt friðarsamkomulag.** - sbt







# eignast sitt

Nýsköpun á alls staðar heima. Líka í örnefnum. Líka í lífsskilyrðum og búsetuþróun. Ásbrú er nýtt örnefni og ný sköpun sem byggir á gömlum grunni.

Ásbrú er svar við nýjum tímum. Við höfum reist spennandi samfélag á gamla varnarsvæðinu í Reykjanesbæ og þar bíða ótal tækifæri á sviðum sköpunar, sjálfbærrar þróunar, menntunar, heilsu og rannsókna.

Ásbrú er heilt samfélag, þróað fyrir þig – þar er að finna allt til alls. Ásbrú snýst um hreina orku, þekkingu og nýsköpun, alþjóðlega samkeppnishæfni, nálægð við alþjóðasamgöngur, mannauð, húsnæðiskost, æðri menntun, rannsóknir og heilsu.

Nýsköpun á alls staðar heima. En Ásbrú er hennar eigið svæði. Ásbrú er heimavöllur nýsköpunar.

Ekki leita lengra ef þú leitar að framtíðinni. Ásbrú er svarið – þar býr framtíðin.

Gott Fólk

www.asbru.is

MENNTUN | NÝSKÖPUN | HEILSA | ORKA | LÍFSGÆÐI | LOGISTICS




# hefur

# t eigið svæði

ÁSBRÚ

## „ORÐRÉTT"

### *Orð í tíma töluð*

**„Hættum nú þessum kjánaskap, góðir þingmenn."**

MÖRÐUR ÁRNASON, VARAÞINGMAÐUR SAMFYLKINGAR, Á ÞINGI UM ÞÁ HUGMYND SJÁLFSTÆÐISMANNA AÐ HORFA Á KOSNINGASJÓNVARP RÚV.

**Fréttablaðið 7. apríl.**

### *Auðþekkjanlegur*

**„Tvítugur naggur með kaskeiti."**

ÞÓRARINN LEIFSSON, RITHÖFUNDUR OG MYNDLISTARMAÐUR, UM ÞJÓF SEM SEILDIST INN UM ELDHÚSGLUGGA Á ÍBÚÐ HANS OG STAL TÖLVU.

**Fréttablaðið 7. apríl.**

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** JÓN ÞÓR ÞORLEIFSSON, FRAMLEIÐANDI OG SKIPULEGGJANDI

## *Tónlistarhátíð og fótboltamót*



„Það má eiginlega segja að vinnan taki upp allan minn tíma þessa dagana," segir Jón Þór Þorleifsson, framleiðandi hjá kvikmyndagerðarfyrirtækinu Filmus og skipuleggjandi. „Bæði er ég að skipuleggja tónlistarhátíðina Aldrei fór ég suður, sem verður haldin í sjötta sinn á Ísafirði um næstu helgi, og svo er ég líka á milljón í skipulagningu á alþjóðlegu fótboltamóti Strákafélagsins Styrmis sem haldið verður um páskana, þar sem samkynhneigðir keppendur víða að úr heiminum keppa sín í milli. Ég hlakka rosalega til að fara vestur, enda hef ég margt þangað að sækja. Fósturpabbi minn er að vestan og sömuleiðis tengdafjölskylda mín, þannig að það eru margar fermingar og fjölskylduboð sem bíða mín þar," segir Jón Þór.

„Annars er ég bara í stuðinu í Filmus, enda alltaf nóg að gera þar. Ekkert kreppurugl á mér, enda vil ég helst ekki nota orðið kreppa þannig að þú verður eiginlega að sleppa því að skrifa þetta. Svo er ég á leiðinni til Berlínar í lok mánaðarins til að tsjilla og drekka bjór yfir eina helgi. Ég hef aldrei komið til Berlínar áður, en hef heyrt á fólki að borgin sé skemmtileg og hlakka mikið til. Áður en ég fer út stefni ég að því að sjá leiksýninguna Ég heiti Rachel Corrie með Þóru Karitas Árnadóttir aftur. Þetta er sýning sem snertir mann og ég mæli eindregið með henni," segir Jón Þór Þorleifsson.

## STJÓRNARSKRÁ AÐ NÁ 65 ÁRUM

■ Stjórnarskrá Íslands verður 65 ára 17. júní í sumar, en hún var samþykkt á Þingvöllum árið 1944. Stjórnarskráin er í sjö köflum, sem skiptast í áttatíu greinar. Hún mælir fyrir um stjórnskipan landsins og grundvallarréttindi borgaranna. Stjórnarskráin er að stofninum til sú sama og Kristján IX. konungur gaf Íslendingum 1874. Stjórnarskránni hefur verið breytt sjö sinnum, yfirleitt vegna breytinga á kjördæmaskipan og skilyrðum kosningaréttar. Endurskoðun mannréttindakaflans árið 1995 var umfangsmestu breytingarnar hingað til.

## SJÓNARHÓLL

**SUMARVANDRÆÐI STÚDENTA**

## *Stúdentar fái lán allt árið*



ALMA JOENSEN

„Almennt finnst mér fáránlegt að stúdentar fái bara námslán níu mánuði á ári, þegar stúdentar eru í raun og veru stúdentar allan ársins hring," segir Alma Joensen, sem situr í framkvæmdastjórn evrópsku stúdentasamtakanna, ESU. Stúdentar við Háskóla Íslands hafa krafist þess undanfarið að teknar verði upp sumarannir við skólann vegna þess hversu örðugt það ætlar að reynast þeim að fá sumarvinnu vegna efnahagsástandsins.

„Það er hálffáránlegt að ætlast til þess að allir stúdentar geti stokkið í hlutverk launþega í þrjá mánuði á ári," segir Alma. „Það hefur gengið hérlendis undanfarin ár, þegar nóg var af atvinnu, en eins og staðan er núna hljómar þetta dæmi undarlega. Það eina í stöðunni fyrir stúdenta núna er að krefjast þess að þeir hafi möguleika á sumarnámi og þannig námslánum, en það er engin framtíðarlausn að krefja stúdenta um að klára þrjár fullar annir á ári. Það þarf að endurskoða námslánakerfið og lengja námsárið hjá LÍN þannig að stúdentar hafi möguleika á að vera stúdentar allan ársins hring, sem þeir jú eru."




**HAFA NÓG AÐ GERA** Auður Þórisdóttir og Kristín Hjálmarsdóttir brugðu sér út undir bert loft í gær. Auður segir meira en nóg að gera og margir leggi leið sína á saumastofuna til að láta gera við flíkur af ýmsu tagi. FRÉTTABLAÐIÐ VALLI

# Meiri fjölbreytni í dimmisjón-búningum

**Nóg er að gera í saumastofunni Saumsprettunni við Aðalstræti þessa dagana. Auður Þórisdóttir kjólameistari segist verða vör við að margir kjósi heldur að láta gera við föt en að festa kaup á nýjum.**

„Það er greinilegt að margir kjósa heldur að láta lagfæra fatnað en að kaupa einfaldlega ný föt. Það hefur til dæmis greinilega aukist að viðskiptavinir haldi í gamlar gallabuxur og láti bæta í göt eða laga rennilása. Sömu sögu er að segja af úlpunum," segir Auður Þórisdóttir, kjólameistari hjá saumastofunni Saumsprettunni í Aðalstræti 7, gula húsinu í hjarta miðborgarinnar við Ingólfstorg.

Það eru gömul sannindi og ný að ýmsar atvinnugreinar blómstri á krepputímum, og svo virðist vera um saumaskapinn. Að minnsta kosti hjá þessari ákveðnu saumastofu.

Saumsprettan hefur verið starfandi í tvo áratugi og var starfsemin lengi til húsa í Veltusundi, steinsnar frá núverandi bækistöðvum í Ingólfsstrætinu.

Auður festi kaup á stofunni fyrir tveimur árum. Hún segist hafa byrjað að taka eftir auknum viðskiptum strax í kjölfar hrunsins í október. „Það kom smá ládeyða í viðskiptin í janúar, enda voru þá útsölur í fullum gangi og fólk nýtti sér þær til hins ítrasta. En núna er mjög mikið að gera, og það er biðlisti einhverjar vikur fram í tímann. Við höfum líka tekið eftir því að fólk leitar ráðlegginga hjá okkur, til að mynda hvort það borgi sig að gera við viðkomandi flík eða ekki. Í öllu falli er ljóst að fólk er varkárara í þessum efnum en áður var."

Að sögn Auðar skrifast lífleg viðskipti að undanförnu ekki eingöngu á kreppuna og varkárni fólks í fjármálum. Núna sé einnig mikið að gera við að sauma dimmisjón-búninga á menntaskólanema. „Í fyrra virtust Kærleiksbirnirnir (Care Bears) vera vinsælastir og við saumuðum slíka búninga fyrir þrjá hópa. Nú í ár ræður örlítið meiri fjölbreytni ríkjum. Meðal búninga sem við erum að vinna að núna eru Kökuskrímsli (Cookie Monster úr barnaþáttunum Sesame Street), Teiknimyndahetjurnar í Power Rangers og Múmínálfarnir. Þessir krakkar hafa greinilega frjóa hugsun," segir Auður Þórisdóttir og hlær.

**kjartan@frettabladid.is**


## BETRA START MEÐ EXIDE-RAFGEYMUM

Eigum fyrirliggjandi mikið úrval rafgeyma frá Exide, ýmsar stærðir og gerðir fyrir bíla, báta og önnur tæki. Gæðaframleiðsla sem reynst hefur afar vel við íslenskar aðstæður.

15% afsláttur



olís

EXIDE

Upplýsingar í síma 515 1100
Sendið pantanir á pontun@olis.is



THULE SWEDEN

## Skíðabogar



Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is


Ofurhlauparinn Ágúst Kvaran náði frábærum árangri í hlaupinu í Sahara:

# Í 19. sæti í aldursflokknum

**MAROKKÓ** Ágúst Kvaran, ofurhlauparinn sem þreytti sandmaraþonið í Sahara-eyðimörkinni, lenti í 140. sæti af rúmlega 800 keppendum. Um 850 hlauparar byrjuðu hlaupið en tæplega fjörutíu hættu keppni. Ágúst lenti í nítjánda sæti af 103 í sínum aldursflokki og er afskaplega ánægður með árangurinn.

Ólöf Þorsteinsdóttir, tengiliður Ágústs á Íslandi, segir að á lokadegi hlaupsins hafi hitinn farið upp undir fjörutíu gráður, enginn vindur hafi verið og hlaupaleiðin legið um sandöldur og fjöll. Ágúst sé vel á sig kominn andlega og líkamlega eftir hlaupið en þó með eitthvað af blöðrum á tám.

Um helgina var öllum hlaupurum og aðstandendum boðið í kvöldmat og tónleika á vegum hlaupsins.



**ÁNÆGÐUR MEÐ ÁRANGURINN** Ágúst Kvaran varð í 19. sæti af 103 í sínum aldursflokki í eyðimerkurhlaupinu í Sahara. Hann er mjög ánægður með árangurinn.

Venjulega er hlaupinu lokið í einhverjum smábæ en í þetta sinn var veislan sett upp við tjaldbúðir úti í eyðimörkinni. Ólöf segir að Ágúst lýsi tjöldunum sem tuskum sem hafi verið hengdar á spýtur.

Hún segir að miðar sem hann hafi fengið með sér í poka að heiman hafi hitt í mark. „Við gátum ekki farið með honum svo að ég fékk vini, kunningja og fjölskyldu til að skrifa orðsendingar á miða. Svo safnaði ég miðunum saman og setti í poka og þetta tók hann með sér og las á kvöldin. Þetta voru ýmist málshættir, ljóð, hvatningarorð eða eitthvað annað fallegt," segir hún.

Hinn Íslendingurinn, Justin Bjarnason, hafnaði í 192. sæti í hlaupinu.

**- ghs**

# PÁSKAVERÐ!



FERÐATÖSKUSETT

**9.990,-**

**Ferðatöskusett**
Frábært ferðatöskusett á góðu verði. 4 töskur saman í setti. Nokkrir mismunandi litir fáanlegir.



TÖLVUBORÐ

**14.900,-**

**ROONEY tölvuborð**
Sniðugt tölvuborð úr áli með mdf plötu sem hægt er að færa til. Tilvalið þar sem plássið er lítið.
Litir: Hlynur eða grár.
Stærð: B74 x H89 x L117 sm.



SVEFNSÓFI

**44.900,-**

**HEMINGWAY svefnsófi**
Fallegur svefnsófi með slitsterku PU áklæði og rúmfatageymslu. St. B186 x D95 x H92 sm.
Í svefnstöðu: B125 x L186 sm. Frábær svefnsófi á góðu verði!



SKARTGRIPASKRÍN

**4.990,-**

**JEWEL skartgripaskrín**
Glæsilegt skartgripaskrín, fáanlegt í svörtum eða dökkbrúnum lit. Frábært verð!



SVEFNPOKI

**4.990,-**

**MACKENZIE svefnpoki**
Virkilega vandaður svefnpoki með hettu.
Stærð: 205 x 80/55 sm. Þyngd: 1920 gr.
Má þvo í vél við 30°C.
Lágmarkshiti: -12 °C.
Góður hlífðarpoki með sterkum böndum fylgir með.



SÆNGURVERASETT

**2.490,-**

**ANNIKA sængurverasett**
Einlitt sængurverasett með fallegu mynstri.
Efni: 100% bómullarsatín.
Litir: Appelsínugult, hvítt og svart. Stærð: 140x200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.



PLASTSKÓR

**990,-**

**ORLANDO plastskór**
Flottir plastskór. Stærðir 30-35, fást í svörtu og bleiku. Stærðir 36-41, fást í svörtu, bleiku og rauðu. Komdu og gerðu góð kaup!



SKRIFBORÐSSTÓLL

**9.990,-**

**MAGNUS skrifborðsstóll**
Skrifborðsstóll á krómfæti með stillanlegu baki og setu. Bakið er klætt netáklæði sem veitir aukin þægindi.




KODDI
50x70 SM.
ÁÐUR: 6.990,-
NÚ: 4.990,-

SPARIÐ 7.000,-

ÁÐUR: 16.990,-

**9.990,-**

**FLORA DANICA andadúnssæng**
Glæsileg dúnsæng fyllt með 90% hvítum andadúni og 10% hvítum andafjöðrum. Þyngd: 650 gr. Sængin er með áklæði úr 100% bómullarcambric og hvítum snúrukanti úr satíni.
Sængina má þvo á 60°C. Stærð: 135 x 200 sm.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

**FBL-GREINING: ÖFLUGUSTU JARÐSKJÁLFTARNIR**

# *Stærsti jarðskjálftinn ekki sá hættulegasti*

Jarðskjálftinn sem reið yfir Ítalíu á mánudag mældist 6,3 á Richter-kvarða og varð rúmlega 200 að bana. Þá varð mikið eignatjón. Skjálftinn kemst þó hvergi nálægt öflugustu eða skaðlegustu skjálftum heims.

### ■ Hvar og hvenær varð öflugasti jarðskjálftinn?



Bandaríska jarðvísindastofnunin segir stærsta skjálftann sem mælst hefur hafa riðið yfir Chile 22. mars 1960. Hann mældist 9,5 á Richter-kvarða. Það er um þúsund sinnum öflugri skjálfti en reið yfir Ítalíu á mánudag. Skjálftinn varð raunar um 160 kílómetrum utan við strönd Chile, en olli engu að síður gríðarlegu mann- og eignatjóni. Skjálftinn kostaði yfir 2.000 manns lífið, yfir 3.000 slösuðust og um tvær milljónir manna misstu heimili sín. Skjálftinn olli einnig tjóni víðar, til dæmis á Hawaii, í Japan og í Bandaríkjunum á meginlandinu.

### ■ Hvert er mesta manntjón sem orðið hefur í jarðskjálfta?

Jarðskjálftinn sem varð undan ströndum eyjunnar Súmötru á annan í jólum 2004 er eflaust flestum í fersku minni enn. Hann er fjórði harðasti skjálfti sem mælst hefur, en hann var 9,0 á Richter-kvarða. Fréttum af manntjóni af völdum skjálftans, og hrikalegrar flóðbylgju sem reið yfir nærliggjandi strandhéruð, ber ekki saman. Vísindavefur Háskóla Íslands telur fjölda látinna um 297 þúsund, og leggur þar saman fjölda látinna, 169.751, og fjölda þeirra sem taldir eru af, 127.294.

Raunar eru ekki allir sammála um að Súmötru-skjálftinn eigi að fá þann vafasama heiður að hafa valdið mestu manntjóni. Jarðskjálfti sem mældist 7,5 á Richter-kvarða, sem reið yfir Tangshan-hérað í Kína 27. júlí 1976, er talinn hafa kostað allt að 650 þúsund manns lífið. Samkvæmt opinberum tölum létust 255 þúsund.

### ■ Fer stærð skjálfta og tjón af þeirra völdum alltaf saman?

Alls ekki. Þó að skjálftinn við Súmötru hafi verið afar öflugur og valdið miklu manntjóni fer það ekki endilega saman. Öflugur skjálfti langt frá mannabyggðum veldur minna tjóni en minni skjálfti í nágrenni við þéttbýl svæði. Þá skiptir einnig miklu hvaða tími dags er þegar skjálftinn ríður yfir, hvort fólk er í fastasvefni eða hvort margir eru úti á götu.

Heimild: Vísindavefur Háskóla Íslands og Bandaríska jarðvísindastofnunin.




## FRÉTTASKÝRING: Þyrlubjörgunarsveit Landhelgisgæslunnar

# Öryggi aftur um áratugi

**Björgunargeta Landhelgisgæslunnar (LHG) verður stórlega skert þegar uppsagnir þriggja flugmanna taka gildi í sumar og haust. Nú vantar eina þyrlu í flugrekstur Gæslunnar og ekki hægt að vinna samkvæmt því framtíðarskipulagi sem var mótað eftir brotthvarf bandaríska varnarliðsins árið 2006. Björgunarmál þjóðarinnar hafa færst aftur um áratugi við niðurskurðinn.**



**ÆFING HJÁ ÁHÖFN TF-LÍF** Um borð í þyrlum LHG þarf fimm manna áhöfn í útkalli; tvo flugmenn, sigmann, spilmann og lækni. Þremur flugmönnum hefur verið sagt upp sem takmarkar björgunargetu þyrlusveitarinnar mikið. Þjálfunarkostnaður og laun þessara þriggja flugmanna er áætlaður um 120 milljónir króna á ári.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Frá og með 1. október 2006 nutu Íslendingar ekki lengur þess öryggis sem þyrlusveit varnarliðsins hafði veitt um áratuga skeið. Þyrlubjörgunarsveit bandaríska flughersins kom til landsins árið 1971, sem olli byltingu í öryggismálum hér á landi. Þótt meginverkefni sveitarinnar hafi verið að tryggja öryggi flugmanna á orrustuvélum Bandaríkjahers voru þyrlurnar ávallt til taks til leitar og björgunar. Til viðbótar tveimur íslenskum þyrlum voru þyrlur varnarliðsins fimm þegar mest var. Alls voru því sjö þyrlur í landinu með minnst þremur áhöfnum í startholunum, gerðist þeirra þörf.

**Endurskipulagning þyrlusveitar**

Strax og ljóst var að varnarliðið var á faraldsfæti hófst undirbúningur að endurskipulagningu flugrekstrar LHG. Á fundi ríkisstjórnarinnar í mars 2006 kynnti Björn Bjarnason, þáverandi dómsmálaráðherra, tillögur um hvernig staðið yrði að því að efla þyrlusveitina. Í apríl samþykkti ríkisstjórnin tillögur nefndar um að leigðar skyldu tvær þyrlur til landsins, og yrðu þær því fjórar að staðaldri. Starfsmönnum skyldi fjölgað til að unnt væri að halda úti tveimur þyrluvöktum allan sólarhringinn allan ársins hring. Gekk þetta eftir á næstu mánuðum. Meginmarkmiðið var að hér yrði byggð upp og rekin þyrlubjörgunarsveit sem gæti sinnt björgunarstarfi á landi og hafi umhverfis Ísland með öflugum hætti og í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.

Í þessu fólst að unnt var að tryggja leit og björgun á þyrlu innan 200 sjómílna efnahagslögsögu landsins, og raunar gott betur. Jafnframt að öryggi áhafna þyrlnanna væri tryggt með því að alltaf væri þyrla til staðar í viðbragðsstöðu þegar ein færi í lengri ferðir frá ströndum landsins. Miðað var við að björgunargeta væri að minnsta kosti sú sama og fyrir brotthvarf varnarliðsins. Hægt væri að sinna björgun við erfið veðurskilyrði og hægt að bjarga allt að tíu manns við ystu mörk flugsvæðisins. Þetta metnaðarfulla markmið endurspeglast í Landhelgisgæsluáætlun fyrir árin 2008 til 2010.

**Hrun**

Með efnahagshruninu, og þeim niðurskurði í ríkisrekstri sem því fylgir, er ljóst að metnaðarfull markmið um uppbyggingu þyrlubjörgunarsveitar LHG eru úr sögunni, alla vega til fyrirsjáanlegrar framtíðar. Blikur voru á lofti snemma árs 2008. Gengisþróun margfaldaði rekstrarkostnað LHG og grípa þurfti til aðhaldsaðgerða. Athygli vakti að tvö varðskip lágu dögum saman í höfn í Reykjavík og í apríl var leiguþyrlu skilað í sparnaðarskyni. Georg Lárusson, forstjóri LHG, sagði í samtali við Fréttablaðið í lok árs 2008, vonast til að ekki kæmi til uppsagna en í janúar var ljóst að fækkun starfsmanna yrði ekki umflúin vegna samdráttar í rekstri stofnunarinnar. Stöðugildum var fækkað úr 168 í 137, eða um 20 prósent. Þar af var þremur yngstu flugmönnum þyrlusveitarinnar sagt upp. Í bréfi til starfsmanna sagði Georg að „ekki þarf að fjölyrða um að þetta er mikil blóðtaka fyrir alla starfsemina“.

Eftir að uppsagnirnar taka gildi verður ein þyrluáhöfn á vakt í tuttugu daga í hverjum mánuði. Þýðing þessa er einfaldlega sú að ef skip lendir í sjávarháska utan tuttugu sjómílna mun ekki verða hægt að koma áhöfninni til aðstoðar með íslenskum þyrlum nema í 120 daga á ári, eins og kemur skýrt fram í ályktun sem flugáhafnir LHG sendu frá sér um öryggismál sín.

Sigurður Heiðar Wiium, yfirflugstjóri hjá LHG, segir að ekkert megi út af bregða í þeirri stöðu sem upp er komin. Þá daga sem hægt er að senda tvær þyrlur er ekki tekið tillit til þess möguleika að tvær þyrlur verði frá vegna bilana eða annarra orsaka. Sú staða hefur komið upp í níu daga á þessu ári en þá voru TF-GNÁ og TF-LÍF, stóru Super Puma björgunarþyrlur LHG, óflughæfar á sama tíma. Minnsta þyrlan, TF-EIR, sem LHG segir bilunargjarna, var þá ein til taks.

Georg Lárusson segir þessa stöðu mjög bagalega. „Sá mikli niðurskurður sem við verðum fyrir hefur þau áhrif að björgunargetan verður alveg klárlega ekki eins og við vildum hafa hana, en við teljum okkur þó hafa mætt þessu eins vel og kostur er.“ Hann minnir á samstarf við danska sjóherinn sem hefur skip á hafsvæðinu frá Færeyjum til Grænlands, en mikilvægi þess samstarfs hefur kannski aldrei verið meira.

**Framhaldið**

Það er pólitísk ákvörðun hvort LHG verður gert kleift að halda úti björgunargetu eins og eðlileg var talin við brotthvarf varnarliðsins. Ný fullkomin flugvél LHG kemur til landsins í júlí; nýtt varðskip verður sjósett í lok þessa mánaðar og afhent í ársbyrjun 2010. Fyrir dyrum er útboð með Norðmönnum um kaup á þremur stórum björgunarþyrlum. Kostnaður þessara verkefna hleypur á bilinu þrettán til sextán milljarðar, lauslega áætlað. Viðmælendur Fréttablaðsins, innan og utan LHG sem og stjórnkerfisins, spyrja sig hvernig rekstur þessa nýja tækjakosts samræmist fyrirsjáanlegum niðurskurði í ríkisrekstri. Engin svör fást önnur en þau að halda áfram samkvæmt áætlun. Forsvarsmenn sjómanna spyrja hvort það sé viðunandi að skjólstæðingar þeirra geti ekki gengið að því sem vísu, að þeim verði komið til hjálpar ef neyðarástand skapast um borð í skipum þeirra.


FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

## ÞYRLUR LANDHELGISGÆSLUNNAR



**TF-LÍF kom til landsins 1995**
**Gerð:** Tveggja hreyfla þyrla af tegundinni Aerospatiale Super Puma AS-332L1.
**Áhöfn:** 2 flugmenn, 1 sigmaður, 1 spilmaður og 1 læknir, alls 5.
**Farþegar:** 20.
**Hámarks flugdrægi:** 625 sjómílur (1.125 kílómetrar).
**Hámarks flugþol:** 5:00 klukkustundir.
TF-LIF getur tekið 6-9 sjúkrabörur.
**Sérútbúnaður:** Afísingarbúnaður (sem gerir kleift að fljúga í ísingu).
Fjögurra ása sjálfstýring (sem léttir flugmönnum flugið við erfiðar aðstæður).
TF-GNÁ er sömu tegundar, en ekki eins vel búin.



**TF-EIR kom til landsins 2007**
**Gerð:** Tveggja hreyfla þyrla af tegundinni Aerospatiale Dauphin AS-365 N2.
**Áhöfn:** 2 flugmenn, 1 sigmaður, 1 spilmaður og 1 læknir, alls 5.
**Farþegar:** 8.
**Hámarks flugdrægi:** 400 sjómílur (720 kílómetrar).
**Hámarks flugþol:** 3:15 klukkustundir.
TF-EIR getur tekið eina sjúkrabörur.
**Sérútbúnaður:** Fjögurra ása sjálfstýring.


Gott í MATINN
– FYRIR ALLA SEM ELDA –
PIZZA OSTUR
GRATÍN OSTUR
PASTA OSTUR
MEXÍKÓ OSTUR
RJÓMA OSTUR
GRÍSK JÓGÚRT
HREIN JÓGÚRT
MATREIÐSLU RJÓMI
SÝRÐUR LÉTTUR 5%
SÝRÐUR RJÓMI 10%
UNDIRSTAÐAN
Í MATARGERÐ ÞJÓÐARINNAR
TÍMARITIÐ
GOTT Í MATINN
Ekki láta tímaritið *Gott í matinn*, sem dreift er á öll heimili, fram hjá þér fara.
Tímaritið er sneisafullt af girnilegum og gómsætum réttum sem allir geta eldað.
NÝR VEFUR
Finndu uppskriftir að gómsætum réttum með
*Gott í matinn* vörunum á www.ms.is/gottimatinn.
HVERNIG ELDAR ÞÚ ?
www.ms.is/gottimatinn
TAKTU PERSÓNULEIKAPRÓFIÐ
www.ms.is/gottimatinn

# Verð sprengja

LAMBAHRYGGUR, FROSINN

**1.199 kr/kg**

~~1.598~~ kr/kg

GOÐI



LAMBALÆRI, FROSIÐ

**989 kr/kg**

~~1.498~~ kr/kg

GOÐI






40% afsláttur

ÓDÝRT

FJALLALAMB LAMBASKROKKUR 1/2

**779 kr/kg**

~~1.298~~ kr/kg

HUMAR 1kg

**959 kr/kg**

~~1.599~~ kr/kg




40% afsláttur

KJÖRÍS SÖNGVASEIÐUR 1l

**389 kr/stk.**

~~458~~ kr/stk.




CP SÚKKULAÐIBITAKEX 200g

**89 kr/pk.**




TILBOÐIN GILDA TIL 8. - 13. APRÍL EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

www.netto.is

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

www.markhonnun.is

39% afsláttur



GOÐI

KRYDDAÐ ROAST BEEF
**1.695** kr/kg
~~2.778~~ kr/kg

40% afsláttur



KJÚKLINGABRINGUR SKINNLAUSAR
**1.678** kr/kg
~~2.796~~ kr/kg

CP PASTASÓSA
**99** kr/stk.







CP SKYNDIHRÍSGRJÓN
**129** kr/pk.

NÝTT



CP PASTASKRÚFUR 500g
**99** kr/pk.

BÖKUNARKARTÖFLUR
**63** kr/kg
~~125~~ kr/kg

CP SPAGETTÍ 500g
**99** kr/pk.





50% afsláttur

EPLA EÐA APPELSÍNUSAFI 1l
**99** kr/stk.

EGILS PÁSKAÖL 500ml
**89** kr/stk.

50% afsláttur









JARÐARBER
**199** kr/askjan
~~399~~ kr/askjan

Birt með fyrirvara um prentvillur.

netto
SPARNAÐUR

# Mestu hamfarir á Ítalíu í áratugi

**Alls höfðu í gær 207 lík fundist í rústum húsa sem hrundu í stóra jarðskjálftanum á Mið-Ítalíu í fyrrinótt. Fimmtán manns var enn saknað og um 100 af þeim yfir 1.000 sem slösuðust eru í gjörgæslu. Berlusconi forsætisráðherra sagði enn um sinn verða reynt að finna fólk á lífi en líkur fara mjög dvínandi á að það takist. Allharður eftirskjálfti skaut fólki skelk í bringu í gær. 50.000 manns hafa misst heimili sín.**

**ÍTALÍA, AP** Aðstandendur fólks sem saknað er eftir stóra jarðskjálftann sem reið yfir Mið-Ítalíu aðfaranótt mánudags biðu milli vonar og ótta í gær eftir fregnum af björgunarstarfinu í rústunum. Björgunarsveitarfólk kepptist við að bera brak, stein fyrir stein, úr hrundum húsunum í leit að hinum týndu. Síðdegis í gær höfðu alls 207 lík fundist og kennsl verið borin á þau. Um fimmtán manns var ennþá saknað.

Yfir 1.000 manns hlutu mismikil meiðsl í hamförunum. Tugþúsundir íbúa fjallahéraðsins Abruzzo gistu neyðarskýli í skólum og hótelum og í tjaldbúðum sem reistar voru í skyndi fyrir þá. Eftirskjálfti upp á 4,9 á Richter skaut fólkinu skelk í bringu á tólfta tímanum í gær. Hann kvað hafa valdið hruni tveggja húsa í úthverfi D'Aquila, en engan sakaði svo vitað sé.

Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, skoðaði hamfarasvæðið úr þyrlu í gær. Hann sagði björgunarstarfinu verða haldið áfram í tvo sólarhringa enn. Eftir það yrði nánast öll von úti um að nokkur fyndist á lífi af þeim sem þá yrði enn saknað. Hann staðfesti að fimmtán manns væri ennþá saknað. Berlusconi tjáði fjölmiðlum að minnst 100 manns af þeim rúmlega eitt þúsund sem slösuðust í jarðskjálftanum hefðu hlotið alvarleg meiðsl. Óttast var að allt að fjórir námsmenn lægju enn í rústum heimavistar í héraðshöfuðstaðnum L'Aquila, sem Berlusconi hafði á orði að væri ítölsk borg hlaðin gersemum byggingarlistarinnar, frá rómanska, gotneska, barokk- og endurreisnartímanum.

Að sögn talsmanna yfirvalda er giskað á að á bilinu 10.000 til 15.000 hús hafi annaðhvort skemmst eða eyðilagst í hamförunum og þær hafi hrakið að minnsta kosti 50.000 manns á vergang.

Samkvæmt greiningu bandarísku Jarðvísindastofnunarinnar var stóri skjálftinn 6,3 að styrkleika á MMS-kvarða, en ítalska systurstofnunin sagði styrkleikann hafa mælst 5,8 á Richter. Meira tjón hefur ekki orðið í jarðskjálfta á Ítalíu síðan í nóvember 1980, þegar um 3.000 manns fórust í suðurhluta landsins í skjálfta upp á 6,9 á Richter.

audunn@frettabladid.is



**HAMFARIR** Ítalskir slökkviliðsmenn kanna tjónið í fjallaþorpinu Onna í Abruzzo-héraði. Onna jafnaðist nánast við jörðu; fjörutíu af 300 íbúum bæjarins fórust. Snævi þakin Appennínafjöllin í baksýn gefa til kynna að enn er svalt á þessum slóðum þótt suðlægar séu og komið fram í apríl. NORDICPHOTOS/AFP



**HARMUR** Lilly Centofani grætur er lík er grafið upp úr rústum háskólaheimavistar í bænum L'Aquila, þar sem manntjónið af völdum skjálftans varð mest. Nítján ára gamall bróðir hennar, Davide, bjó á þriðju hæð heimavistarinnar og var enn saknað þegar myndin var tekin. Fjöldi aðstandenda fólks sem saknað er beið í gær enn milli vonar og ótta eftir fregnum af afdrifum ástvina sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**Í NEYÐARSKÝLI** Íbúar L'Aquila, héraðshöfuðstaðar Abruzzo, sem misstu heimili sín í skjálftanum eða hafa þurft að flýja þau sjást hér hvílast í neyðarskýli í íþróttahúsi grunnskóla í bænum. NORDICPHOTOS/AFP



**ERFITT BJÖRGUNARSTARF** Björgunarsveitarfólk ber lík af vettvangi sem grafið var úr rústum heimavistar í L'Aquila. NORDICPHOTOS/AFP



100 + 730

1. vinningur

ÍSLENSKI BÓNUS VINNINGURINN 17 MILLJÓNIR

# 830 MILLJÓNIR

## Eru milljónir í páskaegginu þínu?

Potturinn í Víkingalottóinu stefnir í 100 milljónir, Ofurpotturinn stefnir í 730 milljónir og íslenski bónuspotturinn stefnir í 17 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða á næsta sölustað eða á lotto.is**

Fáðu þér miða fyrir kl. 16 í dag eða taktu séns á að missa af þessu!

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

ENNEMM / SIA / NM37539

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
24 Hagkaup

# Hafðu það um

## Ferskur kalkúnn
tilvalinn um páskana



KALKÚNN FERSKUR
1.099 kr/kg.

## Smjörsprautað kalkúnaskip
tilbúið beint í ofninn!



SPENNANDI
KALKÚNASKIP SMJÖRSPRAUTAÐ
2.503 kr/kg.
Merkt verð 2.945.-

## ferskt með flugi

Jarðarber · Bláber · Trönuber · Hindber · Brómber · Rifsber · Blæjuber





**Foshan gasgrill**
- 11,15kWh, 3 brennara
- Eldunargrindur úr pottjárni
- Hliðarhella
- Skápur með hurðum
- Innbygður hitamælir
- Elektrónískt kveikjukerfi
- Tvö læsanleg dekk

FOSHAN GASGRILL
39.999 kr.




COKE & COKE LIGHT
99 kr/stk.




RÓTARBJÓR A&W
189 kr/stk.

Kringlunni • Skeifunni • Garðabæ • Smáralind • Spöng • Akureyri • Holtagörðum • Eiðistorgi




## Hamborgarhryggur Hagkaups
að hætti landsliðs matreiðslumeistara




## Páskalæri Hagkaups
að hætti landsliðs matreiðslumeistara

Sérvalið lambalæri marinerað í ólífuolíu, sítrónu, fersku rósmaríni og hvítlauk.




## Spennandi forréttir

**Paté**
2 tegundir
af spennandi
villibráðar paté





**Cumberlandsósa**
frábær með patéum
og allri villibráð













**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Skerðing björgunargetu þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar:

# Öryggi sjómanna stofnað í tvísýnu

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKEIFAR

Fréttablaðið hefur undanfarna daga fjallað um málefni þyrlubjörgunarsveitar Landhelgisgæslunnar og öryggi sjómanna við strendur Íslands. Myndin sem dregin er upp er dökk enda er það mat manna að öryggi sjómanna við strendur landsins sé í þann veginn að færast aftur um áratugi. Öryggi sjómanna verður þá minna en það var árið 1971 þegar þyrlubjörgunarsveit bandaríska flughersins kom hingað til lands. Ástæðan er uppsagnir þyrluflugmanna hjá Landhelgisgæslunni.

Að auki hefur sú staða komið upp tvisvar á þessu ári, í samtals níu daga, að báðar stóru Super Puma björgunarþyrlur Landhelgisgæslunnar hafa verið ófloughæfar á sama tíma. Þegar svo háttar til er aðeins minnsta þyrla Gæslunnar til taks að sinna útköllum. Sú þyrla hefur bæði minni burðargetu og minni fluggetu en stærri þyrlurnar, tekur átta farþega og einungis einar sjúkrabörur meðan hinar stærri taka allt að tuttugu farþegum og sex til níu sjúkrabörur. Þetta er auðvitað óforsvaranlegt þegar frystiskip með allt að þrjátíu manna áhöfn eru að veiðum fjarri landi í öllum veðrum og þrettán til fimmtán menn eru í áhöfn minni togskipa.

Eftir að uppsagnir þyrluflugmannanna taka gildi í sumar og haust verður einungis ein þyrluáhöfn á vakt tuttugu daga í hverjum mánuði; í um 240 daga á ári. Þetta þýðir að ef skip lendir í sjávarháska utan tuttugu sjómílna frá landi verður ekki hægt að koma sjómönnunum til aðstoðar nema þriðjung ársins. Í 240 daga á ári verða íslenskir sjómenn því að treysta því að staðsetning herskips Dana við Færeyjar og Grænland sé hagstæð með tilliti til hugsanlegra sjóslysa við landið.

Það er vissulega nöturleg staðreynd að íslenskir sjómenn skuli vinna störf sín við þau skilyrði að engan veginn sé öruggt að hægt verði að koma þeim til hjálpar lendi þeir í sjávarháska. Víst er að ekki er hægt að velja sjóslysum tíma á þeim þriðjungi ársins sem tvær þyrlusveitir eru á vakt hjá Gæslunni en ekki ein, og er þá ekki tekið tillit til þess að vélarkosturinn kann að bregðast líka.

Á meðan öryggismál sjómanna við Íslandsstrendur eru í óefni standa óhaggaðar áætlanir þess efnis að auka við tækjakost Landhelgisgæslunnar. Ný flugvél Gæslunnar kemur til landsins í sumar, nýtt varðskip verður afhent í upphafi næsta árs og fyrir dyrum stendur útboð í samvinnu við Norðmenn um kaup á þremur stórum björgunarþyrlum. Samkvæmt fréttaskýringu Fréttablaðsins í dag er kostnaður vegna þessara verkefna lauslega áætlað þrettán til sextán milljarðar króna. Hitt virðist þó liggja fyrir að miðað við þann niðurskurð sem fram undan er hlýtur að vera alls kostar óljóst hvernig manna á og reka þessi tæki.

Öllum er ljóst að fyrir dyrum stendur niðurskurður í ríkisrekstri og að sá niðurskurður er og verður sársaukafullur. Hins vegar er ábyrgðarhlutur ef stjórnvöld ætla að skilja við öryggismál sjómanna í þeim farvegi sem þau eru nú. Það er óviðunandi að ekki sé hægt að sinna björgun sjómanna af helstu fiskimiðum alla daga ársins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Villimennska borgar sig ekki

Vefþjóðviljinn fjallar um nýfallinn dóm þar sem Borgar Þór Einarsson lögfræðingur tapaði máli gegn ríkinu um hvort óheimilt væri að birta upplýsingar opinberlega um skattaálögur á hann. Vefþjóðviljinn segir: „Þessi málshöfðun er dæmi um eðlilega leið sem borgari fer til að reyna að ná sjónarmiðum fram. Það hefði hins vegar verið dæmi um villimennsku og skrílslæti ef maðurinn hefði mætt ásamt vinum sínum fyrir utan skattstofuna eða fjármálaráðuneytið og spillt þar öllum vinnufriði með hávaða, svo sem með því að berja saman eldhúsáhöldum, þar til látið hefði verið undan kröfum hans. Það er algert grundvallaratriði, að ekki sé látið undan villimennsku og skrílslátum.“



### Hinn göfugi villimaður

Borgar Þór Einarsson hefur lengi barist gegn því að upplýsingar um skattálögur almennings verði birtar opinberlega og oft verið í broddi fylkingar mótmælenda, sem hafa lagt undir sig Skattstofuna og komið í veg fyrir að fólk kæmist í álagningarskrár. Í kokkabókum Vefþjóðviljans flokkast Borgar Þór því kannski undir það sem kalla mætti „hinn göfuga villimann“ 21. aldar.

### Fuglaflensan til bjargar

Frambjóðendur í Norðvesturkjördæmi mættust í sjónvarpskappræðum á mánudagskvöld. Miklu púðri var eytt í sjávarútvegsmál og landbúnað. Sigurjón Þórðarson, frambjóðandi Frjálslynda flokksins, talaði fyrir þeirri stefnu flokks síns að hækka þorskveiðiheimildir um hundrað þúsund tonn. Spyrillinn benti á móti á að fiskverð væri ekki sérstaklega hagstætt um þessar mundir og útgerðarfyrirtæki ættu erfitt með að finna markaði fyrir afurðir sínar. Sigurjón svaraði á móti að það þyrfti ekki nema eins og einn fuglaflensufaraldur til að breyta því. Traustvekjandi yfirlýsing frá framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.



bergsteinn@frettabladid.is

# Ísland er ennþá ríkt



ÁRSÆLL VALFELLS OG HEIÐAR GUÐJÓNSSON

Í DAG | Efnahagsmál

Það er ömurlegt að lifa í óvissu. Fólk getur miklu betur tekist á við raunir ef það sér fyrir endann á þeim. Þannig skiptir öllu máli nú að búa til von um betri tíð, segjum 2011 eða svo, og reisa þá von á raunverulegum breytingum og styrkingu innviða. Hvað Ísland varðar er nauðsynlegt að taka til hendinni og framkvæma breytingar. Þá munu lífsskilyrðin batna hratt og örugglega.

Það hefur verið talað um að íslenska þjóðin sé sokkin á kaf í skuldafen sem hún muni ekki ná sér upp úr. Það er ekki satt. Skuldir ríkisins fyrir krónuhrunið og fjármálahrunið voru 29 prósent af þjóðarframleiðslu og verða samkvæmt áætlun AGS, Seðlabankans, Fjármálaráðuneytisins og annarra aðila sem hafa gefið út spár, um áttatíu prósent af þjóðarframleiðslu eftir að búið er að stokka upp fjármálakerfið og afgreiða útistandandi skuldir. Til þess að setja slíka tölu í samhengi má líta til sögunnar, en skuldir þjóðarinnar voru yfir 60 prósent í byrjun 10. áratugarins, en einnig má líta til Evrópu.

### Getum hæglega unnið okkur úr vandanum

Stundum hefur verið sagt að „gömlu ríkin“ í Evrópu standi hvað best eftir fjármálabóluna því þau tóku hvað minnstan þátt í henni. Ef við lítum til dæmis á Ítalíu þá skuldar ríkið um 85 prósent af þjóðarframleiðslu. En í þá tölu vantar að Ítalir eiga litla sem enga lífeyrissjóði. Árið 2020, sem nálgast óðfluga, verða fleiri einstaklingar á Ítalíu, og væntanlega Frakklandi líka, sem þiggja lífeyri en vinna. Hvernig á slíkt gegnumstreymiskerfi þá að virka? Skuldirnar munu hlaðast upp og ef við tökum áætlaðar lífeyrisskuldbindingar í dag og bætum við núverandi skuldir Ítala, þá skulda þeir í heildina um það bil 200-250 prósent af þjóðarframleiðslu. Ástandið er litlu skárra í Grikklandi eða Frakklandi.

*Við einhliða upptöku fengist verðstöðugleiki og hægt væri að afnema verðtryggingu að fullu. Einhliða upptöku væri hægt að framkvæma á nokkrum vikum og á sama tíma væri samið um uppgjör á útistandandi jöklabréfum.*

Íslenska ríkið mun eftir þessa miklu fjármálabólu hugsanlega skulda 80 prósent af þjóðarframleiðslu. Lífeyrissjóðina, sem voru 180 prósent af þjóðarframleiðslu fyrir hrunið og segjast sjálfir núna vera um 150 prósent af þjóðarframleiðslu, metum við á um 140 prósent af þjóðarframleiðslu. Samtalan á Íslandi er því um 60 prósent hrein eign á móti um 200 prósenta skuld hjá hinum eldri þjóðum Evrópu.

Þau ríki sem Ísland myndi helst vera hægt að bera saman við, útfrá jákvæðri skuldastöðu þegar lífeyriskerfið er tekið inn í, væru Svíþjóð og Noregur (þegar olíusjóðurinn er tekinn með því þar er ekkert lífeyriskerfið). Þá eru um 25 prósent Íslendinga 14 ára og yngri en einungis 10 prósent eldri en 65 ára. Ísland er því yngsta þjóð Evrópu og getur hæglega unnið sig út úr núverandi vanda. Fyrst þarf þó að koma kerfinu í rekstrarhæft ástand.

### Einhliða upptaka evru einfaldasta lausnin

Einfaldasta leiðin til þess er að kasta krónunni með einhliða upptöku evru. AGS mælir með einhliða upptöku við þjóðir sem eru í Evrópu og eiga í gjaldmiðlakreppu, eða eiga á hættu slíka kreppu, ekki aðeins þjóðir sem þegar eru í ESB. Þetta hafa stjórnarmenn AGS sagt á ráðstefnu á Íslandi í október og í samskiptum við stjórnvöld síðastliðinn nóvember, að einhliða upptaka sé besta lausnin fyrir Ísland. Við einhliða upptöku fengist verðstöðugleiki og hægt væri að afnema verðtryggingu að fullu. Einhliða upptöku væri hægt að framkvæma á nokkrum vikum og á sama tíma væri samið um uppgjör á útistandandi jöklabréfum. Næst þyrfti að laga skuldastöðu heimilanna, því tilgangslaust er að fara í niðurfellingu skulda þegar krónan er ennþá með 17 prósenta vöxtum, gjaldeyrishöftum og tilheyrandi þrengingum. Einnig þarf að aðstoða fyrirtæki sem hafa arðbærar rekstraráætlanir. Slíkar sértækar aðgerðir tækju 3 mánuði. Þá erum við komin aftur til ca ársins 2003 í lífsskilyrðum, sem er ekki svo slæmt í minningunni hjá okkur. Við erum þá komin á svipaðan stað og við værum ef þessi bankabóla hefði aldrei myndast.

*Ársæll er lektor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og Heiðar er hagfræðingur.*

# Tölum hreint út um hlutina

UMRÆÐAN

Baldvin Jónsson skrifar um stjórnmálaumræðu



BALDVIN JÓNSSON

Ég sat við tölvuna mína á föstudagskvöld og horfði á kosningasjónvarp RÚV. Þar sátu fyrir svörum talsmenn þeirra hreyfinga sem bjóða fram fyrir komandi kosningar. Eftir umræðuna í samfélaginu undanfarnar vikur, byltinguna, kröfuna um nýjar hugmyndir og víðtæka endurnýjun, varð ég fyrir ansi miklum vonbrigðum við að heyra enn einu sinni sömu gömlu síbyljuna dynja á hlustum mínum frá talsmönnunum og þá alveg sérstaklega Bjarna Benediktssyni sem sat þarna sem formaður Sjálfstæðisflokksins.

Það tók þó steininn úr þegar rætt var um atvinnuástandið á Íslandi og hvað ætti að gera til að skapa hér störf. Enn einu sinni upphófst umræðan um stóriðju sem ætti að bjarga hér öllu. Bjarni Benediktsson gekk jafnvel svo langt að staðhæfa að nýtt álver myndi skapa hér þúsundir starfa, já allt að 20.000 ný störf. Fyrir utan augljóst innihaldsleysi þeirrar staðhæfingar tel ég kominn tíma til að að segja fólki hér einfaldlega satt. Það er engin stóriðjuuppbygging væntanleg hér á landi á næstunni. Það er ekki í boði fjármagn til verksins og mikill samdráttur á álmörkuðum.

Borgarahreyfingin vill einbeita sér að því að taka á bráðavanda heimilanna. Með því að létta undir með heimilunum eykst hér neysla sem í keðjuverkun styrkir hér atvinnulífið. Sterkt atvinnulíf er grundvöllur þess að skapa hér ný störf eins og við vitum.

Við teljum afar áríðandi að taka á þeim félagslegu aðstæðum sem fylgja langvarandi atvinnuleysi. Við verðum að styðja það fólk og fjölskyldur sem verða án atvinnu til lengri tíma. Hugmyndir okkar snúa meðal annars að endurmenntun, að styðja fólk til náms og þátttöku í samfélagslegum verkefnum.

Borgarahreyfingin vill auka lýðræði og minnka kjaftæði. Tölum hreint út um hlutina. Sættum okkur ekki lengur við þetta pólitíska málæði, segjum bara satt.

*Höfundur er frambjóðandi Borgarahreyfingarinnar í Reykjavík suður.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

# BÓNUS 1989-2009 20 ÁRA



KJARNAFÆÐI 798

KJARNAFÆÐI HAMBORGARHRYGGUR
MERKT VERÐ 998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR 798 kr./kg.



398 Ali

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
398 kr./kg.



Ali 1398

ALI HAMBORGARHRYGGUR 1398 kr./Kg.
NÝREYKTUR ÍSLENSKUR



1359 KS

KS LAMBAHRYGGUR Í SNEIÐUM
1359 kr./kg.



498

KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR 498 kr./kg.



KS 1359

KS LAMBALÆRI Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

129

BÓNUS BRAUÐ 1 kg 129 kr.

298

ÞYKKVABÆJAR FORSOÐNAR KARTÖFLUR 1 KG 298 kr.

69

FRISSI FRÍSKI 1 LTR. 69 kr.
FRISSI FRÍSKI ÞRJÁ FERNUR 250 ML 69 kr.

498

498

BÓNUS WC 18 RÚLLUR 498 kr.
ELDHÚSRÚLLUR 6 STK 498 kr.

489

BÓNUS PYLSUR 10 STK
MERKT VERÐ 698 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR
489 kr./kg.

98

BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 stk 98 kr.

98

BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI
185 ml 10% & 18%
98 kr.

98

129

BÓNUS TÓMATSÓSA 450G 98 kr
SÆTT SINNEP 450G 129 kr.

1598

EMMESS TOPP-PINNAKASSI
20 stk 1598 kr.

1078

KS LAMBLÆRI (FRYSTIVARA)
1078 kr./kg.

**AFGREIÐSLUDAGAR Í BÓNUS YFIR PÁSKANA**

| | |
|---|---|
| MIÐVIKUDAGUR 8. APRÍL | 11.00 – 20.00 |
| FIMMTUDAGUR (SKÍRDAGUR) | 11.00 – 19.00 |
| **FÖSTUDAGURINN LANGI** | **LOKAÐ** |
| LAUGARDAGUR 11. APRÍL | 10.00 - 19.00 |
| **PÁSKADAGUR 12. APRÍL** | **LOKAÐ** |
| **ANNAR Í PÁSKUM 13. APRÍL** | **LOKAÐ** |

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA






# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...


Göngum hreint til verks! GUÐJÓN Ó VISTVÆN PRENTSMIÐJA Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 8. apríl 2009 – 14. tölublað – 5. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 Vísir



Samtök atvinnulífsins
Óþol gagnvart varkárni Seðlabankans 3



G20-fundurinn í London
Skref til umbóta og efnahagsbata 4



Haraldur Unason Diego
Mannauður á krepputímum 6

## Enn fellur krónan

Gengi krónunnar féll um tæp þrjú prósent í gær og endaði gengisvísitalan í 220 stigum. Gengið hefur ekki verið veikara síðan um miðjan janúar.

Afar lítil hreyfing var á millibankamarkaði í gær, eða upp á þrjár milljónir evra, jafnvirði hálfs milljarða króna, samkvæmt upplýsingum frá gjaldeyrisborði Kaupþings. Á sama tíma hefur Seðlabankinn haldið að sér höndum á millibankamarkaði, síðan síðasta fundi bankans með fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins lauk fyrir þremur vikum.

Nær enginn gjaldeyrir hefur skilað sér til landsins þrátt fyrir hert gjaldeyrislög frá í síðustu viku. Útflæði á gjaldeyri skýra þróunina að nær öllu leyti. Mestu munar um greiðslu á vöxtum og verðbótum til erlendra aðila. Heildarvaxtagreiðslur eru taldar nema á bilinu þrjátíu til fjörutíu milljörðum króna á árinu.

- jab / sjá síðu 3

## MP með mesta veltu

Fyrstu þrjá mánuði ársins var MP Banki með mesta markaðshlutdeild í viðskiptum með skuldabréf í Kauphöllinni, samkvæmt nýju yfirliti Nasdaq OMX Iceland. Markaðshlutdeild MP Banka var 24,4 prósent á tímabilinu. Í öðru sæti var Íslandsbanki með 21,29 prósenta hlutdeild og Straumur í því þriðja með 17,35 prósent.

- óká

### HELST Í ÚTLÖNDUM

**Nýtt tímabil |** Fyrsta fjórðungi ársins er lokið og skilaði fyrsta uppgjörið sér í hús vestan hafs í gær. Líkt og fyrri ár reið álrisinn Alcoa á vaðið eftir lokun markaða. Ekki var von á góðu enda álverð afar lágt. Gengi bréfa í fyrirtækinu féll um rúm fjögur prósent við upphaf viðskipta vestra í gær.

**Seðlabankar semja |** Seðlabankar Bandaríkjanna, Evrópu, Japans, Sviss og Englandsbanki hafa gert með sér gjaldeyrisskiptasamninga sem kveða á um að bandaríski seðlabankinn geti sótt sér allt að 287 milljarða dala, jafnvirði 36 þúsund milljarða króna, í pundum, jenum og evrum ef á þarf að halda.

**Uppsagnir hjá RBS |** Royal Bank of Scotland ætlar að segja upp níu þúsund starfsmönnum í hagræðingarskyni. Þetta kemur til viðbótar við áður boðaðar uppsagnir 2.700 starfsmanna. Hjá RBS starfa 45 þúsund manns víða um heim.



**Olíuverð lækkar |** Heimsmarkaðsverð á hráolíu fór undir fimmtíu dali á tunnu á fjármálamörkuðum í Bandaríkjunum í gær. Það skýrist af styrkingu Bandaríkjadals og mikilli birgðasöfnun vestan hafs af völdum samdráttar í einkaneyslu.

# Skilanefndir banka og kröfuhafar í uppnámi

**Hætta er á að verðmæti og þekking tapist fari frumvarp um slit fjármálafyrirtækja óbreytt í gegnum Alþingi. Hagur kröfuhafa í fyrirrúmi, segir formaður Viðskiptanefndar.**

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

„Með frumvarpi um slitameðferð fjármálafyrirtækja er verið að setja greiðslustöðvun þeirra í lögformlegt ferli byggt á gjaldþrotaskiptalögum. Við höfum fengið álit við það og umsagnir og skoðum málið þegar það kemur aftur til okkar eftir aðra umræðu á Alþingi," segir Álfheiður Ingadóttir, formaður Viðskiptanefndar Alþingis.



ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR



ÁRNI TÓMASSON

Hún bendir á að núverandi gjaldþrotaskiptalög þyki ekki henta fjármálafyrirtækjum. Með frumvarpinu sé verið að setja fastan ramma um þrot þeirra og greiðslustöðvun. Álfheiður bendir þó á að mikilvægt sé að slíta ekki greiðslustöðvun gömlu bankanna.

Fulltrúar erlendra kröfuhafa gömlu bankanna munu margir vera argir yfir frumvarpinu, ekki síst þeim hluta þess sem kveður á um að héraðsdómur skipi framvegis þriggja til fimm manna slitastjórn yfir fjármálafyrirtæki. Stjórnirnar eigi að starfa samhliða skilanefndum gömlu bankanna. Viðskiptanefnd hefur lagt til að verkefni skilanefnda færist yfir til slitastjórna á næstu sex mánuðum.

Margir kröfuhafar hafa gagnrýnt fyrirkomulagið en þeir telja núverandi skilanefndir ófærar um að semja um eignir gömlu bankanna þar sem frumvarpið takmarki umboð þeirra. Skilanefndir Kaupþings og Landsbankans hafa íhugað að segja upp af þessum sökum, samkvæmt heimildum Markaðarins.

„Kröfuhafarnir eru sömuleiðis hræddir um að þau verðmæti sem fólgin eru í þekkingu og samböndum skilanefndanna fari forgörðum ef slitastjórnir taki við," segir Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis. Hann segir skilanefnd Glitnis ekki hafa hótað uppsögn. Þó sé ljóst að hún muni stíga sjálfkrafa til hliðar taki slitastjórn við keflinu. „Það væri eðlilegast að hætta samstundis en manni rennur blóðið til skyldunnar," segir hann og bætir við að leitt yrði að sjá samninga sem skilanefndin hafi unnið sleitulaust að verða að engu, komi hnökrar á málið. Gerist það sé hætt við að kröfuhafar slíti samningum og taki eignirnar yfir. Þetta geti átt við eignir Glitnis í Noregi og Lúxemborg, að sögn Árna.

Kröfuhafar gömlu bankanna frá Bretlandi og Hollandi funduðu með skilanefndum Glitnis og Landsbanka í síðustu viku. Í kjölfarið óskuðu þeir eftir fundi með viðskiptanefnd. Þar var fátt um svör og sendu kröfuhafar Gylfa Magnússyni viðskiptaráðherra bréf vegna málsins í kjölfarið.

„Þetta var óheppilegt því nefndin var búin að skila málinu frá sér til Alþingis og er því ekki hægt með það. Sjónarmið kröfuhafa liggja þegar fyrir," segir Álfheiður og bætir við að málið verði skoðað þegar frumvarpið komi á ný inn á borð nefndarinnar.




## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Alfesca | 0,0% | -21,4% |
| Bakkavör | -7,4% | -49,8% |
| Eimskipafélagið | 0,0% | -20,0% |
| Föroya Bank | 4,5% | 4,5% |
| Icelandair | -28,6% | -62,4% |
| Marel | -8,9% | -47,3% |
| Össur | 0,4% | -9,6% |

**Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.*
*Úrvalsvísitalan OMXI15 219*
*Úrvalsvísitalan OMXI6 640*

## Logo með Bic

„Umboðið hefur verið í fjölskyldunni í þrjátíu ár,“ segir Ragnar Steinn, framkvæmdastjóri Logo ehf., sem nýverið tók yfir umboð fyrir Bic á Íslandi, samkvæmt samningi við Bic Nordic AB og Bic Graphic Europe.

Vörumerkið er þekkt og nær meðal annars til ritfanga, kveikjara, rafhlaða og einnota rakskafa, en á árinu kynnir fyrirtækið nýjar margnota rakvélar. - jab

# Beðið er sprotafregna

## Áhættusamar fjárfestingar í sprotafyrirtækjum eru algengari í Bandaríkjunum en Evrópu. Stuðning skortir við fjárfesta í Evrópu, að sögn aðalritstjóra Unquote.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar



KIMBERLY ROMAINE

„Áhættufjárfestingar eru mun þróaðri í Bandaríkjunum en í Evrópu. Evrópskir fjárfestar eru varfærnari en kollegar þeirra vestan hafs og fréttir af góðu gengi sprotafyrirtækja þar eru sömuleiðis mun fleiri en í Evrópu. Síðasta stóra jákvæða fréttin af sprotafyrirtæki í Evrópu var af kaupum eBay á Skype. En það var fyrir fjórum árum!“ segir Kimberly Romaine, aðalritstjóri breska fréttablaðsins Unquote. „Alltaf þegar jákvæðar fréttir berast úr ranni sprotafyrirtækja tekur fjárfestingamarkaðurinn við sér,“ segir hún.

Unquote er leiðandi í rannsóknum á áhættufjárfestingarsjóðum í Evrópu og víðar og ein virtasta og elsta útgáfa álfunnar um málið. Það hefur komið út í um fimmtán ár. Sjálf hefur Romaine skrifað um fjárfestingarsjóði í átta ár, þar af verið ritstjóri Unqote síðastliðin þrjú ár, og er eftirsóttur fyrirlesari á ráðstefnum í Bretlandi, Asíu og Afríku. Romaine var meðal fundargesta á sprotaþingi Seed Forum Iceland hér á föstudag.

Hún segir að þrátt fyrir að aðstæður nú séu með erfiðasta móti á fjármálamörkuðum séu vísbendingar um að til sólar sjái á næstu mánuðum. Vísar hún til þess að fjármögnun áhættufjárfestingarsjóða hafi gengið mjög vel í fyrra. Fáir fjárfestingarkostir standi til boða nú. Því séu meiri líkur á að sprotafyrirtæki sem hafi sannað sig geti átt auðveldara um vik að nálgast fjármagn en áður. „Fjárfestingarsjóðir í Evrópu eru ekki eins áhættusæknir og áður. Þeir munu því vanda val sitt vel. Þau fyrirtæki sem ekki eru burðug munu líklega ekki fá fjármagn fyrst um sinn,“ segir hún.

Romaine segir talsverðan mun á fjárfestingarstefnu í Evrópu og í Bandaríkjunum. Í Bandaríkjunum sé áhættusækni landlæg. Fjárfestar séu mjög áhugasamir um nýsköpun og sprotastarf og séu viljugir til að taka mikla áhættu með von um væna ávöxtun þegar fyrirtækin verða ýmist seld í heilu lagi eða skráð á markað.

Öðru máli gegni um Evrópu. Þótt fyrirtækin geti verið góð séu fjárfestar sérhæfðari. Hún nefnir sem dæmi að hópar fjárfesta í Evrópu sérhæfi sig í fyrirtækjum sem eigi eftir að komast á klakstig. Þegar þangað komi taki aðrir við keflinu. Þetta valdi því að fyrirtækin verði sí og æ að kynna sig fyrir nýjum fjárfestum og geti lent í vandræðum í ferlinu. Þetta geti verið erfitt fyrir sprotafyrirtæki sem ætli sér stóra hluti og þarfnist hárra fjárhæða.

Romaine hefur ekki kynnt sér umhverfi íslenskra sprotafyrirtækja sérstaklega. Hún telur þó að þótt stuðningur hins opinbera sé góðra gjalda verður sé nauðsynlegt að velja þau fyrirtæki af kostgæfni sem styrkja eigi til vaxtar. Sömuleiðis verði að huga vel að sjálfum áhættufjárfestunum. „Stjórnvöld mættu íhuga að veita skattaafslátt eða aðra ívilnun fyrir fjárfestingu í sprotafyrirtækjum,“ segir hún.



# Mikilvægt að halda höfuðstöðvum heima


**ILKKA MYTTY** Mikilvægt er að höfuðstöðvar Nokia hafa aldrei flust úr landi, að sögn fjármálaráðgjafa í finnska fjármálaráðuneytinu. MARKAÐURINN/STEFÁN

„Þið verðið að ákveða hvaða leið þið viljið fara. Hagkerfi Finna hefur lengi verið opið fyrir fjárfestingu erlendra aðila,“ segir Ilkka Mytty, fjármálaráðgjafi í finnska fjármálaráðuneytinu.

Mytty hélt erindi í síðustu viku um kreppuna í Finnlandi í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar.

Við það lentu fjölmörg fyrirtæki í alvarlegum rekstrarvanda, þar á meðal farsímarisinn Nokia, umsvifamesti útflytjandi landsins. Fyrirtækið brást við með skráningu í nokkrar af helstu kauphöllum Evrópu auk Bandaríkjanna. Eignarhaldið hefur breyst verulega síðan þá. Fyrir kreppuna áttu Finnar um nítíu prósent af fyrirtækinu. Í dag sitja þeir á ellefu prósentum. Bandarískir hluthafar eiga nú 47 prósent en evrópskir fjárfestar og fyrirtæki afganginn.

Mytty segir þróunina eðlilega enda hafi fjárfestar stutt við fyrirtækið og hafi það getað komið sér fyrir á mikilvægum markaðssvæðum í gegnum árin.

Það sem mestu máli skipti sé að höfuðstöðvarnar hafi aldrei farið úr landi þrátt fyrir allar hræringarnar. - jab

# Vaxandi óþol gagnvart varkárni Seðlabankans

## Búist er við varfærinni lækkun stýrivaxta í dag. Í mars lagði skuggabankastjórn Markaðarins til 400 punkta lækkun.

„Miðað við aðstæður á markaði og ástand efnahagslífsins eiga vextir að fara mjög hratt niður í eins stafs tölu,“ segir Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA).


**HANNES G. SIGURÐSSON**

„Svokölluð varkárni Seðlabankans er í raun óvarkárni, því með þessari leið veikist atvinnulífið stöðugt og einnig grundvöllurinn fyrir efnahagsbata,“ segir Hannes og telur það bæta gráu ofan á svart ef hávaxtastefnan ógni um leið fjármálastöðugleika í landinu. Fjármálastöðugleikanum segir hann ógnað vegna veikingar krónunnar, sem standi engan veginn undir miklum útgreiðslum vaxta úr landi.

Hannes er ekki bjartsýnn á að Seðlabankinn lækki rösklega vexti, vegna fyrri yfirlýsinga um varfærin skref, og telur að sjá eigi til með áhrif á gengi krónunnar sem hafi veikst eftir síðustu lækkun. „Ég held hins vegar að allir sjái að sambandið milli vaxtaákvarðana Seðlabankans og gengisins er ekki fyrir hendi, nema að það virki neikvætt. Aðaldrifkrafturinn á bak við gengisveikinguna er straumur vaxtagreiðslna af innistæðum úr landi. Seðlabankinn nefndi það sjálfur á fundi að í mars hefði níu milljörðum króna verið skipt í evrur vegna vaxta á innstæðum útlendinga hérna. Afgangurinn á viðskiptum fyrir þessum himinháu vöxtum dugar bara ekki, hvort sem innistæðurnar eru í eigu Íslendinga eða útlendinga,“ segir hann og bætir við að ekki sé von á góðu varðandi gengi krónunnar meðan gjaldeyrir streymi úr landi og lítið sem ekkert komi inn. „Í atvinnulífinu er eiginlega engin þolinmæði gagnvart þessari aðferðafræði Seðlabankans.“

Fyrir 100 punkta stýrivaxtalækkun Seðlabankans 19. mars mælti skuggabankastjórn Markaðarins með veglegri vaxtalækkun, þótt viðbúið þætti að Seðlabankinn vildi taka fleiri, en smærri skref. Lögð var til 400 punkta (4,0 prósentustiga) lækkun vaxta á næstu vikum. Almennt telja greinendur þó von á varfærnum og smáum skrefum í vaxtalækkunarferli Seðlabankans. Þannig spáir IFS Greining því að bankinn lækki stýrivexti um 100 til 150 punkta og Greining Íslandsbanka spáir 100 punkta lækkun. Næsti vaxtaákvörðunardagur samkvæmt áætlun Seðlabankans er 7. maí næstkomandi. - óká




Síðumúla 24 // Sími 515 2000 // tm@tm.is // www.tm.is
TM



**LEIÐTOGAR Á G20-FUNDI** Í fyrstu röð eru Saud al-Faisal, Hu Jintao og Gordon Brown; í annarri röð eru Recep Tayyip Erdogan, Abhisit Vejjajiva, Barack Obama, Silvio Berlusconi, Dmitrí Medvedev og Meles Zenawi. Þjóðarleiðtogarnir stilltu sér upp saman í ExCel-miðstöðinni í austurhluta Lundúna síðasta fimmtudag á milli funda. MARKAÐURINN/AFP

# *Skref á leið umbóta*
# og efnahagsbata á fundi G20-ríkjanna

Mikilvæg mál voru á borði fundar leiðtoga helstu iðnríkja heims þetta árið í skugga heimskreppu. Óli Kristján Ármannsson kynnti sér niðurstöður G20-fundarins og komst að því að þótt ekki gengju eftir yfirlýsingar um „samhentan heim“ voru teknar mikilvægar ákvarðanir um efnahagsaðstoð.

Mótmælendur fjölmenntu fyrir utan fund helstu iðnríkja heims (G20) í Lundúnum í síðustu viku. Innandyra reyndu leiðtogar stórþjóðanna að ná samhljómi í aðgerðum til að forða heimskreppu. Til stóð að fjalla um samstíga aðgerðir til að lífga upp á heimshagkerfið, ýta undir vöxt og atvinnusköpun, fara yfir tiltæk meðul og möguleg næstu skref í aðgerðum.

Þá voru til umræðu umbætur í fjármálakerfinu, þar sem byggja átti á áætlun þeirri sem samþykkt var á G20-fundinum í Washington í Bandaríkjunum undir lok síðasta árs. Eins voru til umræðu umbætur á sviði alþjóðlegra fjármálastofnana á borð við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, Alþjóðabankann og fleiri.

Töluverðar væntingar voru til fundarins að þessu sinni og á það verið bent að ef til vill hafi ekki síst verið kynt undir þeim í skrifstofum breska forsætisráðherrans í Downingstræti 10. Þannig talaði Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, í október í fyrra um að von væri á „nýju Bretton Woods-samkomulagi“, en með því voru lagðar grundvallarleikreglur í fjárhagssamskiptum þjóða um miðja 20. öldina. Í febrúar síðastliðnum talaði Brown svo um „nýtt heimssamkomulag“.

En jafnvel þó svo að stundin yrði ekki heimssöguleg voru samt teknar mikilsverðar ákvarðanir á fundinum. Að minnsta kosti myndu fáir kalla ákvörðun um að verja 1.100 milljörðum Bandaríkjadala í stuðning við þjóðir með miðlungs- og lágar tekjur neina smámuni. Upphæðin samsvarar yfir 130 þúsund milljörðum króna. Fjárframlögin eiga að renna til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans, sem svo útdeila þeim til aðstoðar þjóðum í kröggum.

Á fundinum var sömuleiðis ákveðið að ráðast í herferð gegn skattaparadísum um heim allan. Að loknum fundinum sagði Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, að tími bankaleyndar væri liðinn.

Meðal þess sem grípa á til í baráttunni er svartur listi yfir lönd sem veita skattsvikurum skjól og beiting refsiaðgerða neiti þjóðríki að taka upp nýjar alþjóðlegar reglur um gagnsæi á fjármálamörkuðum.

Þegar í gær mátti sjá afrakstur þeirrar vinnu sem þarna var lagt upp í en þá kynntu László Kovács, sem fer með skatta- og tollamál í framkvæmdastjórn ESB og Angel Gurría, framkvæmdastjóri OECD, að fjögur ríki hefðu bæst í hóp þeirra sem samþykkt hafa að starfa eftir alþjóðlegu skattareglunum, en það eru Kosta Ríka, Malasía, Filippseyjar og Úrúgvæ. Ríkin lýsa því yfir að þau ætli að sýna fullt samstarf í baráttunni við skattsvik og að á þessu ári verði þegar leidd í lög ákvæði sem liðki til við innleiðingu alþjóðlegu reglnanna.

Þá náðist einnig samkomulag um að breytingar yrðu gerðar á hlutverki fjármálaráðs sem þegar starfar og því falið aukið eftirlitshlutverk með þróun efnahagslífs í heiminum. Völd fjármálaráðsins voru þó ekki aukin í takt við það sem Nicolas Sarkozy og fleiri leiðtogar höfðu mælst til, þannig að það fengi vald til að ráðskast með regluverk aðildarríkjanna.

Þannig að þótt ekki hafi verið staðið undir öllum stóryrðum þykir fundurinn hafa tekist vel. „Við höfum stigið skref af áður óþekktri stærðargráðu,“ sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti að honum loknum og Angela Merkel Þýskalandskanslari sagði niðurstöðu fundarins „mjög, mjög góða, nánast sögulega málamiðlun“.

## Hvar hafa fundir G20 verið haldnir síðustu ár?

| | |
|---|---|
| 1999: Berlín, Þýskalandi | 2005: Peking, Kína |
| 2000: Montreal, Kanada | 2006: Melbourne, Ástralíu |
| 2001: Ottawa, Kanada | 2007: Höfðaborg, S-Afríku |
| 2002: Delí, Indlandi | 2008: São Paulo, Brasilíu |
| 2003: Morelia, Mexíkó | 2008: Washington DC, BNA |
| 2004: Berlín, Þýskalandi | 2009: Lundúnum, Bretlandi |

## Fróðleikur um G20

■ G20-ríkin samanstanda af nítján umsvifamestu iðnríkjum heims og Evrópusambandinu.

■ G20-ríkin eru (í stafrófsröð): Argentína, Ástralía, Bandaríkin, Brasilía, Bretland, Evrópusambandið, Frakkland, Indland, Indónesía, Ítalía, Japan, Kanada, Kína, Mexíkó, Rússland, Sádi-Arabía, Suður-Afríka, Suður-Kórea, Tyrkland og Þýskaland,




**FORSÍÐA DER SPIEGEL** Forsíðuteiknari fréttatímaritsins Der Spiegel sá leiðtogafund G-20 í heldur spaugilegu ljósi. Margir kannast við uppstillinguna úr kvikmyndinni sem gerð var um skemmtiferðaskipið Titanic og vita hvernig fór um þá sjóferð.

■ Leiðtogar G20-ríkjanna komu fyrst saman í kjölfar fjármálakreppunnar í Asíu um mitt ár 1997 til að ræða aðgerðir til að sporna við henni. Forsætis- og fjármálaráðherrar sjö og átta umsvifamestu iðnríkja heims höfðu áður fundað reglulega um efnahagsmál ríkjanna frá áttunda áratug síðustu aldar.

■ Þegar fundirnir voru í mótun funduðu leiðtogar allt frá 22 til 33 ríkjum um efnahagslíf þjóðanna. Leiðtogafundirnir hafa verið í núverandi mynd í áratug.

■ Auk forsætisráðherra G20-ríkjanna mæta fjármálaráðherrar og seðlabankastjórar aðildarríkjanna á fundinn. Þar eru sömuleiðis framkvæmdastjórar og fulltrúar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðabankanum.

■ Níutíu prósent af allri landsframleiðslu í heiminum eru innan G20-ríkjanna. Á þeirra reikning skrifast sömuleiðis áttatíu prósent af öllum milliríkjaviðskiptum.

■ Þótt leiðtogarnir hittist saman á einum stórum fundi alla jafna einu sinni á árinu funda aðrir ráðherrar og hinir ýmsu fulltrúar ríkjanna allan ársins hring.

# Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í Blaðbera

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



# eldhúsdagur

FRÉTTABLAÐIÐ

MIÐVIKUDAGUR 8. apríl 2009


## EFNI BLAÐSINS


**Hesthúsin burt**
**Ólafur F. Magnússon**
Fyrir hálfri öld tókst með harðfylgi að koma hesthúsabyggð á bökkum Elliðaáa lengra frá árbökkunum, til verndar viðkvæmu og óendanlega dýrmætu lífríki, skrifar Ólafur F. Magnússon. En nú er öldin önnur. Borgarfulltrúar meirihlutaflokkanna í Reykjavík, ásamt flestum fulltrúum minnihlutans, vilja snúa taflinu við og færa hesthúsabyggðina aftur að bökkum ánna.

**Nú er tíminn**
**Arna Lára Jónsdóttir**
Í kosningunum fram undan þarf að taka afstöðu til margra mikilvægra mála; hvort við viljum gera breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu, hvort við viljum gera breytingar á landbúnaðarkerfinu, hvort við viljum við skoða tækifærin sem geta falist í aðild að Evrópusambandinu og hvort við viljum halda byggð í landinu. Nú höfum við tækifæri sem við megum ekki láta framhjá okkur fara.

**Ryki þyrlað upp**
**Gústaf Adolf Skúlason**
Enn og aftur eru virkjanir og stóriðja talsvert í umræðunni. Nýjasta kenningin gengur út á að erlendir bankastjórar og forstjórar álfyrirtækja hefðu beinlínis haft með sér samsæri um að lána Íslendingum fjármagn til virkjanaframkvæmda, í þeim tilgangi að landið færi á hausinn samhliða fjármálakreppunni svo þeir gætu eignast hér dýrmætar náttúruauðlindir. Þetta kallar á nokkrar athugasemdir.

**Engill til hjálpar?**
**Guðfríður Lilja Grétarsdóttir**
Er ekki margsinnis búið að sýna fram á það með efnahagslegum rökum að ný störf í áliðnaði kosta okkur margfalt meira en störf á öðrum sviðum og að gróðinn fer nær allur beint úr landi? Þykir okkur virkilega boðlegt að íslenskir bændur og íslenskir framleiðendur séu að borga margfalt hærra verð fyrir orkuna okkar heldur en alþjóðlegir auðhringir sem fara með gróðann beinustu leið burt?


Gjaldeyrismál

# Tökum upp Bandaríkjadal




**ÞÓRLINDUR KJARTANSSON**
frambjóðandi á lista Sjálfstæðisflokkins í Reykjavík




Taka þarf upp alþjóðlega, gjaldgenga mynt sem lögeyri á Íslandi hið fyrsta svo milliríkjaviðskipti geti átt sér stað með eðlilegum, óþvinguðum og óheftum hætti. Ísland þarf að vera opið og frjálst til þess að skapa skilyrði til verðmætasköpunar. Því miður er þróunin í þveröfuga átt og er þar einkum um að kenna tilraunum til þess að halda íslensku krónunni við í skjóli strangra gjaldeyrishafta. Nokkuð breið samstaða virðist ríkja í íslensku samfélagi um að heppilegt væri að taka upp nýjan gjaldmiðil og því er mikilvægt að stjórnvöld, hvernig sem þau eru skipuð, grípi til þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru til þess að svo megi verða.

Vandi þjóðarinnar er ærinn og þarfnast úrlausnar strax. Fyrirtækin geta ekki þrifist til lengdar undir oki gjaldeyrishafta og erfitt er fyrir ný fyrirtæki að hasla sér völl við þær aðstæður. Vandinn vex með hverjum degi sem núverandi ástand varir. Yrði afráðið að taka upp evru með aðild að myntbandalagi Evrópu þyrfti að uppfylla svokölluð Maastricht-skilyrði sem kveða á um ýmis atriði, sem snerta til dæmis skuldastöðu hins opinbera, fjárlagahalla og vaxtastig. Á næstu árum á Íslandi verður mjög erfitt eða ómögulegt að uppfylla þau skilyrði, og því myndi evran langt því frá leysa þann vanda sem nú steðjar að íslenska hagkerfinu. Haftakrónan mun leiða íslenska þjóð langt aftur í tímann áður en upptaka evru væri möguleg með aðild að myntbandalagi Evrópu. Þetta þurfum við að horfast í augu við.

> Á meðan gengi gjaldmiðilsins fær ekki að ráðast á markaði munu stjórnvöld þurfa að grípa til sífellt harðari aðgerða til þess að verja gervigengið í Seðlabankanum.

### AGS og upptaka Bandaríkjadals

Stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna samþykkti í vikunni ályktun þess efnis að nú þegar verði hafið samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um að taka upp Bandaríkjadal í viðskiptum á Íslandi. Nýleg dæmi eru þess efnis að sjóðurinn hafi aðstoðað þjóðir við slíkar aðgerðir – hví ætti hann ekki að hjálpa Íslandi? Í kvöldfréttum sjónvarps í liðinni viku sagðist fastafulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa lagt nokkrar leiðir til við íslensk stjórnvöld til að bæta úr stöðunni sem upp væri komin vegna hriplekra gjaldeyrishafta. Áhugavert væri að vita hvað fastafulltrúinn hafði í huga annað en hert höft, sem gera notkun á íslensku krónunni nánast óheimila.

### Tvöfalt gengi

Nýsamþykkt gjaldeyrishöft, sem meðal annars banna útflytjendum að kaupa krónur í erlendum bönkum til heimflutnings, undirstrika hversu vonlaus staðan í gjaldeyrismálum Íslandi er. Á meðan gengi gjaldmiðilsins fær ekki að ráðast á markaði munu stjórnvöld þurfa að grípa til sífellt harðari aðgerða til þess að verja gervigengið í Seðlabankanum. Þær aðgerðir fela annars vegar í sér höft og hins vegar fjárútlát, vegna þess að Seðlabankinn þarf að niðurgreiða íslensku krónuna á innlendum markaði til að halda genginu of háu. Krónan er síðan skráð mun lægra erlendis. Mismunurinn sem verður til milli þessara tveggja fölsku gengisskráninga er síðan sóun eða tjón.

### 100 þúsund á mann

Samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands hefur gjaldeyrisforði hans skroppið umtalsvert saman á síðustu mánuðum. Stærstur hluti þeirrar minnkunar er vegna styrkingar krónunnar samkvæmt útreikningum Seðlabankans. En sé leiðrétt fyrir gengisstyrkingunni má áætla að Seðlabankinn noti 2-4 milljarða á mánuði í að kaupa krónur. Haldi þetta út heilt ár lætur nærri að kostnaðurinn við þessar æfingar nemi á bilinu 100–150 þúsund krónur á hvern Íslending. Þá má geta þess til samanburðar að tekjuskattshækkanatillögur VG myndu skila 4-7 milljörðum á ári í ríkiskassann og myndu því duga í tvo til þrjá mánuði til þess að halda gervigenginu uppi.

Upptaka Bandaríkjadals á Íslandi gæti lagt grundvöll að endurreisn landsins án þess dragbíts sem haftakrónan er. Dalurinn myndi leysa gjaldeyrisvandamálið strax, en ekki eftir nokkur ár eins og inngangа í myntbandalag Evrópu myndi gera. Ennfremur er ljóst að afnám haftakrónunnar og upptaka Bandaríkjadals gera Íslandi auðveldara að uppfylla Maastricht-skilyrðin og ætti þessi leið því að vera fagnaðarefni fyrir þá sem hafa áhuga á því að Ísland gangi í Evrópusambandið.


LANDMANN

Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is

Grillbúðin www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400




Opið laugardag til kl. 16

Umhverfismál

# Hesthúsin burt frá Elliðaánum



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON
Læknir og borgarfulltrúi


Fyrir hartnær hálfri öld tókst með harðfylgi borgarfulltrúa í Reykjavík að koma hesthúsabyggð á bökkum Elliðaáa lengra frá árbökkunum, til verndar viðkvæmu og óendanlega dýrmætu lífríki þeirrar einstæðu náttúruperlu, sem lifandi laxveiðiá er í miðri höfuðborg landsins.

En nú er öldin önnur. Borgarfulltrúar meirihlutaflokkanna í Reykjavík, ásamt flestum fulltrúum minnihlutans, vilja snúa taflinu við og færa hesthúsabyggðina aftur að bökkum ánna. Og það enga smábyggð, heldur aðstöðu fyrir allt að 800 hross! Ekki þarf að fjölyrða um afleiðingar þess, ef lífrænn úrgangur bærist frá slíkri hesthúsabyggð yfir í Elliðaárnar, sem þegar eru verulega mettaðar af lífrænum efnum. Lífríki ánna gæti hrunið.

### Óvönduð vinnubrögð

Ég hef sjaldan á mínum tæplega tveggja áratuga ferli í borgarstjórn Reykjavíkur kynnst óvandaðri vinnubrögðum en í þessu máli. Það er til marks um þann vonda málstað sem Hanna Birna Kristjánsdóttir og Óskar Bergsson hafa að verja, að hvorugt þeirra var reiðubúið til að ræða þetta pólitíska mál við fréttamanninn, Elínu Hirst, í „Fréttaauka“ ríkissjónvarpsins sl. sunnudagskvöld, heldur sendu í staðinn embættismann borgarinnar.

Í borgarstjóratíð minni kynntist ég því vel hvernig Hanna Birna Kristjánsdóttir, sem þáverandi formaður skipulagsráðs, gaf undirrituðum langt nef í hverju málinu á fætur öðru, jafnt í flugvallar- og samgöngumálum, sem skipulags- og umgengnismálum miðborgarinnar. Sumir sviðsstjórarnir reyndu í borgarstjóratíð minni að verjast yfirgangi hins reynslulitla nýfrjálshyggjuliðs, sem þá gegndi formennsku í ýmsum nefndum og ráðum borgarinnar. En á skipulagssviði voru ekki uppi miklar varnir gegn slíku og nú síðast, þ.e. í hesthúsamálinu, hafa vinnubrögð skipulagssviðs, þó að þau sé á ábyrgð meirihlutans, verið fyrir neðan allar hellur!

Tillagan var keyrð í gegn um borgarráð, nánast án umræðu. Sá sem þessar línur ritar hafði þá aldrei heyrt um athugasemdir eða viðvaranir Veiðimálastofnunar og samtaka stangaveiðimanna vegna þessa furðulega máls!

Skeytingarleysið um almannahagsmuni, sem setur svo mjög svip sinn á þetta mál veður alls staðar uppi í borgarkerfinu. Við því hef ég brugðist mjög harkalega en yfirleitt virst vera einn í málefnalegri andstöðu við þann meirihluta, sem nú ræður ríkjum.


**ELLIÐAÁR** Verndum árnar fyrir allri mengum sem hugsast getur.

### Virk stjórnarandstaða í borginni

Á undanförnum vikum og mánuðum hef ég flutt fjölda tillagna, bókana og fyrirspurna um mörg mál er varða hagsmuni borgarbúa, m.a. um verndun lífríkis Elliðaánna, um verndun elstu byggðarinnar og menningarsögu borgarinnar, um að fresta fjárfrekum milljarðaframkvæmdum við tónlistar- og ráðstefnuhús og um að falla frá frekari virkjanaáformum á höfuðborgarsvæðinu og ráðast ekki í dýrar lántökur hjá Orkuveitu Reykjavíkur, sem Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur hafa stjórnað svo afleitlega og nánast sett á hausinn.

En sá mikli fjöldi tillagna, bókana og fyrirspurna og það virka málefnalega aðhald, sem F-listinn, einn allra flokka minnihlutans heldur uppi í borginni nær yfirleitt ekki að birtast almenningi í fjölmiðlum. Þess vegna vil ég hvetja allt áhugafólk um borgarmál, að kynna sér fundargerðir borgarstjórnar og borgarráðs á heimasíðu Reykjavíkurborgar, reykjavik.is, sem og málatilbúnað minn á heimasíðunni, f-listinn.is. Það kann að koma mörgum á óvart, að undirritaður hefur um langt skeið verið langsamlega virkastur allra borgarfulltrúa, í að flytja tillögur, fyrirspurnir og bókanir á borgarstjórnar- og borgarráðsfundum. Þetta hefur farið mjög fyrir brjóstið á núverandi meirihluta, einkum þó borgarstjóranum, enda ótvíræður hagur hans og Sjálfstæðisflokksins, að sem flest liggi í þagnargildi.











Endurreisn samfélagsins

# Nú er tíminn



ARNA LÁRA JÓNSDÓTTIR
skipar 3. sæti á lista Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi


> Á landsbyggðinni eru ýmis tækifæri til atvinnusköpunar. Þar erum við með gjaldeyrisskapandi atvinnugreinar sem eru sérlega vel til þess fallnar að vinna á þeirri kreppu sem við erum í núna.

Kosningarnar 25. apríl nk. eru fyrir margt ansi mikilvægar. Við hrun efnahagskerfisins hefur myndast tækifæri til þess að byggja upp nýtt og réttlát samfélag sem grundvallast á gildum jafnaðar, réttlætis og lýðræðis eftir hugmyndafræðilegt hrun frjálshyggjunnar. Síðustu árin hefur samfélag okkar einkennst af gildum þar sem græðgin og einstaklingshyggjan réði ferðinni undir stjórn Sjálfstæðisflokksins. Arðsemi, eiginfjárhlutfall, rekstrarleg hagkvæmni og fleiri hugtök í þessum anda lágu til grundvallar öllum helstu ákvörðunum jafnt hjá fyrirtækjum og stjórnvöldum. Þessa tíma eigum við eftir að minnast sem tíma þar sem einkavinavæðingin náði hámarki, samfélagvitundin dofnaði, og siðferði spilltist, með vaxandi ójöfnuði. Við höfum val í kosningunum sem fara fram 25. apríl um að kjósa fólk til áhrifa sem hefur sameinast undir merkjum jafnaðarstefnunnar, þeirri hugmyndafræði sem hefur aldrei hefur verið jafn mikil þörf fyrir eins og nú.

### Breytinga er þörf

Næstu árin koma stjórnmálin til með að snúast um stóru línurnar. Við þurfum að taka afstöðu til ýmissa mála, þ.m.t. hvort við viljum gera breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu, hvort við viljum gera breytingar á landbúnaðarkerfinu, hvort við viljum við skoða tækifærin sem geta falist í aðild að Evrópusambandinu og hvort við viljum halda byggð í landinu. Þessum spurningum hefur Samfylkingin svarað játandi. Við viljum gera breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Auðlindirnar í hafinu eru eign þjóðarinnar. Þetta er réttlætismál sem þarf að tryggja í stjórnarskrá. Við viljum líka gera breytingar á landbúnaðarkerfinu og auka frelsi bænda til framleiðslu gæðaafurða og fullvinnslu. Við viljum skoða tækifærin sem felast í aðild að Evrópusambandinu en gerum kröfur um full yfirráð yfir auðlindum okkar og berum aðildarsamning undir þjóðaratkvæði. Síðustu árin hefur landsbyggðin setið á hakanum. Við höfum þurft að horfa upp á frestun framkvæmda vegna ofþenslu og samdráttar í efnahagslífinu. Nú er tími til þess að líta á landsbyggðina sem mikilvægan þátttakanda í uppbyggingarstarfinu sem er framundan. Á landsbyggðinni eru ýmis tækifæri til atvinnusköpunar. Þar erum við með gjaldeyrisskapandi atvinnugreinar sem eru sérlega vel til þess fallnar að vinna á þeirri kreppu sem við erum í núna. En til þess að landsbyggðin fái notið tækifæra sinna til fulls verður hún að búa við samkeppnishæf skilyrði. Með samkeppnishæfum skilyrðum á ég við samgöngukerfi sem eru við hæfi á árinu 2009, öryggi í raforkuflutningum og öryggi í gagnaflutningum. Verum óhrædd við breytingar.

### Verkefnin framundan

Framundan eru tímar þar sem þarf að taka erfiðar ákvarðanir, skera niður og forgangsraða. En það viljum við í Samfylkingunni gera með grunngildi jafnaðarstefnunnar að leiðarljósi, þar sem velferð og vinna eru sett í öndvegi. Við viljum bera ábyrgð og skila vel unnu verki.

Nýtum tækifærið og byggjum upp réttlátt samfélag. Það skiptir máli hverjir stjórna landinu!

# Leikskólinn Hamravellir,
## Hafnarfirði

**Vilt þú taka þátt í að þróa Heilsustefnu í leikskóla?**

Ef þú ert leikskólakennari sem hefur áhuga á næringu, hreyfingu og listum, þá átt þú samleið með okkur. Við leitum að ábyrgu starfsfólki með reynslu af leikskólastarfi til að taka þátt í þessu spennandi verkefni með okkur.

Leikskólinn er fjögurra deilda fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 6ja ára. Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin.



**Nánari upplýsingar veitir**
**Salvör Jóhannesdóttir skólastjóri í síma 424-4640.**
**Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á www.skolar.is**

# Ungbarnaleikskólinn Ársól
## í Sólheimum Reykjavík



**Viltu taka þátt í að þróa Heilsustefnu í ungbarnaleikskóla?**

Ef þú ert leikskólakennari sem hefur áhuga á næringu, hreyfingu og listum, þá átt þú samleið með okkur. Við leitum að ábyrgu starfsfólki með reynslu af leikskólastarfi til að taka þátt í þessu spennandi verkefni með okkur. Leikskólinn er tveggja deilda fyrir börn á aldrinum 9 mánaða til 3ja ára. Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin.

**Nánari upplýsingar veitir**
**Berglind Grétarsdóttir skólastjóri í síma 563-7730.**
**Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á www.skolar.is**

SKÓLAR

NÆRING · HREYFING · LISTIR

Stóriðja

# Ryki þyrlað upp um virkjanir



**GÚSTAF ADOLF SKÚLASON**
Aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku



> Þessar fjárfestingar íslenskra orkufyrirtækja og erlendra álfyrirtækja eru í dag grundvöllur að verðmætasköpun, gjaldeyristekjum og grunnþjónustu við borgarana.

Enn og aftur eru virkjanir og stóriðja talsvert í umræðunni. Nú síðast kom hingað erlendur rithöfundur með einhvers konar kenningu um að siðblindir [svo!] erlendir bankastjórar og forstjórar álfyrirtækja hefðu beinlínis haft með sér samsæri um að lána Íslendingum fjármagn til virkjanaframkvæmda, í þeim tilgangi að landið færi á hausinn samhliða fjármálakreppunni svo þeir gætu eignast hér dýrmætar náttúruauðlindir. Þessir aðilar sáu sem sagt fjármálakreppuna og bankahrunið ekki bara fyrir, þeir skipulögðu það. Ofan á allt vilja þessir vondu menn græða peninga og ef það gerist þá hljóta Íslendingar, samkvæmt kenningunni, að tapa þessum sömu peningum. Þessi uppákoma er með þeim skrautlegri, en hún er ágætt tilefni til að fara í gegnum nokkur atriði.

Fyrst ber þó að nefna að sala á náttúruauðlindum til útlendinga telst nú tæplega líkleg þróun á næstu árum. Ekki er nema tæpt ár síðan Alþingi samþykkti eins konar bandorm lagaákvæða sem leggja bann við sölu á orkuauðlindum í opinberri eigu til einkaaðila. Ennfremur er, þegar þetta er ritað, unnið að því að binda sambærilegt ákvæði um allar íslenskar náttúruauðlindir í stjórnarskrá lýðveldisins. Hugsanleg stefnubreyting í þessu efni er eingöngu fræðileg vangavelta um pólitískar ákvarðanir síðar meir og hefur nákvæmlega ekkert með rekstur íslenskra orkufyrirtækja að gera.

### Lítið brot af umfangi bankaþenslunnar

Þá ber að halda til haga að þótt hér hafi á undanförnum árum verið ráðist í miklar framkvæmdir, á hefðbundinn íslenskan mælikvarða, við uppbyggingu virkjana og stóriðju, þá er umfang þeirra framkvæmda einungis um 4% af útlánaþenslu bankanna á sama tíma. Þessar fjárfestingar íslenskra orkufyrirtækja og erlendra álfyrirtækja eru í dag grundvöllur að verðmætasköpun, gjaldeyristekjum og grunnþjónustu við borgarana. Hið sama verður því miður ekki sagt um mikið af þeirri þenslu sem hér varð.

Því er oft haldið fram að hér hafi verið langt gengið í nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Miðað við nýjasta mat Orkustofnunar hafa 40% efnahagslega hagkvæmra orkukosta í vatnsafli þegar verið virkjaðir hér á landi (fyrrverandi orkumálastjóri telur þessa tölu vera 16%). Í löndum á borð við Noreg, Svíþjóð, Finnland, Frakkland, Spán, Sviss, Austurríki og Ítalíu er þessi tala á bilinu 70-90%. Hér hafa 20% orkukosta í jarðvarma verið virkjaðir og er þá ekki tekið tillit til hugsanlega stóraukinnar orkugetu með djúpborunum.

### Stór hluti Íslands friðlýstur

Önnur hlið á sama peningi er sú að mjög stór hluti Íslands hefur verið friðlýstur, nú þegar um 20% af flatarmáli landsins. Hækka má þessa tölu í 30-40% ef t.d. eru talin með svæði á náttúruminjaskrá og vatnsverndarsvæði Mývatns. Á sama tíma er þessi tala um 10% í Svíþjóð og Finnlandi en stefnan í báðum löndum hefur verið tekin á 15%.

Um 80% raforkunnar hér á landi fara til stóriðju. Raforkuverð til heimila er mun lægra hérlendis en í flestum okkar nágrannalöndum. Þannig kostar meðalheimilisnotkun á rafmagni í Reykjavík einungis um fjórðung af því sem hún kostar í Kaupmannahöfn. Ennfremur hefur almennt raforkuverð árum saman farið lækkandi hér á landi, að teknu tilliti til þróunar vísitölu verðlags, samhliða aukinni raforkusölu til stóriðju. Sumt fólk nær að fá út úr þessu samhengi að almenningur greiði niður orkuna til stóriðjunnar, sem er ótrúleg niðurstaða. Stærstu viðskiptavinirnir, stóriðjufyrirtækin, greiða hins vegar lægra verð en þeir sem kaupa margfalt minna magn, líkt og gildir um flestar tegundir viðskipta. Langtímasamningar um stöðuga sölu á raforku eru afar hagstæðir fyrir orkufyrirtækin, auk þess sem stóriðjan ber sjálf kostnað við dreifingu raforkunnar, sem alla jafna er a.m.k. þriðjungur orkuverðsins. Að selja orkuna til álvera er engin stefna. Íslensk orkufyrirtæki kjósa einfaldlega hagstæðustu viðskiptin sem bjóðast hverju sinni.

### Þúsundir starfa

Um þriðjungur heildarveltu álveranna verður eftir í íslensku hagkerfi, sem gerir samtals um 55 milljarða króna árið 2008 (en 83 milljarða reiknað á gengi dollara í dag). Samtals kaupa álverin vörur og þjónustu af hátt á annað þúsund íslenskra fyrirtækja, greiða há laun, stuðla að nýsköpun og skapa hér samtals um fimm þúsund bein og afleidd störf. Hagnaður af rekstri álveranna rennur til útlanda, alveg eins og hagnaður af rekstri ýmissa íslenskra fyrirtækja erlendis rennur til Íslands. Við skulum ekki fara að senda héðan þau skilaboð að erlendir aðilar sem hér fjárfesti megi ekki hafa arð af sínum fjárfestingum. Nóg er nú orðspor Íslands samt laskað.

Á samorka.is má nálgast fleiri upplýsingar um orkumál og stóriðju, í formi stuttra og aðgengilegra punkta.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga



Kröftugra og stærra helgarblað á laugardögum.

Nú fylgir Atvinnublaðið ásamt Heimili og hönnun Fréttablaðinu alla laugardaga ásamt áhugaverðum mánaðarlegum sérblöðum um ferðalög, fjölskylduna, mat og menningu.

Spennandi viðtöl, fréttaúttektir og fjölmargar aðrar áhugaverðar greinar gera helgarblað Fréttablaðsins að ómissandi lesefni um hverja helgi.

Allt sem þú þarft





**GÖNGUFERÐ** með leiðsögn um umhverfi Bláa lónsins verður í boði Bláa lónsins og Grindavíkurbæjar á annan í páskum. Gangan hefst klukkan 13 við bílastæði Bláa lónsins og tekur um þrjár klukkustundir.




**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447



**Slökunarnudd**. Meðferð **gegn streitu** sem inniheldur samtal, nudd og æfingar.

Einnig nudd fyrir **börn á aldrinum 1 - 18 ára** sem t.d. þjást af stressi og einbeitingarskorti.

Er líka með **meðgöngunudd** bæði á meðgöngu og eftir fæðingu.

**Er með aðstöðu í Reykjanesbæ og Reykjavík Slökunaruppeldisfræðingur Inga Rós**

**Uppl í síma 8416941**

Hawa Gler-rennibrautir

Hawa Junior 80 eru glæsilegar rennibrautir fyrir 8-10-12 mm hert gler eða timburhurðir. Eigum einnig rennibrautir frá GEZE fyrir skápa og tréhurðir.

Útvegum hert gler eftir máli..



JÁRN&GLER Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík S: 58 58 900. www.jarngler.is

vísir.is "...ég sá það á vísi"




Hér eru Íris og Lucas nýkomin til Nepal. Þau lentu í miðri vants- og litahátíð (Holi-day) sem er haldin til að fagna hækkandi sól. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Viðhorf til kreppunnar á Íslandi breyttist í Nepal

**Írisi Ann Sigurðardóttur og Lucas Keller hafði lengi langað í heimsreisu og lögðu þau í hann rétt áður en kreppan skall á. Þau eru nú komin heim úr sjö mánaða leiðangri sem byrjaði í Flórens en endaði í Nepal.**

Íris Ann Sigurðardóttir lagði ásamt kærasta sínum Lucas Quesnel Keller upp í langferð rétt áður en kreppan skall á og eru þau skötuhjúin nýkomin heim, reynslunni ríkari.

„Okkur hafði lengi langað í heimsreisu. Við höfum bæði ferðast mjög mikið og kynntumst þegar við vorum við nám í Flórens þar sem ég lærði sjónlist og ljósmyndun en Lucas kokkinn," segir Íris. Þau lögðu í hann 10. september og byrjuðu á því að heimsækja vini í Flórens. Síðan fóru þau til Kaliforníu að heimsækja ættingja Lucasar, sem er frá norðurhluta ríkisins.

„Hinn 14. nóvember áttum við svo flug yfir til Taílands. Leið okkar lá í afskekkt fjallaþorp í Norður-Taílandi þar sem við lögðum hönd á plóg með heimamönnum. Við höfðum sett okkur í samband við WWOOF–samtökin (World Wide Opportunities on Organic Farms) en í gegnum þau er hægt að fá vinnu á hinum ýmsu býlum um allan heim gegn mat og húsaskjóli. Þannig gefst kjörið tækifæri til að kynnast fólki og innviðum samfélagsins á hverjum stað fyrir sig og mæli ég eindregið með þessu fyrir bakpokaferðalanga," segir Íris.

Frá Norður-Taílandi fór parið til Laos og þaðan til Kambódíu. „Frá Kambódíu lá leið okkar til Suður-Taílands þar sem við unnum á öðru býli. Það var á lítilli eyju þar sem meðal annars er unnið að uppbyggingu kóralrifja eftir flóðbylgjuna um jólin 2004. Það var vitanlega allt önnur reynsla en í fjallaþorpinu í norðurhluta landsins."

Íris og Lucas enduðu ferðina í Nepal og stendur sá áfangastaður upp úr að mati Írisar. „Sú ferð var mjög lærdómsrík og einhver besti skóli sem ég hef farið í. Þarna er ekki sjálfgefið að hafa rennandi vatn og rafmagn og bliknaði það sem var að gerast heima í samanburði enda langar mig að halda ljósmyndasýningu með yfirskriftinni „Kreppa hvað"! Viðhorf manns breytast við að kynnast þessum bágbornu aðstæðum og við megum hugsa okkur tvisvar um áður en við förum að kvarta. Ég skil reyndar vel að fólk sé í áfalli eftir þetta mikla góðæri en það er stundum hollt að hugsa um þá sem hafa ekki einu sinni þak yfir höfuðið."

*vera@frettabladid.is*


BÍLKÓ TVENNA

-20% afsláttur af UMFELGUN

-20% afsláttur af SMURVINNU olís

-25% Takirðu bæði tilboðin í einu færðu **25% afslátt** af umgelgun og vinnu við smur!

GILDIR FRAM AÐ PÁSKUM

BÍLKÓ Þjónustumiðstöð bílsins Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

**VEGAGERDIN.IS** er síða sem flestir sem ætla að fara eitthvað á milli staða um páskana ættu að skoða áður en þeir leggja í hann. Á þessum árstíma er nauðsynlegt að vera með færð á vegum á hreinu.


BALLET
NÁM
SKEIÐ

Vornámskeið fyrir 3 – 4 ára og 5 – 6 ára börn.
Kennt er í Skipholti 35, Reykjavík
Innritun í síma 567 8965

balletskóli sigríðar ármann
www.balletskoli.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is


# Gengið á slóðir Chopins

**Fátt er betra en að sleikja sólina eftir langan og strangan veturinn og hrista af sér drungann. Sigling um Miðjarðarhafið í góðum félagsskap er ávísun á góða skemmtun og tækifæri til að hlaða batteríin.**

Mallorca er Íslendingum löngu kunn sem sólarparadís hin mesta en þangað verður flogið beint sunnudaginn 3. maí næstkomandi og heim aftur miðvikudaginn 27. maí á vegum ferðaskrifstofunnar Vita. Ferðin er ætluð eldri borgurum.

„Klúbburinn okkar heitir Gott fólk 60+," útskýrir Þóra Björg Jónasdóttir, sölu og þjónustustjóri hjá ferðaskrifstofunni Vita. „Þetta er fjölmennur og skemmtilegur klúbbur sem telur um 1.800 félaga. Í vetur fórum við eina ferð til Kanarí sem gekk mjög vel og var fullt í þá ferð hjá okkur. Núna ætlum við að bjóða upp á ferð til Mallorca með íslenskum fararstjóra, Rebekku Kristjánsdóttur, og Bjarney Lea Guðmundsdóttir verður skemmtanastjóri."


Rebekka Kristjánsdóttir hefur fengist við fararstjórn á Mallorca í þrjátíu ár og er á leið út með hóp eldri borgara í maí. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Flogið verður að morgni frá Keflavík og lent stuttu eftir hádegið að staðartíma í Palma þar sem ferðalangar geta valið úr nokkrum hótelum til gistingar á Playa de Palma-ströndinni. Þóra segir margt verða í boði fyrir gesti ferðarinnar. „Þetta verður mjög skemmtilegt en ferðinni verður skipt upp og boðið upp á viku siglingu um Miðjarðarhafið fyrir þá sem vilja."

Fyrsti viðkomustaður í siglingunni verður Túnis, þaðan verður siglt til Rómar, Genóa, St. Raphael og svo til Barcelona en á öllum viðkomustöðum verða í boði skoðunarferðir undir leiðsögn. Eftir viku sjóferð leggst skipið við höfn í Palma og verður gestum þá ekið á hótelin þar sem þeir gista næstu fimmtán nætur.

Rebekka Kristjánsdóttir hefur verið fararstjóri á Mallorca í þrjátíu ár en hún mun leiða gesti um áhugaverða staði í ferðinni. „Ég er farin að þekkja þetta ansi vel, ætli ég hafi ekki farið með tugi


Auðveldlega er hægt að hrista af sér vetrardoðann á hvítum ströndum Mallorca. MYND/VITA

þúsunda farþega þarna um," segir Rebekka. „Palma er sérstaklega falleg borg og áhugaverð og svo förum við einnig í þá heimsfrægu Drekahella sem eru eitt af undrum veraldar."

Rebekka nefnir fleiri áhugaverða staði sem heimsóttir verða í ferðinni, meðal annars fjallabæinn Valdemosa þar sem tónskáldið Chopin dvaldi veturinn 1838 til 1839 með fylgiskonu sinni Auroru Dudevand rithöfundi. Farið verður í Kartheusarklaustrið þar sem þau skötuhjúin dvöldu og hlustað á Chopin-tónleika og píanó Chopins skoðað.

Einnig verður farið á markaðinn í Inka, sem er þriðji stærsti bærinn á Mallorca. Á markaðnum verður hægt að prútta við bændurna sem koma með afurðir sínar til að selja. Einnig gefst tækifæri til að kíkja í glerverksmiðju og fylgjast með heimamönnum blása gler.

Þeir sem bóka sig ekki í skoðunarferðirnar þurfa ekki að láta sér leiðast en boðið verður upp á leikfimi, spilað mínigolf og haldnar kvöldvökur svo eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.vita.is

*heida@frettabladid.is*


Auglýsingasími 512 5473
ALLT

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Páskatilboð í Mótormax
Frábær tilboð á vélsleðum
Veglegur fatnaður frá Scott (að verðmæti 80.000 kr) fylgir hverjum vélsleða*
*25% afsláttur af vetrarvörum gildir ekki með vélsleðatilboðum
25% afsláttur af völdum vetrarvörum
MotorMax
Mótormax • Kletthálsi 13 • Sími 563-4400 • www.motormax.is



Robert Wicks, höfundur Adventure Riding Techniques, Greg Baker meðhöfundur og Simon Pavey, mótorhjólakappi og fyrirsæta. MYND/ÞÖK

# Land ævintýraferða á mótorhjólum

**Bók um akstur mótorhjóla í hinum ýmsu svaðilförum er nýkomin út. Hún ber heitið Adventure Riding Techniques.**

Ísland skipar stóran sess í bókinni Adventure Riding Techniques. Þegar kom að myndefni fyrir bókina vildi höfundurinn, Robert Wicks hjá bókaútgáfunni Haynes, umfram allt velja Ísland. Útgefendurnir höfðu samband við íslenska mótorhjólaferðafyrirtækið Biking Viking sem lagði þeim til BMW-hjól og mannskap, auk þekkingar sinnar á landinu. Einnig var heimsfrægur mótorhjólakappi að nafni Simon Pavey með í för. Hann hefur keppt sjö sinnum í París-Dakar rallinu og rekur skóla fyrir akstur torfæruhjóla í Wales. Þess má geta að hann kenndi Ewan MacGregor og Charley Boorman fyrir hnattferðir þeirra.

Útkoman úr skipulagningunni var þriggja daga ferð um hálendi Íslands og afraksturinn meira en 1.500 myndir sem teknar voru af Þorvaldi Erni Kristmundssyni ljósmyndara. Þær eru uppistaðan af myndum í bókinni.

Að sögn Njáls Gunnlaugssonar hjá Biking Viking er bókin einstaklega góð kynning á landinu og því sem það hefur upp á að bjóða fyrir ævintýraferðir á mótorhjólum. „Ferðafélagarnir voru stórhrifnir. Það var nánast sama hvert við fórum með þá, alls staðar var myndefni og á þremur dögum höfðu þeir fengið allar þær myndir sem þeir þurftu og meira til,“ segir Njáll. Meðal annars segir hann félagana hafa heillast af því hvað Íslendingar voru góðir í að velja vöð og bjarga sér í straumvötnum.

Hægt er að panta bókina beint frá Amazon.com eða Haynes.com.

*- gun*

# Strýtuganga

**Fjórða árið í röð efnir gönguklúbburinn 24x24 til gönguferðar á Strýtu í Vindheimajökli vestur af Hlíðarfjalli við Akureyri á föstudaginn langa.**

„Ganga á Strýtu tekur að minnsta kosti sjö klukkustundir en er vel tímans virði því leiðin er fjölbreytt og ef veður leyfir er útsýnið engu líkt enda nær fjallið 1.456 m hæð,“ segir Friðfinnur Gísli Skúlason í gönguklúbbnum 24x24 og bætir við að Strýta sé eitt þeirra fjalla sem farið sé á þegar Glerárdalshringurinn er genginn.

Lagt verður upp frá Skíðastöðum í Hlíðarfjalli klukkan átta að morgni föstudagsins langa og gangan er öllum opin, endurgjaldslaust. Gönguhækkun er um 950 metrar samkvæmt heimasíðu 24x24 og erfiðleikastigið „þriggja skóa“.

*- gun*



Góð þátttaka var í Strýtugöngu fyrir ári. MYND/24X24










## Til leigu

# Til leigu

Skrifstofuhúsnæði er laust til leigu á Hallveigar-töðum frá 1. maí nk., þ.e. öll 2. og 3. hæð hússins að Túngötu 14 í Reykjavík, svo og tvær stórar skrifstofur á 1. hæð sem eru lausar strax. Allar upplýsingar eru veittar á skrifstofu Lagaþings, s. 5115 101, tölvupóstfang lagathing@lagathing.is

Þorbjörg I Jónsdóttir hrl.

## Atvinna

Óskum eftir skipstjóra og vélstjóra til afleysinga á hvalaskoðunarbátinn Andreu. Vélarstærð 838 KW. Verða að hafa hóp og neyðarstjórnunar námskeið.
**Uppl. Í síma 892 8433**

## Fundir / Mannfagnaður

# Aðalfundur

Aðalfundur Fjáreigendafélags Rykjavíkur verður haldinn þriðjudaginn 21. apríl kl. 20 í Baðhúsinu í Fjárborg.

Fundarefni venjuleg aðalfundarstörf.

Reikningar félagsins liggja frammi til skoðunar í Baðhúsinu þriðjudaginn 14. apríl milli kl. 19-20.

Stjórnin

## *Aðalfundur*

Sjálfsbjörg félag fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu heldur aðalfund laugardaginn 18. apríl 2009 kl 14:00 í félagsheimilinu, Hátúni 12

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál

Þeir einir hafa kosningarrétt sem hafa greitt félagsgjaldið fyrir árið 2008. Félagsmenn eru hvattir til að mæta á fundinn

Stjórnin

## Tilkynningar

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Framlagning kjörskráa

Kjörskrár vegna kosninga til Alþingis sem fram eiga að fara laugardaginn 25. apríl 2009 skulu lagðar fram eigi síðar en föstudaginn 17. apríl 2009.

Kjörskrá skal leggja fram á skrifstofu sveitarstjórnar eða á öðrum hentugum stað sem sveitarstjórn auglýsir sérstaklega. Kjörskrá skal liggja frammi á almennum skrifstofutíma til kjördags.

Þeim sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá er bent á að senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn. Athygli er vakin á því að sveitarstjórn getur allt fram á kjördag gert leiðréttingar á kjörskrá, ef við á.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið,
7. apríl 2009.

GRINDAVÍK

### Auglýsing vegna breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020 í Svartsengi Grindavík

Bæjarstjórn Grindavíkur auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2000-2020 samkvæmt 2. mgr. 21. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin nær til afmörkunar iðnaðarsvæðis í Svartsengi.

HS-Veitur ráðgerir að reisa dælustöð hitaveitu til að mæta aukinni hitavatnsþörf á Suðurnesjum. Staðsetning fyrirhugaðrar dælustöðvar tekur mið af legu hitaveitulagnar, núverandi fyrirkomulags mannvirkja og sjónarmiða um aðgengi og kostnað. Ákjósanleg staðsetning dælustöðvar kallar á breytingu á afmörkun iðnaðarsvæðis í Svartsengi.

Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofum Grindavíkurbæjar að Víkurbraut 62 í Grindavík, virka daga kl. 9:30 - 15:00, frá 8.apríl til og með 29. apríl 2009. Einnig er unnt að skoða tillöguna á vefsvæði Grindavíkur, www.grindavik.is Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til forstöðumanns Tæknideildar Grindavíkurbæjar eigi síðar en 29. apríl 2009. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Grindavík, 6. apríl 2009
Bæjarstjóri Grindavíkur

Ingvar Þór Gunnlaugsson
forstöðumaður tæknideildar

Sveitarfélagið ÁRBORG

# Auglýsing
## um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

**Tillaga að breyttu deiliskipulagi að Austurvegi 69a á Selfossi.**
Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar Austurvegur 69 á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagssvæðið afmarkast að austan af nýjum mörkum lóðanna nr, 69 og 69a, á móti suður af lóðarmörkum við Austurveg, móti vestri af lóðarmörkum við Laugardælaveg og lóðarmörkum mót Laugardælalandi í norðri.

Vegna breytinga á lóðarmörkum minnkar lóð nr. 69 úr 30.588 m2 í 28.626 m2.. Gert er ráð fyrir tveim nýjum aðkoma frá Laugardælavegi inn á lóðina 69a. Byggingarreitur á lóð nr. 69a er stækkaður um 2.500 m2. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er óbreytt 0.70 Heildar byggingarmagn eykst úr 4.885 m2 með hámarks hæð 10 m. í 6.445 m2 og hámarkshæð í 18 m. Innan lóðarinnar er einnig 16 m2 byggingarreitur fyrir spennistöð.

**Tillaga að deiliskipulagi á lóð úr landi Litlu Sandvíkur land nr. 187651.**
Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi sumarhúsalóðar úr landi Litlu - Sandvíkur í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan gerir ráð fyrir lóð úr landi Litlu Sandvíkur land nr. 187651, lóðin 20.003 m2. Á lóðinni má byggja eitt sumarhús og gestahús. Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem frístundasvæði. Heimilt er að byggja allt að 150 m2 sumarhús og 40 m2 geymslu innan byggingarreits. Aðkoma er frá Eyrarbakkavegi um aðkomuveg að Sandvík og sumarhúsum í landi jarðarinnar.

**Tillaga að deiliskipulagi milli Sandgerðs, Strandgötu og Hásteinsvegar á Stokkseyri.**
Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi á Stokkseyri í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Strandgötu til vesturs, af Sandgerði til suðurs og Hásteinsvegi til norðausturs. Í gildandi aðalskipulagi fyrir svæðið er það skilgreint að hluta til sem íbúðarsvæði og sem blandað svæði íbúðarbyggðar, þjónustu og verslunar. Svæðið er allt innan hverfisverndar og skal því breyting á eldri húsum vera í samræmi við menningarleg markmið hverfisverndar.

Byggingar sem fyrir eru á deiliskipulagsreitnum rúmast allar innan viðkomandi byggingarreits. Skulu húsin að hámarki vera kjallari, ein hæð og ris. Mænishæð húsanna skal ekki vera meiri en 7,5 m. frá kjallaragólfi og ekki hærri en 6,5 m. frá fullfrágenginni lóðarhæð. Ekki er heimilt að reisa sérstæða bílgeymslu innan skipulagssvæðisins. Ef kæmi til uppbyggingu innar þessara lóða gæti staðsetning bygginga ráðist að mikilli nálægð þessara húsa.

Teikningar og greinargerðir vegna tillagnanna mun liggja frammi í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2 á Selfossi frá og með 8. apríl til og með 6. maí 2009.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eða er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 20. maí 2009 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2, 800 Selfossi.

**Á sama tíma eru teikningar og greinagerðir til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða þær og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.**

**Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan ofangreinds frests, teljast samþykkja þær.**

Selfossi, 3. apríl 2009.
Bárður Guðmundsson, skipulags- og Byggingarfulltrúi Árborgar.

# Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í Blaðbera

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

# Engill til handa



GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR
varaþingmaður skrifar um umhverfismál

Framan á bókinni Draumalandið er engill á leið í ferðalag. Hún ferðast á puttanum og heldur á skilti. Á því stendur Draumalandið. Mig langar til að taka hana upp í og fara með henni í ferð um Ísland framtíðarinnar. Það Ísland sem nú er að rísa úr viðjum vanans. Viðjum stóriðjuhugsunar, nýfrjálshyggju, græðgi og einkavinavæðingar.

Ég hef reyndar aldrei fengið tækifæri til að taka upp í bílinn til mín marga puttalinga, enda man ég varla eftir því að þeir hafi orðið á vegi mínum um landið, a.m.k. ekki með skilti um áfangastað. Í draumum mínum, sem og margra annarra, á ég þó minningu um rómantíkina sem í því felst að fara út á veg með léttan poka með nauðsynjum og ferðast á puttanum. Í leit að ævintýrum.

### Gildin og skyldurnar

Og Ísland er auðvitað ævintýraland. Hann sagði það Vestfirðingurinn í sjónvarpinu í fyrradag að tækifæri í ferðamennsku lægju á Vestfjörðum. Þar væri paradís á jörðu. Sjónvarpsvélin ýtti undir þá reynslu. Og minningar koma upp í hugann um landið okkar, náttúru og kraftmikla þjóð. Þjóð sem nú leitar í upprunann og hugar að grunngildum.

Í kvöld verður frumsýnd Draumalandið, heimildarmynd eftir Andra Snæ og Þorfinn Guðnason. Í viðtali í Morgunblaðinu í gær við framleiðanda myndarinnar, Sigurð Gísla Pálmason, segir að myndin fjalli um litla þjóð sem sé að leita að stórum lausnum. Að lærdómurinn sem megi draga af hruninu sé fyrst og fremst sá að okkar frumskylda sé að varðveita landið okkar, sjálfstæðið og frelsið. Að því megi aldrei fórna fyrir efnahagslegan ávinning.

### Góð viðskipti

Efnahagslegan ávinning? Er ekki margsinnis búið að sýna fram á það með efnahagslegum rökum að ný störf í áliðnaði kosta okkur margfalt meira en störf á öðrum sviðum og að gróðinn fer nær allur beint úr landi? Þykir okkur virkilega boðlegt að íslenskir bændur og íslenskir framleiðendur séu að borga margfalt hærra verð fyrir orkuna okkar heldur en alþjóðlegir auðhringir sem fara með gróðann beinustu leið burt?

Hin dapurlega staðreynd er sú að hinn efnahagslegi ávinningur er fátæklegur. Okkar stórkostlegu endurnýjanlegu orkugjafar sem eftir eru mega ekki verða bundnir á spottprís til enn eins álhringsins. Eitt mun gerast, sannið til: Orkuverðið til allra okkar hinna mun hækka. Er það þannig sem ríkisvæðing Sjálfstæðis-Sovétflokksins ætlar að byggja upp nýtt Ísland? Danir eru sú þjóð á Norðurlöndum sem hefur minnst af náttúrulegum auðlindum en eru ákaflega duglegir við útflutning á fjölbreytilegum sviðum, til dæmis í landbúnaði, en ekki síður í dönsku hugviti og hönnun þar sem markaðurinn er 80% útflutningur. Gætum við þar eitthvað lært?

### Er sýn Halldórs sú eina rétta?

Það veldur vonbrigðum að hlusta á nýjan formann Sjálfstæðisflokksins tala um endurnýjun og nýja kynslóð en boða gamlar lausnir. Álverð hrapar og forsendur allrar orkuöflunar og rafórkusamninga eru í fullkominni óvissu enda fyrirtækin að riða til falls. Það getur hreinlega ekki verið að hinni „menntuðu þjóð“ sem Sjálfstæðisflokkurinn segist hafa gert okkur að detti það eitt í hug að selja orkuna sína á brunaútsölu til alþjóðlegra auðhringja þegar kreppir að. Að þjóðin muni alltaf bera tapið en auðhringirnir gróðann áratugi fram í tímann. Og það telst hvorki framsækið né forsjált fyrir Íslands hönd að berjast fyrir framlengingu á íslenska ákvæðinu í Kýótó-bókuninni svo Ísland megi menga meira en aðrir. Það er ekki þannig sem við gerum unga fólkið stolt af framsæknu samfélagi. Átti ekki stærsta framkvæmd Íslandssögunnar, Kárahnjúkavirkjun, að redda okkur? Hefur hún gert það?

Nú leita þjóðir heims logandi ljósi að endurnýjanlegum orkugjöfum og leiðum til að byggja umhverfisvænna og sjálfbærara samfélag. Við Íslendingar höfum margt að gefa í þeim efnum. Sýn Halldórs Ásgrímssonar er ekki sú eina rétta, heldur ekki þegar Bjarni Ben býður upp á hana. Obama talar um græn störf, hvers vegna ekki við? Hér getum við byggt upp umhverfisvænt samfélag, græn störf sem þurfa ekki á „sérákvæðum“ að halda. Það ætti að vera okkar sýn til framtíðar.

### Paradísin

Með áframhaldandi gamaldags lausnum sem taka bæði fiskinn í sjónum og orkuna í iðrunum og gefa vildarvinum á sérkjörum á meðan samfélagi og náttúru blæðir – þá verða færri englar á ferli sem finna draumalandið. Komum í veg fyrir slíka gjörninga og höfum þor til að segja að þrátt fyrir efnahagsþrengingar ætlum við ekki að leita skammvinnra leiða úr þrengingum sem kosta okkur landið, sjálfstæðið og sjálfsvirðinguna. Þú brosandi engill í vegarkanti, vertu velkominn með okkur á leiðarenda, í paradís á jörð.


Auglýsingasími 512 50 50 – Mest lesið






Fann mikinn mun innan 3ja vikna
Margrét Óskarsdóttir

# Frábært að hægt sé að bæta ástand liðanna með náttúrulegu efni

Ég þurfti að fara í skurðaðgerð 1991, þar sem ég var með of löng liðbönd og var að smella úr lið í tíma og ótíma. Þannig að farið var að kvarnast upp úr liðbrjóskinu. Eftir aðgerðina minnkuðu verkirnir en hurfu ekki. Að ganga niður stiga og langar stöður ollu sárum verkjum. Starf mitt krefst þess að ég þarf að standa mikið og var það ekki auðvelt.

**Reyndi margt**
Ég hef reynt margar leiðir til að minnka verkina án þess að nota verkjalyf sem því miður dugðu ekki. Með árunum jukust verkirnir og útlitið var ekki bjart.

**NutriLenk til sölu á Íslandi**
Fyrir tæpu ári frétti ég af nýju bætiefni, NutriLenk, sem er vinsælt efni í Noregi og Svíþjóð, hjá fólki sem er með slitna og auma liði. Satt að segja var ég ekkert sérlega jákvæð á að NutriLenk gæti hjálpað mér frekar en margt annað en sló til, enda allt tilvinnandi. Byrjaðiá að taka inn 6 töflur á dag í tvær vikur samkvæmt ráðleggingum og eftir það 2 töflur á dag.

**Eftir 2-3 vikur fann ég greinilegan mun**
Já, það ótrúlega gerðist, ég fann greinilegan mun eftir 2-3 vikur á NutriLenk

Nú tæpu ári seinna er ég nánast verkjalaus og einnig eru verkir vegna slits í fingrum horfnir.

Ég tek nú inn 2 töflur af NutriLenk á dag og ég get sannarlega sagt að NutriLenk hefur gert kraftaverk fyrir mig.

Það að standa við afgreiðslu, ganga niður brekkur og stiga er ekki stórmál lengur ...

Ég horfi bjartsýn til framtíðar, NutriLenk er himnasending fyrir mig og frábært að það skuli vera hægt að bæta liðheilsuna með náttúrulegu efni segir Margrét að lokum.

## Hvað getur NutriLenk gert fyrir þig?

Með árunum rýrnar brjóskvefurinn sem veldur því að liðirnir slitna. Þetta er náttúrulegt ferli. Mjög margir finna fyrir miklum óþægindum þegar beinin byrja að núast saman, sérstaklega í stóru liðamótum eins og í mjöðmum, hryggjar-og hnjáliðum. Þess vegna er allt tilvinnandi að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.



Heilbrigður liður | Liður með slitnum brjóskvef

**Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðbrjóskið**
NutriLenk inniheldur náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskvefinn og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski. Unnið úr sérvöldum fiskibeinum úr hafinu sem hefur sýnt fram á að vera fyrsta flokks byggingarefni til að styðja við brjóskvefinn og viðhalda honum.

**Vara ársins!**
NutriLenk hefur hjálpað fjölmörgu fólki. NutriLenk var valið heilsuvara ársins 2004 í Noregi. NutriLenk er 100% náttúruleg vara sem er mjög gagnleg þeim sem þjást af brjóskvefsrýrnun. Prófið sjálf-upplifðu breytinguna!

**NutriLenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum og stærri Hagkaupsverslunum.**




**Mikilvægt er að annast sig vel allt lífið.**
Mjög nauðsynlegt er að neyta góðs kalks með D-vítamíni fyrir beinin. KOLOS er t.d. góður kostur, öflugt D-vítamín með kalki. 1 glas af KOLOS inniheldur 180 töflur sem er 6 mánaða skammtur og á góðu verði.
**Umboðsaðili: Gengur vel ehf.,**



# Til hamingju foreldrahús

**Reykjavík**
101 Reykjavík fasteignasala ehf, Laugavegur 66
About Fish Íslandi ehf, Tryggvagötu 16
Annata ehf, Mörkinni 4
Arkform, T.G.M. ráðgjöf, Ármúla 38
Arkitektastofan Austurvöllur, Ármúla 24
Árbæjarkirkja, v/ Rofabæ
Ásbjörn Ólafsson ehf, Skútuvogi 11a
B.K.flutningar ehf, Krosshömrum 2
Bernharð Laxdal ehf, Laugavegi 63
Betra líf ehf, Kringlunni 8
BGI málarar ehf, Brekkubæ 17
Bílasmiðurinn hf, Bíldshöfða 16
Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 23
BSR ehf, Skógarhlíð 18
BSRB, Grettisgötu 89
Danica sjávarafurðir ehf, Laugavegi 44
Drafnarfell ehf, Stórhöfða 35
Ernst & Young hf, Borgartúni 30
Esja Kjötvinnsla ehf, Dugguvogi 8
Exton ehf, Fiskislóð 10
Eyrir fjárfestingafélag ehf, Skólavörðustíg 13
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Faxaflóahafnir sf, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17
Félagsbústaðir hf, Hallveigarstíg 1
Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Ármúla 12
GP arkitektar ehf, Austurstræti 6
Grásteinn ehf, Grímshaga 3
Guðmundur Óli Scheving
Gunnar afi SH 474
Halldór Jónsson ehf, Skútuvogi 11
Hamraskóli, Dyrhömrum 9
HGK ehf, Laugavegi 13
HJ bílar ehf, Berjarima 35
Hjálpræðisherinn á Íslandi, Kirkjustræti 2
Hreyfimyndasmiðjan ehf, Garðsenda 21
Hús verslunarinnar sf, Kringlunni 7
Hússtjórnarskóli Reykjavíkur, Sólvallagötu 12
Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
Icefin.is, Nóatúni 17
Iceland Seafood ehf, Köllunarklettsvegi 2
Iðntré ehf, Draghálsi 10
Innheimtustofnun sveitarfélaga, Lágmúla 9
Íslensk endurskoðun ehf, Bogahlíð 4
Ís-rós ehf, Sléttuvegi 7
Íþróttafélagið Fylkir, Fylkisvegi 6
JP Lögmenn ehf, Lágmúla 5
Kaþólska kirkjan á Íslandi, Hávallagötu 14-16
Kjöthöllin ehf, Skipholti 70 og Háaleitisbraut
Lagnagæði ehf, Flúðaseli 94
Lausn hugbúnaður, hýsing og ráðgjöf ehf
Lifandi vísindi, Klapparstíg 25-27
Lindin, kristið útvarp FM 102,9, Krókhálsi 4
List og saga ehf, Engjaseli 41
Lyfjaver ehf, Suðurlandsbraut 22
Lögmannsstofan Réttur, Klapparstíg 25-27
Löndun ehf, Pósthólf 1517
Marinó Jóhannsson ehf, Eyktarási 17
Matthías ehf, Vesturfold 40
Nexus afþreying ehf, Hverfisgötu 103
Nói-Síríus hf, Hesthálsi 2-4
Ósal ehf, Tangarhöfða 4
Prentsmiðjan Oddi hf, Höfðabakka 7
Pústþjónusta ÁS ehf s: 562-8966, Nóatúni 2,
Rafsvið sf, Haukshólum 9
Reykjavíkurprófastsdæmi eystra, Þangbakka 5
Rimaskóli, Rósarima 11
Rolf Johansen & Co ehf, Skútuvogi 10a
Samhjálp, Stangarhyl 3a
Seljakirkja, Hagaseli 40
Sér ehf, Kringlunni 8-12
SFR stéttarfélag í almannaþjónustu, Grettisgötu 89
SÍBS, Síðumúla 6
Sjálfstæðisflokkurinn, Háaleitisbraut 1
Sjómannadagsráð, Laugarási Hrafnistu
Skólavefurinn.is, Laugavegur 163
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14
Sprinkler pípulagnir ehf, Bíldshöfða 18
Starfsmannafélag Reykjavíkur, Grettisgötu 89
Strúctor byggingaþjónusta ehf, Vesturbergi 161
Sægreifinn - heimsins besta humarsúpa, Við Geirsgötu
Tannlæknastofa Björns Þorvaldssonar, Síðumúla 25
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur
Tannlæknastofa Jóns Viðars ehf, Skólavörðustíg 14
Tannréttingar sf, Snorrabraut 29
Tannþing ehf, Þingholtsstræti 11
TCM Innheimta ehf, Suðurlandsbraut 4A
Teymi ehf, Suðurlandsbraut 18
Timberland, Kringlunni, Kringlunni 4-12
Trésmiðjan Jari ehf, Funahöfða 3
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf, Vesturhlíð 2
Verkfræðistofan VIK ehf, Laugavegi 164
Víkurós ehf, bílamálun og réttingar, Bæjarflöt 6
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
Wilson's Pizza, Gnoðavogi 44
Yogastöðin Heilsubót, Síðumúla 15
Þorsteinn Bergmann ehf, Skólavörðustíg 36
Ögurvík hf, Týsgötu 1

**Seltjarnarnes**
Seltjarnarnesbær, Austurströnd 2
Seltjarnarneskirkja, Kirkjubraut 2
Veislan veitingaeldhús www.veislan.is

**Vogar**
V.P.vélaverkstæði ehf, Iðndal 6

**Kópavogur**
Léttfeti ehf - Sendibíll, Engihjalla 1
Allianz á Íslandi hf, Digranesvegi 1
AP varahlutir ehf, Smiðjuvegi 4
Bílamálunin Varmi ehf, Auðbrekku 14
Bílaþvottastöðin Löður ehf, Bæjarlind 2
dk hugbúnaður ehf., dk.is, Hlíðasmára 17
Eignarhaldsfélag Brunabótafélag Íslands
Fiskó, gæludýraverslun, Dalvegi 16a
Glófi ehf, Auðbrekka 21
Gæðaflutningar ehf, Krossalind 19
Hörðuból ehf, Huldubraut 52
Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a
Kópavogsbær, Fannborg 2
Malbikun H.G. ehf, Kópavogsbraut 4
Marás ehf, Akralind 2
Nýmót ehf, Lómasölum 1
Ókeypis prjónaklúbbur www.tinna.is
Rafmiðlun hf, Ögurhvarfi 8
Skipasalan ehf, Bæjarlind 14-16
Snælandsskóli, Víðigrund
Suðurverk hf, Hlíðarsmára 11
Tónlistarskóli Kópavogs, Hamraborg 6
Valflutningar ehf, Brekkuhvarfi 11
Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar

**Garðabær**
Garðabær, Garðatorgi 7
Haraldur Böðvarsson og co ehf, Birkihæð 1
Hurðaborg ehf, Sunnuflöt 45
Ísafoldarprentsmiðja ehf, Suðurhrauni 1
Loftorka Reykjavík hf, verktaki, Miðhrauni 10
Vistor hf, Hörgatúni 2
Wurth á Íslandi ehf, Vesturhrauni 5

**Hafnarfjörður**
Alexander Ólafsson ehf, Álfhellu 1
Eiríkur og Einar Valur hf, Breiðvangi 4
Guðmundur Rúnar Ólafsson, tannlæknir
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Gullhellu 1
Sæli ehf, Smyrlahrauni 17
Umbúðamiðlun efh, Pósthólf 470
Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64
Vélslípun ehf, Drekavöllum 26
Vélsmiðja Guðmundar ehf, Íshellu 10
Viðhald og nýsmíði ehf, Helluhrauni 2

**Bessastaðahreppur**
Sveitarfélagið Álftanes, Bjarnastöðum

**Reykjanesbær**
Bókhald og skattur ehf, Iðavöllum 9
DMM Lausnir ehf, Iðavöllum 9b
Fitjavík ehf, Fitjum
Grímsnes ehf, Háseyla 36
Íslenska félagið ehf, Iðavellir 7a
Rafiðn ehf, Víkurbraut 1
Reiknistofa fiskmarkaða hf, Iðavöllum 7
Renniverkstæði Jens Tómassonar, Fitjabakka 1c
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Rörlagningamaðurinn ehf, Norðurvöllum 18
Sjúkraþjálfunarstöðin Átak ehf, Aðalgötu 10
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14

**Grindavík**
Einhamar Seafood ehf, Verbraut 3a
Marver ehf, Stafholti
Vélsmiðja Grindavíkur ehf, Seljabót 3

**Garður**
Sveitarfélagið Garður, Sunnubraut 4

**Mosfellsbær**
Elektrus ehf - löggiltir rafverktakar, Bröttuhlíð 1
Garðyrkjustöðin Gróandi, Grásteinum
Ísfugl ehf, Reykjavegi 36
Kjósarhreppur www.kjos.is, Ásgarði
Kvenfélag Lágafellssóknar
Nonni litli ehf, Þverholt 8
Nýja bílasmiðjan hf, Flugumýri 20

**Akranes**
Akraneskaupstaður, Stillholti 16-18
Apótek Vesturlands ehf, Smiðjuvöllum 32
Elkem, Ísland ehf, Grundartanga
GT Tækni ehf, Grundartanga
Runólfur Hallfreðsson ehf, Álmskógum 1
Straumnes ehf, rafverktakar, Krókatúni 22-24

**Borgarnes**
Bókhalds- og tölvuþjónustan sf, Böðvarsgötu 11
Eyja- og Miklaholtshreppur, Hofstaðir
Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri
SÓ Húsbyggingar sf, Litlu Brekku
Sæmundur Sigmundsson ehf, Brákarey
Þjónustumiðstöðin Húsafelli ehf, Húsafelli 3

**Stykkishólmur**
Rauði kross Íslands Stykkishólmsdeild, Sundabakka 1
Sæfell ehf, Hafnargötu 9

**Ólafsvík**
Kvenfélag Ólafsvíkur

**Hellissandur**
Nónvarða ehf, Bárðarási 6

**Búðardalur**
Hjúkrunarheimilið Fellsendi, Fellsenda

**Reykhólahreppur**
Glæðir, blómáburður sími: 866 9386, Hellisbraut 18
Hólakaup ehf, Hellisbraut 72

**Ísafjörður**
Ferðaþjónustan í Heydal, Mjóafjörður
Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Suðurgötu 12
Tréver sf, Hafraholti 34

**Bolungarvík**
Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyrar ehf

**Súðavík**
Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3

**Patreksfjörður**
Nanna ehf, v/Höfnina

**Tálknafjörður**
Eik hf, trésmiðja, Strandgötu 37
Tálknafjarðarhreppur, Miðtúni 1

**Blönduós**
Búnaðarþing Húnaþings og Stranda, Húnabraut 13
Holtsmúli vélainnflutningur, Auðkúlu 1
Húnavatnshreppur, Húnavöllum
Vélsmiðja Alla ehf, Efstabraut 2

**Skagaströnd**
Sveitarfélagið Skagaströnd, Túnbraut 1-3

**Sauðárkrókur**
Aldan - stéttarfélag, Sæmundargötu 7a
Kvenfélagið Framför
Verslun Haraldar Júlíussonar, Aðalgötu 22

**Fljót**
Kvenfélagið Framtíðin, Ökrum

**Siglufjörður**
Egilssíld ehf, Gránugötu 27

**Akureyri**
Baugsbót sf, bifreiðaverkstæði, Frostagötu 1b
Blikkrás ehf, Óseyri 16
Eggjabúið Gerði ehf, Þórsmörk
Félag málmiðnaðarmanna Akureyri, Skipagötu 14
Haraldur Helgason ehf, Skarðshlíð 7
Ísgát ehf, Lónsbakka
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b
Purity Herbs snyrtivörur ehf, Furuvöllum 5
Sjúkrahúsið á Akureyri, Eyrarlandsvegi
Steypusögun Norðurlands ehf, Víðivöllum 22
Tannlæknastofa Árna Páls Halldórssonar, Mýrarvegi
Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar, Brekkugötu 1 b

**Grenivík**
Jói ehf, Melgötu 8
Grímsey
Grímseyjarhreppur, Öldutúni 1
Sæbjörg ehf, Öldutúni 3

**Húsavík**
Framhaldsskólinn á Húsavík, Stóragarði 10
Hóll ehf, Höfða 11
Lindi ehf, Ketilsbraut 13
Sorpsamlag Þingeyinga ehf, Víðimóar 2

**Laugar**
Framhaldsskólinn á Laugum, Laugum Reykjadal
Norðurpóll ehf, Laugabrekku Reykjadal

**Egilsstaðir**
Bókráð,bókhald og ráðgjöf ehf, Tjarnarlöndum 18
Fellaskóli, Fellabæ
Fljótsdalshérað, Lyngási 12
Miðás hf (Brúnás innréttingar), Miðási 9

**Seyðisfjörður**
Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

**Eskifjörður**
Bókabúðin Eskja / Lindarbrekkufrænkur, Hólsvegi 5
Eskja hf, Strandgötu 39
Fjarðaþrif ehf, Kirkjustíg 2

**Neskaupstaður**
Rafgeisli Tómas R Zoéga ehf, Hafnarbraut 10

**Fáskrúðsfjörður**
Fáskrúðsfjarðarkirkja, Skólavegi 69

**Breiðdalsvík**
Héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis syðra

**Höfn í Hornafirði**
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellsýslu, Nýheimum
H. Christiansen ehf, Kirkjubraut 26
Mikael ehf, Norðurbraut 7
Sveitafélagið Hornafjörður, Hafnarbraut 27

**Öræfum**
Félagsbúið Hnappavöllum 4, Hnappavöllum 4

**Selfoss**
Björgunarfélag Árborgar, Austurvegi 54
Búnaðarfélag Villingaholtshrepps, Hurðabaki
Esekiel ehf, Borgarbraut 16
Fossvélar ehf, Hellismýri 7
Hitaveita Frambæja, Skarði
Krossfiskur ehf, Þrastarima 14
Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps, Vorsabæjarhjáleigu
Pípulagnir Helga ehf, Baugstjörn 17
Pylsuvagninn Selfossi, Besti bitinn í bænum
Sigurður Ágúst ehf, Tröllhólum 3
Tannlæknastofa Halls og Petru, Selfossi og Hellu
Veitingastaðurinn Menam, Eyrarvegi 8

**Hveragerði**
Hveragerðisprestakall, Bröttuhlíð 5

**Þorlákshöfn**
Þorláks- og Hjallakirkja, Reykjabraut 11

**Stokkseyri**
Eggert og Pétur ehf, Heiðarbrún 20
Kvenfélag Stokkseyrar

**Flúðir**
Héraðssjóður Árnesprófastsdæmis, Hruna
Hrunaprestakall, Hruna

**Hella**
Sólfugl ehf, Heiðvangi 6

**Hvolsvöllur**
Héraðsbókasafn Rangæinga, Vallarbraut 16

**Vestmannaeyjar**
Tvisturinn ehf, Faxastíg 36

**1999 - 2009**

# Foreldrahús 10 ára

Foreldrahús var stofnað af Vímulausri æsku 8. apríl 1999 og er því 10 ára í dag. Opnun hússins var mjög mikilvægur áfangi í eflingu starfs samtakanna en markmiðið var að koma betur til móts við foreldra sem leita sér aðstoðar hjá Vímulausri æsku. Foreldrahús var fyrst í Vonarstræti en nú hafa samtökin flutt sig um set og eru í stórglæsilegu húsnæði í Borgartúni 6. Húsnæði sem rúmar þá blómlegu starfsemi sem þar á sér stað.

Á þessum erfiðu tímum sem Íslendingar búa við í dag eru möguleikar á því að skóinn fari að kreppa í lífi barna og unglinga í samfélaginu okkar. Ákveðið hefur verið að bregðast við því af fullum krafti í samtökunum. Sett hefur verið á laggirnar úrræðið V.E.R.A sem er fyrir börn og unglinga með áhættuhegðun og fjölskyldur þeirra. Úrræðið stendur fyrir Virðing, Efling, Reynsla og Auður. Markhópurinn er fyrst og fremst aldursbilið 6 -18 ára börn og þar verður unnið með einstaklinga sem eru með hegðunarerfiðleika og tilfinningalega vanlíðan. Stuðningur við þessi börn og foreldra þeirra er mikilvægur til að hindra að þessi börn leiðist út í slæman félagsskap eða í andstöðu við samfélagið. Um er að ræða hópastarf, foreldrastarf, fjölskyldukvöld og svo vettvangsferðir með börnin.

Í nýja húsnæðinu er góð aðstaða til að vinna með sjálfstyrkingarnámskeiðin fyrir börnin og unglingana sem eru löngu orðin þekkt meðal fólks og hafa verið rúmlega 30 hópar starfandi á síðasta ári. Vilja samtökin leggja ofuráherslu á mikilvægi fyrsta stigs forvarna því það skilar sér í betra samfélagi ef til lengri tíma er litið. Unglingar sem kunna að setja mörk og segja NEI eru betur í stakk búnir til þess að takast á við óæskilegan þrýsting frá jafnöldrum.

Við leggjum metnað í það að vinna með unglingana sem eru að reyna að rétta úr kútnum eftir neyslu og því eru samtökin með ábyrgðarmikið starf fyrir unglinga sem eru að koma úr meðferð á vegum ríkisins. Það að halda utan um unglingana eftir að



meðferð lýkur skiptir sköpum í lífi þeirra svo þau fari ekki út af þeirri beinu braut sem þau hafa reynt að koma sér á. Það kostar unglingana gífurlega vinnu og halda þarf vel utanum þau. Ráðgjafarnir sem vinna hjá samtökunum hafa sinnt því starfi vel og unglingarnir hafa kost á því að hafa samband við rágjafana sína allan sólarhringinn allan ársins hring því vandinn kemur ekki síst upp á kvöldin og um helgar.

Stefna samtakanna er að vera lifandi og til handa foreldrum og börnum í íslensku samfélagi. Forvarnir eru mikilvægar og hafa aldrei verið mikilvægari en einmitt nú í því árferði sem við búum við í dag. Við sjáum fullt af tækifærum í framtíðinni og stefnum ótrauð áfram í baráttunni fyrir bættu samfélagi til handa börnum og unglingum og foreldrum þeirra.

Ég vonast til að sem flestir sjái sér fært að koma á afmælishátíð okkar í Foreldrahúsi, Borgartúni 6 í Reykjavík, laugardaginn 18. apríl nk.

*Gleðilega páska,*
*Ölöf Ásta Farestveit*

**Foreldrahús**
Borgartúni 6 105 Reykjavík 511 6161

vimulaus.is

Starfsemi í Foreldrahúsi skiptist í þrjá megin flokka; forvarnir, íhlutun og eftirmeðferð.
Í Foreldrahúsinu er boðið uppá fjölskylduráðgjöf, foreldrahópa, sjálfsstyrkinga- og forvarnanámskeið fyrir foreldra, börn og unglinga og eftirmeðferð.
Þegar daglegri starfsemi lýkur tekur foreldrasíminn 581-1799 við, en hann er opinn allan sólarhringinn. Samtökin hafa frá upphafi verið öflug í útgáfu fræðsluefnis og hafa gefið reglulega út fjölda af tímaritum og forvarnabæklingum. Einnig hefur verið gefið út fræðsluefni á geisladiskum og myndböndum.

## Af hverju Foreldrahús?

- Til þess að efla forvarnir með þátttöku og stuðningi allra foreldra í landinu.
- Til þess að vinna að viðhorfsbreytingu í samfélaginu gegn umburðarlyndi gagnvart unglingadrykkju og neyslu annarra vímuefna og hvetja foreldra og forráðamenn til að virða útivistartímann.
- Til þess að styðja og efla foreldra, hjálpa þeim til að missa ekki trúna á sjálfa sig sem foreldri þegar börn eða ungmenni ánetjast áfengi eða öðrum vímuefnum.
- Til þess að tryggja foreldrum og börnum að hagsmuna þeirra sé gætt þegar unnið er að málefnum þeirra.
- Til þess að veita stuðning og ráðgjöf frá öðrum foreldrum sem hafa verið eða eru í svipaðri aðstöðu.
- Til þess að vera með stuðningshópa fyrir foreldra sem fagaðilar og foreldrar sjá um.
- Til þess að veita fjölskylduráðgjöf og viðtöl á lágmarksgjaldi hjá fagaðilum.
- Til þess að beita sér opinberlega fyrir úrbótum í vímuefnamálum ungmenna.

## BOÐSKORT

*Við erum 10 ára*
**Foreldrahús**
1999 - 2009
*Af því tilefni er þér og þínum boðið í afmælið*
laugardaginn 18. apríl nk.
kl. 14 - 17 í Borgartún 6
verðum á bílastæðinu á bakvið

*Dagskrá*
frábær dagskrá fyrir fjölskylduna
ma grillpylsur, drykkir og töframaður
hoppikastali og margt fleira

láttu sjá þig :)

FORELDRAHÚS
BORGARTÚNI 6 105 REYKJAVÍK
s. 511 6161 vimulaus@vimulaus.is www.vimulaus.is

Samkeppni milli háskóla

# Samkeppnisstaða BSV



ÞÓRHALLUR GUÐLAUGSSON
Dósent í viðskiptafræðideild HÍ


AUÐUR HERMANNSDÓTTIR
Forstöðumaður Viðskiptafræðistofnunar dósent í viðskiptafræðideild HÍ


ESTER RÓS GÚSTAVSDÓTTIR
verkefnisstjóri BSV


Haustið 2008 fór viðskiptafræðideild Háskóla Íslands af stað með viðskiptafræðinám í kvöldskóla. Námið hefur gengið undir nafninu BSV, eða BS-nám með vinnu. Námið er hugsað fyrir þá sem vilja verða sér úti um háskólagráðu í viðskiptafræði en hafa af einhverjum ástæðum ekki möguleika á því að stunda nám í dagskóla. Ástæðurnar geta verið margvíslegar s.s. skuldbindingar er tengjast vinnu eða fjölskyldu.

Þessu námstilboði var afar vel tekið og stunda nú um 70 nemendur námið. Það er ánægjulegt, sérstaklega þegar haft er í huga að samkeppnisstaðan er afleit borin saman við hina svokölluðu einkaháskóla.

### Samkeppnisstaða BSV

Þegar talað er um afleita samkeppnisstöðu í þessu samhengi er átt við þá staðreynd að nám sem þetta flokkast undir svokallaða þjónustukennslu sem háskóladeild er ekki skylt að veita eða sinna. Námið er því ekki fjármagnað af hinu opinbera með svokölluðum þreyttum einingum heldur eru tekin skólagjöld af nemendum til að standa undir kennslu, kynningum og þjónustu við nemendur. Gjaldið fyrir næsta skólaár er kr. 50.000 fyrir hvert námskeið, sem er sambærilegt gjald og HR og Bifröst taka. Það sem er hins vegar undarlegt við fyrirkomulagið er að einkaskólarnir, HR og Bifröst, fá til viðbótar framlag frá hinu opinbera. Sú upphæð bætist þá við þau gjöld sem skólarnir innheimta af nemendum. Miðað við reikniflokk félagsvísinda gætu tekjur einkaskólanna verið 75-85% hærri fyrir hvert námskeið, fyrst og fremst vegna tekna frá hinu opinbera. Það er auðvitað dálítið undarlegt að horfa upp á það að einkaframtakið skuli byggja samkeppnisstöðu sína á slíku framlagi.

Á sama tíma er ekkert sem bendir til þess að nemendur í einkaskólunum fái betri eða meiri þjónustu en nemendur í BSV viðskiptafræðideildar. Kennarar uppfylla allir þær ströngu kröfur sem gerðar eru til kennara í Háskóla Íslands og námið hefur skýra þjónustustefnu og þjónustuviðmið.

Vegna þessa hafa einkaskólarnir mun meira fjármagn til að setja í kynningarstarf og annað sem er líklegt til að draga að nemendur og vekja athygli á náminu. Það má því halda því fram að skattgreiðendur kosti kynningarstarf einkaskólanna í þeim tilgangi að hafa betur í samkeppninni við ríkisháskóla, sem þeir eiga þó sjálfir!

### Samkeppnin

Á undanförnum misserum hefur nokkuð verið rætt um samkeppni milli háskóla. Það er þá gjarnan gert með jákvæðum formerkjum, þ.e. að með tilkomu samkeppninnar batni starf skólanna. Líklega er eitthvað til í því ef horft er á málið út frá markaðslegu sjónarhorni. Samkeppni getur virkað sem hvati til að standa sig betur. Það sem kemur þó mörgum í Háskóla Íslands spánskt fyrir sjónir er það viðhorf að samkeppnin sé nýtilkomin. Alla tíð hefur verið ákveðin samkeppni milli deilda skólans og nemendur hafa getað farið til útlanda í nám. Aukið val hér heima ætti þó að koma nemendum til góða. Einn mælikvarði á samkeppni er að neytendur hafi raunverulega valkosti. Þannig geti það verið kostur fyrir nemendur að geta valið milli skóla A, B eða C.

Samkeppnin hefur hins vegar á sér margar hliðar og þegar rætt er um samkeppni á skólamarkaði þarf að vera ljóst við hvað er átt. Snýst samkeppnin fyrst og fremst um að laða að sér sem flesta nemendur og fá þannig greitt fyrir sem flestar þreyttar einingar? Eða snýst hún einnig um hæfa kennara, góða kennsluaðstöðu, góða rannsóknaraðstöðu og að geta boðið upp á annan þann búnað og aðstöðu er prýðir góðan háskóla? Snýst hún ekki einnig um að hið opinbera mismuni ekki nemendum?

Ef svo er, þurfa þá ekki að gilda sömu leikreglur fyrir alla sem keppa á markaðinum?

> Snýst samkeppnin fyrst og fremst um að laða að sér sem flesta nemendur og fá þannig greitt fyrir sem flestar þreyttar einingar?






**MICROSOFT-TOPPAR** Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi, og Barbara Gordon, aðstoðarforstjóri hjá Microsoft og hæst setti yfirmaður félagsins sem hingað hefur komið til ráðstefnuhalds, gáfu sér nýverið tíma til að setjast niður með blaðamanni. MARKAÐURINN/STEFÁN

# Kreppan ekki látin fara til spillis

## Barbara Gordon, einn af æðstu yfirmönnum Microsoft, sótti landið nýverið heim.

„Synd væri að láta kreppuna fara til spillis," segir Barbara Gordon, aðstoðarforstjóri söluviðs Microsoft til fyrirtækja og samstarfsaðila (Enterprise & Partner Group, EMEA).

Barbara er hæst setti stjórnandi Microsoft-samsteypunnar sem sótt hefur landið heim, en hún var hér nýverið á ráðstefnu fyrirtækisins. Hún segir upplýsingatæknina geta komið að notum í niðursveiflu efnahagslífsins.

### TVÍÞÆTT SKILABOÐ HÉÐAN

Barbara er önnum kafin við ráðstefnuhald og kynningarstarf hjá Microsoft, en hún er í hópi þeirra sem leggja línurnar í stefnu fyrirtækisins til lengri tíma. Hingað kom hún beint frá París þar sem hún er búsett, en dagana og vikurnar þar á undan var hún á þeytingi í Moskvu, Þýskalandi, Frakklandi, Bretlandi og Portúgal. „Mig langaði hins vegar að koma hingað og fá tækifæri til að setjast niður með stjórnendum helstu fyrirtækja og félagasamtaka og svo líka með samstarfsfyrirtækjum Microsoft hér á landi," segir hún. Ástæðuna segir hún meðal annars vera hversu hart fjármálakreppa heimsins hafi leikið landið og því hafi hún viljað koma hingað og upplifa ástandið sjálf.

„Skilaboðin sem ég fæ eru að ég tel tvíþætt. Annars vegar er fólk upptekið af því að ástandið hafi verið erfitt og engin furða. Fólk segir að grundvallarbreyting hafi orðið á því hvernig það hagar lífi sínu. Hin skilaboðin eru að tekin séu að sjást jákvæð ummerki, landið sigli nú nærri botni kreppunnar og verði fyrsta landið til að rétta aftur úr kútnum." Jafnframt kveðst Barbara finna fyrir því að fólk vilji hverfa aftur til eldri grunngilda í samfélaginu og leggja áherslu á þá hluti sem mestu máli skipti.

### KOSTIR UPPLÝSINGATÆKNINNAR ERU ÞEKKTIR

„Öllum má ljóst vera að hér á Íslandi og um heiminn ríkir kreppa og það eru engin ný tíðindi," segir Barbara Gordon, en kveður um leið í henni felast tækifæri til að nota nýsköpun til að koma á breytingum í fyrirtækjarekstri. „Þetta snýst um að auka skilvirkni og hagkvæmni í rekstri, en slíkir þættir geta ráðið úrslitum um hvernig við komum út úr kreppunni. Upplýsingatæknin nýtist svo sem hreyfiafl þessarar nýsköpunar."

Barbara kveðst hins vegar ekki óttast að upplýsingatæknin verði látin gjalda fyrir hrakfarir fjármálaheimsins, þar sem færslur og peningar eru jú allar rafrænar, eða að kallað verði eftir einhvers konar afturhvarfi fjármálaheimsins til áþreifanlegri hluta. „Ég held að fólk tengi ekki þær breytingar sem upplýsingatæknin hefur haft í för með sér við vinnsluferla í fjármálageiranum og fall hans, enda þekkja flestir af eigin raun ábatann sem upplýsingatæknin hefur haft í för með sér. Nægir þar að nefna tölvupóstinn, sem verið hefur í almennri notkun í lengri tíma en síðustu þrjú uppgangsár fjármálaheimsins. Fólk hefur notað tölvupóst í tuttugu ár og notar tæknina sér til hagsbóta og þæginda í samskiptum. Spurningin nú er hvernig tæknin getur orðið drifkraftur næstu bylgju nýsköpunar. Hvernig er hægt að draga úr ferðakostnaði? Jú, með því að fara hvergi. Samt þarf að eiga í samskiptum við fólk og viðhalda tengingum og samstarfi. Við höfum tæknina til að aðstoða við það."

### FINNA LEIÐIR ÞEGAR STEFNAN ER ORÐIN LJÓS

Þá segir Barbara að Microsoft vilji leggja sitt af mörkum til þess að létta fyrirtækjum og raunar hagkerfinu öllu róðurinn í kreppunni, svo sem með því að festa gengi gjaldmiðla í viðskiptum félagsins hér á landi, líkt og hér hafi verið gert um miðjan mars þegar gengi evru var fest við 120 krónur.

„Við viljum hjálpa til eins og við getum og þar sem við getum haft áhrif," segir Barbara, en Microsoft sem fjölþjóðafyrirtæki vinnur að ýmsum málum með stjórnvöldum á hverjum stað. „Við hjálpum til dæmis við að finna leiðir þar sem notkun upplýsingatækninnar getur hjálpað til í aðgerðum sem ætlað er að efla hagvöxt. Þegar stjórnmálamaður á borð við Obama Bandaríkjaforseta, eða Merkel Þýskalandskanslara, segir eitthvað á borð við að þau vilji veita fjármagni út í hagkerfið til að ýta undir eftirspurn, þá vinnum við með fyrirtækjunum í að hrinda slíkum hlutum í framkvæmd. Við notum tækni okkar til að búa til eftirspurnina. Við erum hins vegar ekkert hreyfiafl hagkerfa og erum ekki félag sem getur skrúfað upp það flæði fjármagns sem þarf til að koma heiminum upp úr kreppunni. Það sem við getum gert er að hjálpa til við að draga úr kostnaði og bæta samskiptin við viðskiptavini okkar."

olikr@markadurinn.is





| | Skírdagur 9. apríl | Föstud. langi 10. apríl | Laugardagur 11. apríl | Páskadagur 12. apríl | Annar í Páskum 13. apríl |
|---|---|---|---|---|---|
| ÁRBÆJARLAUG | kl. 10-18 | kl. 10-18 | kl. 08-22 | kl. 10-18 | kl. 10-18 |
| BREIÐHOLTSLAUG | kl. 10-18 | Lokað | kl. 08-20 | Lokað | kl. 10-18 |
| GRAFARVOGSLAUG | kl. 10-18 | Lokað | kl. 08-20.30 | Lokað | kl. 10-18 |
| KLÉBERGSLAUG | Lokað | Lokað | kl. 11-15 | Lokað | kl. 11-17 |
| LAUGARDALSLAUG | kl. 08-22 | kl. 10-18 | kl. 08-22 | kl. 10-18 | kl. 08-22 |
| SUNDHÖLLIN | kl. 10-18 | Lokað | kl. 8-19 | Lokað | kl. 10-18 |
| VESTURBÆJARLAUG | kl. 10-18 | Lokað | kl. 08-20 | Lokað | kl. 10-18 |

Laugarnar í R
ÍTR Skemmtilegur frítími






DUBBELDUSCH
eftir Björn Hlyn Haraldsson

5 GRÍMUTILNEFNINGAR
Besta aðalleikkona. Besti aðalleikari. Besta sýning. Besta leikrit. Besta tónlist.

SÝNT Í HAFNARFJARÐARLEIKHÚSINU

Miðasala í síma 555 2222 og á midi.is
CARAVAN.IS BÍLALEIGA AKUREYRAR National Car Rental

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Hugmyndir um að greiða ekki erlendar skuldir eru varasamar. Þjófar eiga óvíða upp á pallborðið.

# Þjóðin þarf að standa við sitt

Óli Kristján Ármannsson

Forvitnilegt væri að vita hvað ræður því í þjóðarsálinni að hér á landi virðist eiga nokkurn hljómgrunn að fólk eigi ekki að borga skuldir sínar. Á það bæði við um hugmyndir um fimmtungsniðurfellingu skulda og um að íslenska ríkið eigi ekki að greiða skuldir í útlöndum.

Freistandi væri að draga einhverjar samlíkingar við að þjóðin hafi verið á neyslufylleríi og að líta mætti á hrun fjármálakerfisins sem „meðferð“ af einhverju tagi, enda ófáir sem gengið hafa í gegnum eitthvert slíkt ferli, jafnvel margoft. Þjóðin sé mætt strokin og fín og vilji fá að byrja upp á nýtt í samskiptum við útlendinga og aðra með hreint borð. Syndir fortíðar hafi verið þvegnar burt. Líkast til ná þó slíkar samlíkingar skammt, enda virðist iðrun ekki rista djúpt og uppgjöri við fortíðina ekki lokið.

Líklegt verður að teljast að þjóðin fái seint þvegið af sér ómerkings og þjófastimpilinn, eigi til dæmis að svíkjast um að standa við þær skuldbindingar sem gengist hefur verið undir vegna innstæðutrygginga á Evrópska efnahagssvæðinu. Standa verður við alþjóðasamninga, og vangaveltur um annað eru stórhættulegar. Eftir sem áður mun Ísland þurfa að eiga viðskipti við útlönd. Kjör sem okkur bjóðast á lánum ráðast af framferði okkar. Fyllibyttan eða spilafíkillinn sem nýbúinn er að veðja húsið ofan af fjölskyldu sinni á ekki von á góðum kjörum í bankanum sínum (og raunar alls óvíst að honum standi nokkur lán til boða, hafi hann hlaupið frá sínum gömlu skuldum.)

**Ef til vill er það samt svo að of mikið sé lesið í orð útlendinga sem hingað hafa komið og talað fjálglega um að landið fái ekki staðið undir öllum sínum skuldum, eða um samsæri alþjóðastofnana sem gangi erinda fjölþjóðafyrirtækja.**

Ef til vill er það samt svo að of mikið sé lesið í orð útlendinga sem hingað hafa komið og talað fjálglega um að landið fái ekki staðið undir öllum sínum skuldum, eða um samsæri alþjóðastofnana sem gangi erinda fjölþjóðafyrirtækja. Ekki liggur nefnilega ljóst fyrir hvaða skuldir það eru nákvæmlega sem ekki á að borga. Einkafyrirtæki á borð við bankana fara í eðlilegt uppgjörsferli og ljóst að kröfuhafar fá ekki greitt að fullu. Þetta vita þeir og er óumdeilt. Verið er að semja um uppgjörið. Hins vegar ríður á að koma fram við þá af sanngirni. Ríkið á svo að standa við sitt.

Mismikil ábyrgð fylgir orðum þeirra sérfræðinga sem hingað hafa komið og haft uppi stór orð um ástandið og hvaða leiðir er best að fara í endurreisninni. Ekkert mál er að ráðleggja þjóðinni að borga ekki skuldir sínar, ef maður þarf ekki sjálfur að búa við afleiðingar slíkra ákvarðana.

Hitt er annað mál að á meðan ekki liggur fyrir umfang þess vanda sem þjóðin stendur frammi fyrir, til dæmis varðandi innlánstryggingar í erlendum útibúum gömlu bankanna, og ekki hefur verið gengið frá efnahagsreikningi þeirra nýju svo þeir geti tekið að styðja við atvinnulíf og almenning af þeim krafti sem þörf er á, er til staðar jarðvegur fyrir hvers kyns illa grundaðar vangaveltur um hvaða leiðir er best að fara. Er þá ekki að undra þótt sumum líði eins og farþegum í flugvél í nauðum þar sem þeir vanstilltustu í farþegaliðinu hafa stillt sér upp í kringum flugstjórann og keppast við að æpa að honum leiðbeiningar. Hinir geta bara vonað að honum fatist ekki flugið.

Á sama hátt vonar maður að stjórnvöld beri gæfu til að halda vel á spöðunum í samningum við erlend þjóðríki, kröfuhafa og við enduruppbyggingu fjármálakerfisins.


cisv international
building global friendship

EINSTAKT TÆKIFÆRI FYRIR 11 ÁRA BÖRN

CISV hefur verið starfandi á Íslandi í tæp 30 ár og sent yfir 1.000 þátttakendur út um allan heim.
Örfá pláss eru laus í sumarbúðir fyirr 11 ára gömul börn til Kanada - British Colombia - 1 pláss fyrir stelpu Kórea - Seoul - 1 pláss fyrir stelpu Noregur - Trondheim - 1 pláss fyrir strák á Akureyri og nágrenni Mexikó - Mexikó City - 1 pláss fyrir stelpu

Sumarbúðirnar eru í 4 vikur og í þeim eru 12 hópar frá jafnmörgum löndum. Hver hópur samanstendur af tveimur stelpum, tveim strákum og fararstjóra.
Í sumarbúðunum er mikið um leiki, þau kynnast menningu og siðum ólíkra þjóða og svo er farið í vettvangsferðir á áhugaverðar slóðir í kringum búðirnar.

**Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu félagsins www.cisv.org, á netfanginu cisv@cisv.is eða í síma 861 1122 (Ásta).**




**FÓLK Á FERLI** Greinarhöfundur bendir á að nú þegar mikil efnisleg verðmæti fyrirtækja hafi gufað upp líkt og dögg fyrir sólu liggi möguleikar verðmætasköpunar framtíðar í þeim mannauði sem fyrirtækin hafi á að skipa. MARKAÐURINN/VILHELM

# Mannauður á krepputímum

ORÐ Í BELG



**Haraldur Unason Diego**
sjálfstæður blaðamaður í viðskiptafræðinámi.

Nú þegar efnisleg verðmæti fyrirtækja á Íslandi hafa gufað upp eins og dögg fyrir sólu er vert að hugsa til þess að það sem byggir upp framtíðarverðmæti liggur enn innan veggja fyrirtækisins – mannauðurinn. Núvirði slíkrar eignar er ekki hægt að færa til bókar né meta samkvæmt hefðbundnum, fjárhagslegum mælitækjum og hæfir stjórnendur vita að mannauðurinn er ekki jafn hverfull og efnislegar eignir.

Þó er það þannig að mannauður rýrnar og afskrifast ef framtíðarsýnin glatast og stjórnendur láta skammtímahagsmuni ráða för. Í ölduróti undanfarinna mánaða er hætta á að stjórnendur missi skýra sýn á framtíðina og láta undir höfuð leggjast að efla starfsfólk og stappa í það stálinu.

Flestir eru sammála um að mannauðurinn sé mikilvægasta eign fyrirtækja og að á grunni hans eigi að byggja til framtíðar, bæði frá þjóðhagslegum sem rekstrarfræðilegum sjónarhornum litið.

**BAKLAND Í MENNTUN**

Fyrir um áratug reið kreppa yfir fjölda Asíuríkja, sem líkist um margt þeirri sem við Íslendingar erum að ganga í gegnum núna. Þau lönd Asíu sem verst fóru út úr kreppunni eru enn ekki komin fyllilega upp úr henni. Munur á menntunarstigi þjóðanna þar og hér getur skipt sköpum um hversu fljótt og auðveldlega þjóðum tekst að koma aftur upp úr lægðinni.

Sem betur eru undirstöður menntakerfisins hér sterkar, þótt ýmsir sjái merki um að ákveðin gildi hafi tapast á undanförnum árum sem betur hefðu mátt skila sér í gegnum menntastefnuna. Með öflugu menntunarstigi og því baklandi sem við höfum í velferðarmálum munu Íslendingar sýna umheiminum hversu fljótt við náum jafnvægi. En það þarf fleira til.

Stjórnendur mega ekki láta tímabundin óveðursský efnahagsins byrgja sér sýn á markmiðin. Væntanlega verður oft þörf á stefnubreytingu, en markmiðin eiga að vera skýr og á hreinu hjá öllum starfsmönnum. Með því eykst líka skilningur þeirra á aðgerðum stjórnenda, jafnvel þótt sárar kunni að vera. Þegar markmiðin eru skýr næst jafnvel stuðningur, eða í það minnsta skilningur, verkalýðsfélaga eða hagsmunaaðila við slíkar aðgerðir, eins og sýndi sig í fyrrnefndu dæmi.

**LAUN OG FRAMLEIÐNI**

Meðal stjórnenda er því starf mannauðsstjóra einna mikilvægast nú á dögum. Að marka starfsmannastefnu eftir heildarstefnu fyrirtækisins og fá alla starfsmenn saman á árarnar og fylgja stefnunni eftir er hlutverk mannauðsstjórans.

Þetta hefst þó ekki með orðunum eintómum, heldur markvissri þjálfun og starfsþróun. Það er nefnilega algengur misskilningur stjórnenda að framleiðni fólks fari að mestu eftir launum og oft hefur utanaðkomandi ráðgjöfum þótt best að benda á launa- og hvatakerfi sem lykilþátt í velgengni fyrirtækja. Það er skiljanlegt, þar sem til skamms tíma litið er oft hægt að sjá fylgni við laun og framleiðni, nýtilkomið bónuskerfi gæti auðveldlega sýnt fram á aukna sölu og framlegð á næsta ársfjórðungi. Sjaldnast er það þó þannig að með aukningu launakostnaðar náist samsvarandi aukning í framleiðni. Hvað er þá til ráða?

**ÞJÁLFUN ER LYKILATRIÐI**

Fjöldinn allur af tækifærum opnast mannauðsstjórum í efnahagsástandi sem þessu. Ljóst er að oft þarf að grípa til sparnaðaraðgerða, eins og yfirvinnustopps, launafrystinga eða jafnvel uppsagna. En þann mannauð sem innan fyrirtækisins er verður að efla og styrkja til að varða veginn til framtíðar. Það er ekki gert með peningum, heldur þjálfun, menntun og samstillingu starfsmanna við stefnu fyrirtækisins.

Að gera starfsmönnum stefnuna skýra næst með öflugu og hreinskilnu upplýsingaflæði, þjálfun og símenntun. Sé pottur brotinn í þjálfunarmálum fyrirtækja er nú einmitt tækifærið að bæta úr því – það mun skila meiru í framleiðni en að halda fólki í óvissu um stefnu fyrirtækisins eða jafnvel framtíð þess. Sparnaðurinn liggur í því að fá meira fyrir peninginn – auka framleiðni – fremur en að lækka laun eða segja upp.

Mannauðsstjórar ættu því að nýta tækifærið núna og umfram allt styðja við námskeiðshald og þjálfun sem miðar að því að styrkja grunn efnahagslegrar velgengni fyrirtækisins til framtíðar, því þekking er máttur sem knýr ótrúlegustu hluti. Í því liggur leyndardómurinn að baki sérstöðu Íslands og mögulegs samkeppnisforskots okkar í framtíðinni.



**VIKULEG VEFRÁÐ Í BOÐI ALLRA ÁTTA** Jón Trausti Snorrason framkvæmdastjóri Allra Átta ehf. www.8.is

# Internet markaðssetning í kreppu

Mörg fyrirtæki líta svo á, að vefmálin séu í höfn þegar fallega vefsíðan þeirra er komin í loftið. En þá er baráttan rétt að byrja. Á okkar dögum, þegar neytendur leita í síauknum mæli að vörum og þjónustu á netinu, skiptir höfuðmáli að vefsíðan sé sýnileg, notendavæn og búi yfir ríku efnisinnihaldi.

Hver atvinnugrein er í raun eins og sérstök verslunarmiðstöð. Hvert fyrirtæki hefur markað sér bás og mun síðan keppa að því, að draga gestina til sín og selja þeim, í stað þess að þeir skipti við samkeppnisaðilana. Því þurfa stjórnendur fyrirtækja að hafa upp á að bjóða áhugaverða vöru eða þjónustu, ásamt því að uppfæra „básinn“ reglulega, svo neytendur hafi ástæðu til að koma oftar í heimsókn.

Stöðnuð vefsíða gerir lítið gagn til langs tíma. Miðað er við, að merkjanlegar uppfærslur eigi sér stað á vefsíðum að minnsta kosti mánaðarlega. Hagkvæmt er, að birta fréttir eða tilkynningar vikulega eða oftar, setja reglulega inn tilboð eða kynna sérstaklega ákveðna vöru eða þjónustu.

Þetta á ekki síst við nú, þegar samkeppnin hefur harðnað í kjölfar yfirstandandi efnahagsþrenginga, því notenda- og leitarvélavæn vefsíða er einn hagkvæmasti auglýsingamiðill nútímans.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. RITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson, *olikr@markadurinn.is* RITSTJÓRN: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, *jonab@markadurinn.is* AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 miðlar ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Hagfæði

ÍSLENSKA SIA.IS NAT 43873 10/08

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**BANKAHÓLFIÐ**

## Edda Rós til AGS

„Mér þótti þetta starf mjög spennandi og sótti um. Hætti hjá bankanum fyrir hádegi á föstudag [í síðustu viku] og byrjaði á skrifstofu fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) eftir hádegið," segir Edda Rós Karlsdóttir, áður hagfræðingur hjá Landsbankanum. Edda kom til starfa til Landsbankans í kjölfar einkavæðingar hans í maí 2003 og stýrði greiningardeild bankans þar til hann komst í hendur ríkisins á ný í október í fyrra. Auk Eddu starfa tveir á skrifstofunni: Franek Rozwadowski, fulltrúi AGS, og Ragnar Hjálmarsson, sem ber titilinn skrifstofustjóri.



## Hverjum bjallan glymur

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra og Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair, lokuðu fyrir viðskipti á Nasdaq-hlutabréfamarkaðnum í Bandaríkjunum við hátíðlega athöfn í gærkvöldi. Þetta mun áreiðanlega færast til eftirminnilegra atburða í dagbókum þátttakenda enda ekki á hverjum degi sem Íslendingar stíga inn fyrir þröskuldinn markaðarins, sem er einn þeirra stærstu í heimi. En nú spyrja margir, hverju eigum við nú von á?



## Á hverju er nú von?

Það er sosum ekki furða að svo sé spurt. Þegar Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, lokaði Nasdaq-markaðnum minntist hann á gott gengi íslensks efnahagslífs, sem hann sagðist vilja að héldi áfram á sömu braut. Hann sagðist vona að nú sæi fram á betri tíma þegar ný löggjöf um aðgerðir gegn fjármálakreppunni færi í gegn á Bandaríkjaþingi til hagsbóta fyrir fyrirtæki í Bandaríkjunum og um allan heim. Þetta var að kvöldi dags 24. september 2008. Þá voru um tíu dagar frá gjaldþroti bandaríska fjárfestingarbankans Lehman Brothers og fimm dagar þar til ríkið tók yfir 75 prósenta hlut í Glitni. Þeir atburðir sem fylgdu í kjölfarið hafa heldur betur færst í sögubækur Íslendinga. Erfitt er að segja til um stöðu íslensks efnahagslífs og enn er beðið þessara betri tíma sem Geir minntist á…



**352** milljóna króna halli var á rekstri Strætó bs. á síðasta ári. Árið áður var rekstrarniðurstaðan neikvæð um 195 milljónir. Eiginfjárhlutfall er neikvætt um 57 prósent.

**8,3** milljarða króna plús var á vöruskiptum við útlönd í mars, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Útflutningur nam 34,9 milljörðum króna og innflutningur 26,6 milljörðum.

**17** milljarða króna tap var á rekstri Sparisjóðsins í Keflavík í fyrra að teknu tilliti til skatta. Fyrir skatt nemur tapið 19 milljörðum króna.







BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

20 ára BÓNUS 1989 - 2009




1798

ALI FERSKAR *SKINNLAUSAR* KJÚKLINGABRINGUR
1798 kr./kg. *MEÐ SKINNI* 1679 kr./kg.




1498

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1498 kr./kg.



1198

FROSNAR GRÍSALUNDIR INNFLUTTAR 1198 kr./kg.



398

GRILLBORGARAR 4 STK M./BRAUÐI 398 kr.



1798

K.S FERSKT LAMBAPRIME 1798 kr./kg.




398

WELLA GELIÐ 150 gr
398 kr.




598

CILLETTE FUSION
RAKSTURSGEL 240ml
598 kr.




189

HUNTS BBQ SÓSA 612 ml
189 kr.




198

BÓNUS MAYONNAISE
*EINNIG FITUMINNA* 550ml 198 kr.




198

BÓNUS FETAOSTUR 250 gr 198 kr.




2598

GILLETTE FUSION RAKBLÖÐ
8 stk 2598 kr.
POWER RAKBLÖÐ
8 stk 2998 kr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




398

BOOZT GLÖS
með loki og röri 10 stk
398 kr.




598

DIRA-FROST BERJABLANDA 1 kg 598 kr.




298

ES FROSIÐ BROCCOLI 1 kg 298 kr.




159

FROOSH
JARÐARBERJA
250 ml 159 kr.




459

ES FROSIN JARÐARBER 1 kg 459 kr.




298

ES FROSIN BROCCOLI GRÆNMETISBLANDA
1 kg 298 kr.




89

ES ORKUDRYKKUR
250ml 89 kr.




1798

BÓNUS RISAPÁSKAEGG
1 kg 1798 kr.




398

PEPSI & PEPSI MAX 4 x 2 ltr. kippa 398 kr

BÓNUS
PÁSKAEGG



| | |
|---|---|
| NR.3 170g | 398 kr. |
| NR.4 315g | 698 kr. |
| NR.5 420g | 898 kr. |
| NR.6 520g | 1098 kr. |

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

# Þá riðu hetjur um héruð!

UMRÆÐAN
Hjördís Árnadóttir skrifar um félagslega þjónustu


HJÖRDÍS ÁRNADÓTTIR

Í kjölfar bankahrunsins og þess efnahagsástands sem við nú búum við, leita margir að nýjum fyrirmyndum og hetjum til að líta upp til. Einn er sá hópur sem stendur mér nærri, sem full ástæða er að líta á sem fyrirmynd, en það er starfsfólk sem vinnur við félagslega þjónustu hvort heldur er hjá sveitarfélögunum eða á öðrum vettvangi.

Þörfin fyrir félagslega þjónustu og samfélagslega hjálp hefur fylgt manninum frá upphafi og mun fylgja honum um ókomna tíð. Í góðu árferði verður almenningur almennt lítið var við það mikla starf sem fer fram á vettvangi félagslegrar þjónustu. Þó er ávallt mikil eftirspurn eftir þeirri þjónustu. Þegar að herðir reynir meira á en ella og þá aukast líkur á því að einstaklingar og fjölskyldur leiti sér aðstoðar. Þeir sem starfa á vettvangi félagslegrar þjónustu hafa strax á fyrstu mánuðum þessa árs orðið varir við töluverða aukningu eftirspurnar eftir margvíslegri félagslegri þjónustu og samfara því er mikil útgjaldaaukning.

Í þrengingum er ekki um það að ræða að bæta við stöðugildum þó álag aukist, þó almennt sé áhersla lögð á að treysta grunnþjónustuna. Af þessu tvennu leiðir mun meira álag á þá starfsmenn sem sinna félagslegri þjónustu. Þessir starfsmenn eru ekki framarlega í opinberri umfjöllun almennt, nema helst þegar um neikvæða umfjöllun er að ræða s.s. í málum tengdum barnavernd og öðru sem snertir neikvæða stöðu einstaklinga í samfélaginu. Á hverjum degi er þetta sama starfsfólk að vinna að því að hjálpa þúsundum einstaklinga og fjölskyldna á öllum sviðum og ekkert er því óviðkomandi. Auðvitað eru ekki alltaf allir sáttir við afgreiðslu sinna mála, en það er þannig í lífinu öllu.

Í fljóti bragði kann það að sýnast svo að fjölmiðlaumræða um félagslega þjónustu einkennist af neikvæðni. Það er hins vegar ekki rétt ef barnavernd er undanskilin. Fjöldi fjölmiðlafólks hefur metnað til þess að fjalla um mannlífið á jákvæðan hátt og lítur á félagslega þjónustu sem mikilvægan þátt og fyrir það ber að þakka.

Það er mér bæði ljúft og skylt að vekja athygli á þessum starfsmönnum sem vissulega eru hetjur sinnar samtíðar hverju sinni. Sem betur fer er fullt af fólki þakklátt þessum hetjum og sýnir það í orði og verki, það fólk heldur þeim gangandi samhliða óþrjótandi áhuga þeirra á samfélaginu og samferðamönnum sínum. Það hefur aukist á síðustu áratugum að fólk mennti sig sérstaklega til þessara starfa og er menntun í félagsráðgjöf sérstaklega byggð upp með hliðsjón af störfum við félagslega þjónustu. Ýmsar aðrar fagstéttir á sviði félagsvísinda og heilbrigðismála falla einnig vel að félagslegri þjónustu.

Við ykkur öll sem starfið á sviði félagslegrar þjónustu vil ég segja: Þið eruð hetjur!

*Höfundur er framkvæmdastjóri fjölskyldu- og félagssviðs Reykjanesbæjar.*

# Ný framtíðarsýn

UMRÆÐAN
Vigdís Hauksdóttir skrifar um uppbyggingu samfélagsins

Fortíðinni breytum við ekki en á framtíðina getum við haft áhrif. Á haustdögum varð hér kerfishrun. Allt traust hvarf á sama tíma. Við svona atburði verður að fara í endurskoðun á öllum stoðum samfélagsins. Ísland er lýðræðisríki með þingbundinni stjórn. Framtíðarsýn okkar framsóknarmanna er skýr, hún byggir á nýrri stjórnarskrá sem stjórnlagaþing hefur sett. Án þess að ákveða fyrirfram innihald þeirrar stjórnarskrár má fullyrða að hún muni byggjast á stjórnarskrárformi lýðræðisríkja með fullkominni þrígreiningu ríkisvaldsins og valdtemprunarhugmyndum Montesquieu að löggjafarvaldið, framkvæmdavaldið og dómsvaldið eiga að vera fullkomlega sjálfstæð og tempra vald hvers annars.


VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

Hljóti tillögur okkar framsóknarmanna um niðurfellingu skulda heimila og fyrirtækja brautargengi má sjá til lands. Við teljum að með niðurfellingu þeirra sé verið að skapa svigrúm til að takast á við efnahagshrunið. Við getum ekki bundið þegna okkar í áframhaldandi skuldafangelsi með lengingu lána og skuldbreytingum. Flestar lánaforsendur eru brostnar og því verður að grípa til áður óþekktra aðgerða.

Ekki er nóg að fella niður skuldir því hér verður að tryggja atvinnu samhliða. Framsóknarflokkurinn hefur ætíð verið atvinnumálaflokkur og haft hátt atvinnustig þjóðarinnar að leiðarljósi. Hér verða allir vinnubærir einstaklingar að hafa atvinnu. Lítil og meðalstór fyrirtæki skipta hér mestu ásamt nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Við þurfum að efla fyrirtæki í framleiðslu sem eru að framleiða raunverulega og áþreifanlega vöru en ekki afurð sem byggð er á lofti eða bleki á pappír. Hlúa þarf að þeim fyrirtækjum sem þegar eru í atvinnuskapandi rekstri og eru að skapa verðmæti.

Við viljum skynsama og hagkvæma nýtingu náttúruauðlinda. Ísland á gnótt auðlinda og þær látum við aldrei af hendi til annarra þjóða. Með skynsamlegri auðlindastjórn komum við Íslandi aftur þangað sem við eigum að vera – að vera þjóð meðal þjóða.

*Höfundur skipar 1. sæti á lista Framsóknarflokksins í Reykjavík suður.*



GEIR H. HAARDE ER 58 ÁRA.



*„Við þurfum að endurmeta, gera upp hið liðna, gera hreint fyrir okkar dyrum og leggja drög að uppbyggingu og endurreisn atvinnu- og efnahagslífsins. Þau mál þurfum við, sem höfum borið ábyrgð á stjórn landsins á liðnum átján árum, að sjálfsögðu að nálgast af fyllstu auðmýkt.“*

***Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, lét þessi ummæli meðal annars falla í ræðu sinni á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 26. mars síðastliðinn.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 8. APRÍL 1703

## *Fyrsta manntal á Íslandi*



Í apríl árið 1703 var gert manntal á Íslandi að tilskipun Danakonungs. Tilskipunin kom til vegna bágrar efnahagsstöðu Íslendinga á 17. öld eftir harðindi sem dunið höfðu á þjóðinni. Fengu Árni Magnússon og Páll Vídalín varalögmaður verkefnið í hendur og áttu að semja jarðabók, gera fjártal og skrásetja allar fjölskyldur og þjónustulið á landinu. Einnig áttu þeir að koma með tillögur til úrbóta fyrir samfélagið.

Þetta fyrsta manntal á Íslandi var jafnframt fyrsta manntal sem náði til allra íbúa í heilu landi þar sem nafn, aldur og þjóðfélagsstaða kom fram.

Danakonungur vildi að prestar sæju um að skrásetja fólkið en Árni og Páll fengu sýslumönnum umsjón með manntalinu. Sýslumenn létu svo hreppstjóra framkvæma sjálft manntalið en hreppar voru alls 163 og þrír til fimm hreppstjórar í hverjum hreppi. Manntalinu var skilað á Alþingi í júní sama ár og var sent til Kaupmannahafnar. Það var þó ekki fyrr en 75 árum seinna að Skúli Magnússon landfógeti vann úr því jarðabók eftir að það hafði legið óhreyft í Kaupmannahöfn.

Árið 1921 var manntalið flutt til Íslands og varð eign landsins árið 1927. Þetta fyrsta manntal á Íslandi hefur varðveist úr öllum hreppum en frumrit hafa þó glatast í einhverjum tilfellum. Einnig voru gerð manntöl á árunum 1801, 1845 og aftur 1865.

Heimild: www.wikipedia.org.

### MERKISATBURÐIR

**1571** Guðbrandur Þorláksson er vígður biskup á Hólum, 29 ára gamall.

**1742** Óratorían Messías eftir Georg Friedrich Händel er frumflutt í Dyflinni á Írlandi.

**1783** Krímkanatið er innlimað í Rússneska keisaradæmið.

**1898** Stórveisla er haldin í Reykjavík í tilefni áttræðisafmælis Kristjáns konungs IX.

**1957** 49 punda stórlax veiðist í Þorskanet við Grímsey, stærsti lax sem vitað er til að veiðst hafi við Ísland.

**1973** Listmálarinn Pablo Picasso fellur frá.

**1986** Clint Eastwood er kosinn bæjarstjóri í smábænum Carmel í Kaliforníu.



**GÓÐUR STYRKUR** Fagfélagið styrkti Krabbameinsfélagið um eina milljón króna.

# Fagfélagið gefur milljón króna

Fagfélagið afhenti í vikunni Krabbameinsfélagi Íslands eina milljón króna til styrktar átakinu Karlmenn og krabbamein. Styrkurinn er eitt af fyrstu verkefnum hins nýja stéttarfélags, en Fagfélagið varð til við sameiningu Trésmíðafélags Reykjavíkur og Félags byggingamanna í Eyjafirði skömmu fyrir áramót.

„Þegar átakið Karlmenn og krabbamein fór af stað vildum við leggja okkar af mörkum til að rjúfa þögnina og hvetja karlmenn til að miðla af reynslu sinni,“ sagði Finnbjörn Hermannsson, formaður Fagfélagsins, en hann afhenti Ragnheiði Alfreðsdóttur, forstöðumanni Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins, styrkinn.

BÓNUS Í 20 ÁR: FYRSTA BÓNUSVERSLUNIN OPNUÐ ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1989

# Lokuðu þrisvar fyrsta daginn

Feðgarnir Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson opnuðu fyrstu Bónusverslunina fyrir tuttugu árum. Verslunin var í Skútuvogi og var sú eina sinnar tegundar á landinu.

„Þessi dagur gekk nú brösuglega en það má segja að fall hafi verið fararheill; við urðum að loka búðinni þrisvar sinnum þennan fyrsta dag,“ rifjar Jóhannes upp. „Við vorum að innleiða nýja tækni sem var aflestur á strikamerkjum og menn voru ekki allt of vel að sér í því. Við þurftum því að auglýsa í útvarpinu að tæknin hefði brugðist okkur og við yrðum að loka. Svo gátum við auglýst síðar um daginn að við hefðum náð tökum á tækninni og opnað aftur.“

Jóhannes rifjar upp að viðtökur fólks hafi verið góðar og biðröð hafi myndast úti á götu, þrátt fyrir leiðindaveður þennan dag. „Það hellirigndi og bílastæðið var ómalbikað og í klakahröngli eftir leysingar daginn áður. En þarna beið fólk í fleiri klukkutíma.“



**FALL ER FARARHEILL** Jóhannes við opnun fyrstu Bónusverslunarinnar í Skútuvogi en henni þurfti að loka þrisvar á opnunardaginn vegna tæknilegra örðugleika. MYND/BRYNJAR GAUTI SVEINSSON

Bónus bauð upp á takmarkað úrval vörumerkja á lágu verði, en sú verslunaraðferð hafði ekki þekkst áður á Íslandi. Hún hafði þó þekkst erlendis í áratugi, meðal annars í Þýskalandi og í Danmörku, og hafði Jóhannes gengið með hugmyndina í maganum í nokkurn tíma.

„Ég hafði kynnt mér þetta fyrirkomulag talsvert í Evrópu en ég var verslunarstjóri hjá Sláturfélaginu í 25 ár og hafði framkvæmt þessa hugmynd að ákveðnu marki með sparimarkaði Sláturfélagsins í Austurveri. Við fórum varlega af stað. Áttum auðvitað enga peninga til að innrétta með og brugðum á það ráð að kæla niður heilt herbergi fyrir kælivörurnar í stað þess að kaupa kælimublur fyrir margar milljónir. Þessi blankheit urðu til þess að við erum ennþá með það fyrirkomulag. Fólk þarf að fara inn í kuldann til að ná í vörurnar, en fær líka ferskari vörur fyrir vikið.“

Bónus hefur frá upphafi verið fjölskyldufyrirtæki og stóð Jóhannes sjálfur við afgreiðsluborðið þennan fyrsta dag. Fjórir starfsmenn unnu í fyrstu búðinni og í framhaldi af góðum viðtökum opnuðu feðgarnir aðra búð þremur mánuðum seinna. Reksturinn vatt fljótt upp á sig og í dag vinna um 700 manns hjá Bónus.

„Við létum þetta ganga þannig að hagnaðinum skiptum við á milli neytendanna og okkar. Neytandinn fær helminginn og við helming og sú aðferðafræði hefur staðist tímans tönn. Enn í dag er Bónus vinsælasta fyrirtæki landsins, áttunda árið í röð, og viðskiptavinir Bónus nú í mars voru um 800.000 svo við getum ekki kvartað.“

Tímamótunum ætlar Jóhannes að fagna með samstarfsfólki sínu í Bónus á afmælishátíð daginn fyrir fyrsta maí, en þann dag hafa verslanir Bónus jafnan verið lokaðar. Spurður um nýjungar hjá fyrirtækinu í framtíðinni segir hann þær vera daglegt brauð í Bónus.

„Það eru alltaf einhverjar nýjungar á hverjum degi og ef viðskiptavinurinn gerir einhverja kröfu um eitthvað nýtt þá tökum við tillit til þess. Við höfum þó líka verið íhaldssamir hvað varðar breytingar. Ég tel ekki heillavænlegt að fara að laga eitthvað sem þegar er í góðu lagi.“

**heida@frettabladid.is**

†



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærs bróður okkar, mágs og frænda,*

**Reynis Pálssonar**

Sléttahrauni 17, Hafnarfirði.

**Anna Pálsdóttir**
**Guðrún Pálsdóttir** **Sigurgeir Jónasson**
**Rúnar Pálsson** **Sif Eiðsdóttir**
**Elín Pálsdóttir** **Aðalsteinn Ísaksson**
**og fjölskyldur.**

†



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kjartan Sveinsson**

símaverkstjóri frá Vík í Mýrdal,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 6. apríl.

**Fyrir hönd vandamanna:**
**Þórir Kjartansson**
**Sveinn Kjartansson**
**Eyrún Kjartansdóttir**
**Sigrún Kjartansdóttir**

# Farið varlega á páskaferðalagi

Veðurspá yfir páskana er þokkaleg og því má búast við að margir leggi land undir fót. Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur sett saman lista sem stuðlar að öryggi ferðalanga um páskana.

Ef ferðast er um láglendið:
- Fylgist með veðurspá.
- Farið yfir hjólbarðana og hreinsið tjöru af þeim.
- Víða getur verið hálka eða hálkublettir.
- Verið viss um að rúður séu hreinar; sólin er lágt á lofti og blindar auðveldlega.
- Stillið akstursraðann miðað við aðstæður en þó aldrei umfram hámarkshraða.
- Munið að akstur og áfengi fara ekki saman.
- Hafið beltin spennt og tryggið öryggi barnanna.
- Ef dvalið er í húsnæði sem fjölskyldan þekkir ekki, farið yfir það með tilliti til öryggis.
- Ef farið er í sund, hafið öryggisbúnað á þeim börnum sem ekki eru synd og sleppið ekki af þeim sjónum.

Ef ferðast er um hálendið:
- Fylgist með veðurspá.
- Gerið ferðaáætlun og skiljið hana eftir hjá aðstandendum.
- Kynnið ykkur vel það svæði sem ferðast á um.
- Hafið með góðan hlífðarfatnað.
- Takið með sjúkragögn og neyðarfæði.
- Fjarskipti þurfa að vera í lagi; GPS, kort, áttaviti og talstöð/sími, og kunnátta verður að vera til staðar til að nota þau.
- Verið viss um að farartækið sé í góðu ástandi áður en lagt er af stað.
- Ferðist ekki einbíla.
- Takið með grunnviðgerðardót fyrir farartækið og festið allan farangur.
- Munið að akstur og áfengi fara ekki saman.
- Ef ferðast er í bíl, spennið beltin og tryggið öryggi barnanna. Notið hjálma, brynjur og annan hlífðarfatnað ef farið er um á vélsleða eða skíðum.
- Metið svæði með tilliti til snjóflóðahættu, farið ekki um það ef snjóflóð hafa fallið og athugið að nokkuð er um hengjur efst í fjöllum.
- Betra er að snúa við í tíma en að koma sér í ógöngur.



**ÖRYGGI** Gott er að fara varlega bæði á hálendi og láglendi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Leit að lífi á plánetunni Mars

Dr. David Des Marais, einn af stjórnendum Marskönnunar á vegum NASA, heldur fyrirlestur í stofu 132 í Öskju klukkan 14. Fyrirlesturinn er haldinn í tilefni af alþjóðlegu ári stjörnufræðinnar.

Marais mun fjalla um leit að vísbendingum um líf og lífvænlegar aðstæður á Mars.

Könnunarför NASA, bæði jepplingar og brautarför, hafa á undanförnum árum uppgötvað að lífvænlegar aðstæður voru mjög líklega fyrir hendi á Mars fyrir um þremur milljörðum ára.

Jepplingurinn Opportunity fann vísbendingar um sölt stöðuvötn og grunnvatn. Spirit-jepplingurinn fann berg sem veðrast hefur af snertingu við vatn og kísil sem fellur út á hverasvæðum. Þá hafa brautarför fundið steindir á víð og dreif um Mars sem bera glögg merki vatns.

Des Marais er jarðefnafræðingur að mennt og hefur á ferli sínum stundað rannsóknir á tunglgrjóti, úthafshryggjum, loftsteinum, jarðhitasvæðum, fornbergi og örveruþekjum.

Hann er einn lykilmanna í Marskönnun NASA um þessar mundir og er þátttakandi í leiðöngrunum Mars Exploration Rovers (Marsjepparnir), Mars Reconnaissance Orbiter og Mars Science Laboratory.







**DR. DAVID DES MARAIS** Ræðir Marskönnun NASA í Öskju í dag. Fyrirlesturinn er haldinn í tilefni af alþjóðlegu ári stjörnufræðinnar.

Þá er Des Marais höfundur nær 150 vísindagreina og bókarkafla. Rannsóknir þær sem Des Marais stýrir við NASA Ames Research Center eru kynntar á eftirfarandi heimasíðu: www.amesteam.arc.nasa.gov.

---



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Anna Guðný Jónsdóttir**

hjúkrunarheimilinu Skógarbæ,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 8. apríl nk. kl. 13.00.

**F.h. aðstandenda,**
**Jón Gunnar Guðmundsson**
**Kristinn Óskar Guðmundsson**
**Ólafur Sveinn Guðmundsson**
**Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir.**

---



✝

*Ástkær fósturfaðir minn, bróðir okkar og vinur,*

**Guðmundur Halldór Benediktsson**

Hellisbraut 14, Reykhólum,

sem andaðist á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 24. mars, var jarðsunginn frá Reykhólakirkju laugardaginn 4. apríl í kyrrþey, að ósk hins látna.

**Aðalheiður Björk Indriðadóttir**
**Guðrún Benediktsdóttir og fjölskylda**
**Ingibjörg Benediktsdóttir og fjölskylda**
**Dóróthea Sigvaldadóttir.**

---



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hilmar Þór Aðalsteinsson**

Móabarði 18, Hafnarfirði,

andaðist á heimili sínu sunnudaginn 5. apríl. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði, þriðjudaginn 14. apríl klukkan 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Samtök lungnasjúklinga/lungu.is eða í síma 560 4812.

**Gréta Aðalsteinsdóttir**
**Jónína Björg Hilmarsdóttir Hörður Gunnlaugsson**
**Grétar Þór Hilmarsson Soffía Katrín Sigurgeirsdóttir**
**Hildur Anna Hilmarsdóttir Ásgeir Reynisson**
**Svala Hilmarsdóttir Sigurður Reynir Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Hjartans þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur vináttu og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Halldórs Viðars Péturssonar**

bryta.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu í Hafnarfirði.

**Vilhjálmur Örn Halldórsson Svanfríður Ásgeirsdóttir**
**Kolbrún Halldórsdóttir Ágúst Pétursson**
**Elín Huld Halldórsdóttir Gunnar Theodór Þorsteinsson**
**Sigrún Halla Halldórsdóttir**
**Pétur Már Halldórsson Sigurlína Margrét Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Matthíasson**

fyrrverandi framkvæmdastjóri,
Dalbraut 14, Reykjavík,

lést á Landakotsspítala fimmtudaginn 2. apríl. Jarðarförin verður í Dómkirkjunni miðvikudaginn 15. apríl kl. 15.00.

**Ásta Sigríður Hannesdóttir**
**Hanna Kristín Guðmundsdóttir Sveinn Grétar Jónsson**
**Ragnar Atli Guðmundsson Guðrún Soffía Jónasdóttir**
**Matthías Hannes Guðmundsson Gréta Kjartansdóttir**
**Margrét Rún Guðmundsdóttir Franz Kraus**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



✝

*Elskuleg systir, mágkona og frænka,*

**Sólrún Kjartansdóttir**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 31. mars. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Parkinsonsamtökin.

**Kormákur Kjartansson Hólmfríður Friðsteinsdóttir**
**Ingvi Þór Kormáksson Dagrún Ársælsdóttir**
**Þórður Kormáksson Ársæll Þór Ingvason.**

---



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Börkur Jónsson**

Esjuvöllum 4, Akranesi,

lést á heimili sínu 4. apríl. Jarðarförin fer fram í kyrrþey. Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarreikning Geðhjálpar nr. 1158-26-65000 Kennitala: 531180-0469.

**Valgerður Sólveig Sigurðardóttir**
**Freysteinn B. Barkarson**
**Vignir Barkarson**
**Friðmey B. Barkardóttir**
**Brynhildur B. Barkardóttir**
**Harpa B. Barkardóttir**
**Mjöll B. Barkardóttir**
**tengdabörn og barnabörn.**

---



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Ólafur Jens Pétursson**

Álfhólsvegi 68, Kópavogi,

lést á Landspítalnum við Hringbraut laugardaginn 4. apríl. Jarðsungið verður frá Digraneskirkju miðvikudaginn 15. apríl kl. 13.00.

**Áslaug Gunnsteinsdóttir**
**Gunnsteinn Ólafsson Eygló Ingadóttir**
**Pétur Már Ólafsson Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru dóttur, systur og barnabarns,*

**Auðar Bryndísar Guðmundsdóttur**

Heiðarbraut 7c, Keflavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks krabbameinsdeildar Landspítalans og starfsfólks D-deildar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Róberta Bára Maloney Viðar Ólafsson**
**Óskar Frank Guðmundsson**
**Aníta Eva Viðarsdóttir**
**Guðmundur Óskarsson Hrafnhildur Svavarsdóttir**
**Aron Geir Guðmundsson**
**Tinna Björk Guðmundsdóttir**
**ömmur og afar.**

---



✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Oddný Kristjánsdóttir**

Rauðanesi 2, Borgarhreppi,

sem andaðist á Sjúkrahúsi Akraness fimmtudaginn 2. apríl, verður jarðsungin frá Borgarneskirkju laugardaginn 11. apríl kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Guðjón Viggósson**
**Guðbjörg Guðjónsdóttir Unnsteinn Þorsteinsson**
**Kristján Guðjónsson**
**Inga Lóa Guðjónsdóttir**
**Fjóla Veronika Guðjónsdóttir Francois Claes**
**Ómar Hafberg Guðjónsson Árný Sigtryggsdóttir**
**og ömmubörn.**

---



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Vilborg Ingvarsdóttir**

Nýbýlavegi 66, Kópavogi,

lést á Landspítalanum Landakoti þann 6. mars.

**Gunnar Þ. Jónsson Ólöf S. Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Jónsson Björk K. Gunnarsdóttir**
**Sandra Borg Gunnarsdóttir Borgar H. Árnason**
**Jón Ragnar Gunnarsson Hulda S. Jóhannsdóttir**
**Berglind Gunnarsdóttir Ólafur Snæbjörnsson**
**Eva Dögg Guðmundsdóttir Þorbjörn Ingason**
**Embla Ýr Guðmundsdóttir Daníel Freyr Atlason**
**og barnabarnabörn.**


50% afsláttur
849 kr. kg
Grísahnakki úrb. sneiðar
50% afsláttur
1649 kr. kg
Ungnauta Roast beef
50% afsláttur
1749 kr. kg
Ungnauta piparsteik
PÁSKATILBO
20% afsláttur
1358 kr. kg
Lambalæri af nýslátruðu
PÁSKALAMB
20% afsláttur
1438 kr. kg
Lambahryggur af nýslátruðu
KEA
HANGIKJÖT
20% afsláttur
Kea hangilæri úrbeinað
40% afsláttur
BAUTABÚRIÐ
Bayonneskinka
897 kr. kg
Bautabúrs Bayoneskinka
Blinis fylgir með!
Lax
blinis
1998 kr. stk.
Dönsk herragarðsönd 2,6 kg
1198 kr. pk
Opal seafood forréttalax 400g & Blinis fylgir með!
3990 kr. kg
Snæfiskur skelflettur humar
KRÓNAN
ALLT Í PÁSKAMATINN
Á VERÐI FYRIR ÞIG!
Nýtt krónublað komið út!
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl EXPO • www.expo.is
KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana
Opnunartímar um Páskana:
MIÐVIKUDAGUR 10-21
FIMMTUDAG 11-19
FÖSTUDAG LOKAÐ
LAUARDAG OPIÐ
SUNNUDAG LOKAÐ
MÁNUDAG OPIÐ
sjá opnunartíma hverrar verslunar á
www.kronan.is

# KRÓNAN

fyrst og fremst ódýr

20% afsláttur

898 kr. kg

Móa veislufugl með fyllingu

47% afsláttur

799 kr. kg

Krónu hamborgarhryggur

32% afsláttur

1499 kr. kg

Krónu kjúklingabringur ferskar

# Ð FYRIR ALLA

4x2 l kippa

629 kr. stk.

Coke og Coke Light 4x2 lítrar

650 grömm

1199 kr. stk.

Ostahúsið Jarðarberja- og myntu ostaterta

98 kr. stk.

Egils Páskaöl í dós 0,5l

99 kr. stk

Líf safi epla og appelsínu, 1 lítri

399 kr. pk.

Kjörís Ís ársins Tiramisu

259 kr. pk.

Þykkvabæjar forsoðnar Grillkartöflur

60% afsláttur

199 kr. pk.

Náttúru klettasalat blanda

229 kr. pk.

Flúðasveppir box

Gerðu þinn eigin INNKAUPALISTA á www.kronan.is








NOKKUR ORÐ

**Alma Guðmundsdóttir**

# *Að skjóta sendiboðann*



Rúmlega 200 manns eru látnir eftir jarðskjálftann sem reið yfir Ítalíu aðfaranótt mánudags. Fjöldi fólks er alvarlega slasaður, margra er saknað og tugþúsundir misstu heimili sín, en mannfall varð mest í borginni L'Aquila þar sem mörghundruð ára gömul hús gáfu sig í hörðum skjálftanum. Allar kirkjur á svæðinu eru skemmdar og hefur því verið komið upp tjöldum þar sem fórnarlömbin verða jarðsungin frá skírdegi fram á páskadag.

Það getur verið erfitt að gera sér grein fyrir alvarleika slíkra náttúruhamfara fyrr en þær eiga sér stað í manns eigin landi eða á stað sem maður hefur heimsótt og sú spurning kviknar ósjálfrátt í huga manns hvort engar vísbendingar hafi legið fyrir áður en hörmungarnar áttu sér stað. Hamfarir gera vissulega ekki alltaf boð á undan sér, en það var ekki raunin á Ítalíu að þessu sinni. Jarðvísindamaður að nafni Giampaolo Giuliani hafði fundið út að radon-gas væri að safnast saman á skjálftasvæðinu og var svo sannfærður um að alvarlegur jarðskjálfti væri yfirvofandi að hann setti aðvörunarmyndband inn á Youtube þar sem hann ráðlagði íbúum L'Aquila að yfirgefa hús sín. Yfirvöld voru hins vegar ekki hrifin af aðvörunum Giuliani, sökuðu hann um að valda óþarfa ótta, kölluðu hann hrakspámann og kröfðu hann um að taka spádóma sína út af vefsvæði sínu.

Það hlýtur að vera óendanlega sárt fyrir þá sem virtu spádóma hans að vettugi að sjá nú að Giuliani reyndist sannspár. Hann krefst þess nú að fá opinbera afsökunarbeiðni, en það er spurning hvort einhver muni biðja Giuliani afsökunar?

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




PÁSKA
TILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
4BLS
BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF SJÓÐHEITUM PÁSKA TILBOÐUM
HVERGI BETRA VERÐ
22"
GLÆSILEGUR HANNS-G SKJÁR
29.900
MESTA ÚRVAL LANDSINS AF CREATIVE
A500
5.1 CREATIVE HLJÓÐKERFI
14.900
HVERGI BETRA VERÐ
24"
GLÆSILEGUR BENQ SKJÁR
49.900
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.
OPNUNARTÍMAR
Opið í dag
10:00 - 18:30
Opið á laugardag
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

**kl. 20**

*Willie „Big Eyes“ Smith kemur fram með Andreu Gylfadóttur og Blúsmönnum Andreu. Willie „Big Eyes“ spilaði með Muddy Waters, en hefur líka spilað með Buddy Guy, Junior Wells, Rolling Stones, Bob Dylan og Eric Clapton. Mugison kemur einnig fram á tónleikunum, sem haldnir verða á Hilton Nordica.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Krossvaka á Saurbæ og víðar

Hallgrímur Pétursson eyddi síðustu árum ævi sinnar á Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Þar lést hann 1669 og þar samdi hann Passíusálmana. Á föstudaginn langa verða allir sálmarnir lesnir í kirkjunni í Saurbæ og tekst Sigurður Skúlason leikari á við þá þraut. Er þetta í fyrsta sinn sem sálmarnir verða lesnir þar allir og hefst lesturinn kl. 13. Milli lestra verða sálmarnir sungnir og leikur Örn Magnússon á orgel kirkjunnar og bætir um betur í hugleiðingum um lögin en sönginn annast Marta Guðrún Halldórsdóttir söngkona. Séra Hjörtur Pálsson sem þjónar sókninni mun minnast Hallgríms og tengsla hans við staðinn.

Kirkjan breytir nokkuð um svip þennan lokadag dymbilvikunnar. Ljós verða ekki höfð í kirkjunni og hún verður opin öllum vegfarendum meðan á lestrinum stendur. Sálmarnir verða víðar fluttir. Helgi þeirra virðist fara vaxandi með þjóðinni. Þeir voru fyrst lesnir í Ríkisútvarpinu 1944 og frá 1989 var tekið að lesa þá alla í Hallgrímskirkju á Skólavörðuholti. Þannig er áætlað að þeir verði lesnir í Grafarvogskirkju og vel má vera að flutningur þeirra í heild sé að taka sig upp víðar.

Það er síðan trúarfræðilegt viðfangsefni hvernig helgi páska er að styrkjast aftur í kristnum sið hér á landi með Passíusálmana að vopni og þá um leið fastan og helgi upprisunnar sem er svo sterk í kaþólskum sið í löndum kaþólsku og grísku kirkjunnar.



**TRÚARLÍF** Sigurður Skúllason leikari flytur alla Passíusálmana í saurbæ á föstudaginn langa.

### > Ekki missa af

Á skírdagskvöld koma altó-saxófónleikararnir Sigurður Flosason og Haukur Gröndal fram á Jazzklúbbnum Múlanum. Þetta er í fyrsta sinn sem þeir leiða hljómsveit saman en á efnisskránni verða lög eftir ýmsa þekkta en ólíka altósaxófónleikara jazzsögunnar. Með þeim félögum leika Agnar Már Magnússon á píanó, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Erik Qvick á trommur. Tónleikarnir eru haldnir í nýjum jazzkjallara Cafe Cultura við Hverfisgötu 18 og hefjast kl. 21.



## Dans í Bláa lóninu

Einstakur viðburður er fram undan í listdansinum: hinn 22. apríl verður sýning í Bláa lóninu. Sætaframboð er takmarkað og rétt fyrir áhugasama að tryggja sér miða í tíma. Það eru Íslenski dansflokkurinn og Bláa lónið sem standa fyrir uppákomunni, sem kölluð er Transaquania – Out of the blue. Leikhús kvöldsins er lónið sjálft og gestir taka sér sæti í silkikenndu vatninu. Heimsþekktir listamenn koma saman ásamt dönsurum flokksins og skapa einstakan dans og listviðburð í lóninu. Úr hinum silkikennda bláma lónsins kviknar líf. Á töfrandi hátt birtast áhorfandanum afkvæmi hinnar dulúðugu alkemíu lónsins og í ljósaskiptunum tekur þróunarsaga þessa óræða lífheims, sem er á mörkum vöku og draums, á sig ægifagrar en um leið ógnvekjandi myndir. Að lokinni sýningu verður vetur kvaddur og sumri fagnað í Lava-sal Bláa lónsins og allir stíga dans. Sætaferðir með Kynnisferðum og bókanir má gera á www.re.is.

Það eru þau Erna Ómarsdóttir, Damien Jalet og Gabríela Friðriksdóttir sem eru listrænir stjórnendur sýningarinnar. Tónlist annast Ben Frost, en leikmuni og búninga gera þær Gabríela Friðriksdóttir og Raven. Ljósahönnun lónsins þetta vorkvöld er í höndum Aðalsteins Stefánssonar.

pbb@frettabladid.is

**LEIKLIST** Erna Ómarsdóttir danshöfundur og dansari.



**JÓN ÁSGEIRSSON TÓNSKÁLD**

# NÝ LÖG VIÐ PASSÍUSÁLMANA

**Höfuðkirkja tónlistarflutnings hér á landi – Hallgrímskirkja – verður að vanda lögð undir trúarlegan tónlistarflutning nú um hátíðirnar. Þar ber hæst frumflutning laga Jóns Ásgeirssonar tónskálds við Passíusálma Hallgríms Péturssonar. Á páskadag verður síðan flutningur á páskakantötu Bach.**

Fimm kórar frumflytja 50 passíusálmalög Jóns Ásgeirssonar. Verkið hefur verið tíu ár í smíðingu: Fyrst urðu þau tíu og svo bættust fleiri við í smáskömmtum. Þegar tíu voru eftir var það tekið með átaki,“ segir Jón tónskáld. Hann segist hafa alist upp við sálmana. Þeir hafi verið móður sinni kærir: „Hún kunni þá flesta utanað. Þegar ég var strákur og var að læra á orgelið heima spilaði ég þá fyrir hana. Þeir féllu misjafnlega vel að lagboðunum. Hún skammaði mig fyrir að spila ekki rétt og ég fann að söngnum hennar. Það er dæmalaust furðulegt að tónskáld hafi ekki fyrr lagt sig eftir að skrifa tónlist við þessi helgikvæði,“ segir Jón. Urbancic sem kenndi mér fann oft að því.“

Jón segist hafa gripið í lagasmíðina til að hvílast frá stærri verkefnum. Í fyrra gaf hann Hallgrímskirkju lögin fimmtíu við sálmana.

Fimm kórar annast flutninginn á föstudaginn langa en það hefur lengi verið til siðs að lesa alla sálmana í kirkjunni á þeim degi. Sú hefð verður ekki rofin. Að þessu sinni verða í tengslum við lesturinn frumflutt lög Jóns Ásgeirssonar.

Listvinafélag Hallgrímskirkju hefur fengið kóra frá fimm söfnuðum til að skipta með sér flutningunum, þannig að hver kór syngur tíu lög. Sungið verður fyrsta og síðasta vers hvers sálms, en lesarar, sem allir tengjast viðkomandi kórum og söfnuðum, lesa öll önnur vers.

Kórarnir sem koma fram eru Mótettukór Hallgrímskirkju undir stjórn Harðar Áskelssonar, Kór Hjallakirkju undir stjórn Jóns Ólafs Sigurðssonar, Kór Vídalínskirkju undir stjórn Jóhanns Baldvinssonar, Barbörukórinn í Hafnarfirði undir stjórn Guðmundar Sigurðssonar og Kór Akraneskirkju undir stjórn Sveins Arnars Sæmundssonar. Fjöldi lesara kemur fram. Flutningurinn hefst klukkan 13 og tekur fimm til sex klukkustundir. Aðgangur er ókeypis.

Á páskadag kl. 11 verður páskakantatan „Í dauðans böndum Drottinn lá“ BWV 4 eftir J.S. Bach flutt í guðsþjónustu. Flytjendur eru Mótettukór Hallgrímskirkju ásamt strengjaleikurum úr Kammersveit Hallgrímskirkju. Einsöngvarar eru Hrafnhildur Árnadóttir sópran, Magnús Hallur Jónsson tenór og Oddur Arnþór Jónsson bassi, en þau eru öll félagar í Mótettukórnum og stunda framhaldsnám í söng. Stjórnandi er Hörður Áskelsson kantor Hallgrímskirkju og organisti Björn Steinar Sólbergsson.

Áður auglýstum flutningi á Hallgrímspassíu eftir Sigurð Sævarsson á skírdag á vegum Listvinafélags Hallgrímskirkju með Schola cantorum og Caput er frestað af óviðráðanlegum ástæðum. Getsemanestund verður að kvöldi skírdags í Hallgrímskirkju; altarið er afskrýtt og hið einstæða altarisklæði Unnar Ólafsdóttur með pelíkananum sett upp, sem aðeins prýðir Hallgrímskirkju á föstudaginn langa ár hvert.

Rás 2 Ríkisútvarpsins mun á föstudaginn langa flytja tónsmíðar rokkaranna við sálmana, bæði verkið Hallgrímur kvað eftir Karl Sighvatsson og Jón Kristinn Cortes og Passíusálma Megasar.

pbb@frettabladid.is


Virðisaukinn endurgreiddur

Nú færðu allan virðisaukaskattinn endurgreiddan af greiddum vinnulaunum við framkvæmdir við íbúðarhúsnæði eða sumarbústað, hvort sem um er að ræða nýbyggingu eða eldra húsnæði sem þarfnast viðhalds eða viðbóta. Endurgreiðslan verður í boði til 1. janúar 2011.

**Nánari upplýsingar er að finna á www.si.is/vsk.**



SI Samtök iðnaðarins - www.si.is

FRÁ LEIKSTJÓRA ALONG CAME POLLY KEMUR ÓTRÚLEGA FYNDIN
MYND Í ANDA KNOCKED UP OG FORGETTING SARAH MARSHALL

FRUMSÝND 8.APRÍL



PAUL RUDD    JASON SEGEL

# I LOVE YOU, MAN

...ERTU NÓGU MIKILL MAÐUR TIL AÐ SEGJA ÞAÐ?

SENDU SMS **ESL LMV**
Á NÚMERIÐ **1900**
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!
VINNINGAR: BÍÓMIÐAR, TÖLVULEIKIR,
GOS, DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!

149 kr/skeytið. Vinningar afhendir í ELKO Lindum.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

9. HVER VINNUR!




Einfaldlega bestir í kjöti!
NÓATÚN
Bestir í kjöti
Úr kjötborði
Lambalæri af nýslátruðu
1398 kr. kg
Úr kjötborði
Lambahryggur af nýslátruðu
1798 kr. kg
Úr kjötborði Nóatúns
PÁSKALAMB
Kalkúnn ferskur
1398 kr. kg
Úr kjötborði
Nóatúns hamborgarhryggur
1398 kr. kg
SS Caj P's lambalærissneiðar
20% afsláttur
Veislufugl með fyllingu
998 kr. kg
Úr kjötborði
Grísabógur
498 kr. kg
Úr kjötborði
Ungnautalund erlend
3698 kr. kg
Úr kjötborði
Grísahryggur með puru
998 kr. kg
Úr fiskborði
Lax í heilu
698 kr. kg
Úr fiskborði
Skötuselur roð- og beinlaus
2049 kr. kg
25% afsláttur
Úr kjötborði
Grísalundir fylltar
2198 kr. kg
Franskar andabringur
2998 kr. kg
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is
KÍKTU Á HEIMASÍÐU NÓATÚNS:
www.noatun.is


NÓATÚN
Páskagladningur
FRÍTT PÁSKAEGG!
EF ÞÚ VERSLAR FYRIR 6.000 KR.
EÐA MEIRA Í DAG, MIÐVIKUDAG
FÆRÐU GÓU PÁSKAEGG NR. 4
Í KAUPBÆTI AÐ VERÐMÆTI 938 KR.
Frítt páskaegg
Snæfiskur skelflettur humar
3990
kr. kg
Ostakökur 3 tegundir
1299
kr. stk.
STÓR, LÍTIL, LJÓS OG DÖKK
ÚRVALIÐ AF PÁSKAEGGJUM ER Í NÓATÚNI
Pepsi Pepsi Max, 1L
3 fyrir 2
Vínber græn
475
kr. kg
Camembert, Höfðingi, Gullostur
20% afsláttur
Hersey's íssósa Shell topping
299
kr. stk.
Emmess Skafís 1,5 L
598
kr. pk.
Honey Nut Cheerios 482g
499
kr. pk.
VELDU JARÐARBERJA- EÐA SÚKKULAÐIKREM MEÐ KÖKUNNI
BC Kökumix og krem
790
kr. saman
Nivea snyrtivörur
20% afsláttur
NÓATÚN HAMRABORG
Mán - Fös 10:00-20:00
Lau. 11:00-19:00
Sun. 11:00-19:00
NÓATÚN AUSTURVERI
Mán - Fös 10:00-20:00
Lau. 11:00-20:00
Sun. 11:00-20:00
NÓATÚN GRAFARHOLTI
Mán - Fös 10:00-21:00
Lau. 11:00-20:00
Sun. 11:00-20:00
NÓATÚN NÓATÚNI 17
Mán - Fös 10:00-20:00
Lau. 11:00-19:00
Sun. 11:00-19:00
NÓATÚN HRINGBRAUT
Mán - Fös 10:00-21:00
Lau. 11:00-20:00
Sun. 11:00-20:00
NÓATÚN














# Lumarðu á glæpasögu?

Mannlíf og Hið íslenska glæpafélag hafa nú auglýst eftir sögum í hina árlegu glæpasmásagnakeppni Gaddakylfuna sem afhent verður í vor. Höfundar hafa að mestu frjálsar hendur svo lengi sem þeir fást við glæpi af einhverju tagi í smásögunum og haldi sig innan 2.500 orða lengdarmarka.

Tekið er á móti sögum á netfanginu gaddakylfan@birtingur.is. Þriggja manna dómnefnd, skipuð fulltrúum Mannlífs og Hins íslenska glæpafélags, tekur síðan við þeim og velur þær bestu úr. Þess er gætt að dómnefnd viti ekki nöfn höfunda sagnanna.

Skilafrestur rennur út klukkan 23.59 hinn 30. apríl og verða úrslit kunngjörð hér á landi í lok maí í tengslum við ráðstefnu Skandinaviska Kriminalsällskapet, sem eru regnhlífarsamtök norrænna glæpasamtaka af bókmenntalega taginu.

Gaddakylfukeppnin er nú haldin í sjötta sinn. Glæpafélagið hélt keppnina fyrst í samvinnu við Grand Rokk árið 2004 en ári síðar hætti Mannlíf sér út á refilstigu glæpasagnanna og gekk til liðs við Glæpafélagið. Síðan þá hefur keppnin verið kennd við Gaddakylfuna, vígalegan verðlaunagripinn sem veittur er þeim sem skrifar bestu smásöguna hverju sinni.



**BÓKMENNTIR** Glæpahneigðir höfundar: verðlaunahafar í Gaddakylfunni fyrir ári. MYND/BIRTINGUR

Verðlaun verða veitt fyrir þrjár bestu sögurnar að mati dómnefndar. Höfundur bestu sögunnar fær Gaddakylfuna, sem listakonan Kogga hannar, og hundrað þúsund krónur. Vegleg verðlaun verða veitt fyrir annað og þriðja sætið sem kynnt verða síðar. Þá verða verðlaunasögurnar þrjár birtar í bók sem mun fylgja Mannlífi sem kemur út daginn eftir verðlaunaafhendinguna. Mannlíf áskilur sér einnig rétt til þess að velja fleiri innsendar sögur til birtingar í glæpasagnakverinu.

Sigurvegari Gaddakylfunnar 2008 var Lilja Magnúsdóttir með söguna Svikarinn, í öðru sæti varð Dýragarðurinn eftir Val Grettisson og Hönnu Ruth Ólafsdóttur og þriðja sætið féll í skaut Hilmari Erni Óskarssyni fyrir söguna Eldur. Hér gefst því nýliðum tækifæri til að leggja á glæpabrautina og freista þess að koma nýjum verkum á framfæri í hinu knappa formi smásögunnar. Er þetta eina smásagnasamkeppnin sem haldin er hér á landi. Þátttaka í Gaddakylfunni síðustu ár hefur verið afar góð. Í fyrra bárust um þrjátíu handrit en þegar best lét fór fjöldinn yfir sjötíu. **- pbb**

# Opnanir listasafna um páska

**LISTASAFN REYKJAVÍKUR**

**HAFNARHÚS** Opið 10-17 alla dagana nema skírdag 10-22.

**ELÍN HANSDÓTTIR – PARALLAX** Innsetning Elínar býður upp á raunverulega upplifun gesta á bjögun sjónarhornsins.

**SKUGGADRENGUR – HEIMUR ALFREÐS FLÓKA** Fyrsta yfirlitssýning á teikningum Flóka um langt skeið. Sýningarstjóri er Sjón.

**D12 – JEANNETTE CASTIONI** Jeannette Castioni (f. 1968) er tólfti listamaðurinn sem Listasafn Reykjavíkur fær til að sýna í sýningaröð D-salarins þar sem vakin er athygli á efnilegum myndlistamönnum.

**ERRÓ – MYNDASPIL** Fjölskylduvæn sýning sem Ilmur Stefánsdóttir listamaður á veg og vanda af og ætluð er allri fjölskyldunni.

**ERRÓ – BENTU Í AUSTUR, BENTU Í VESTUR** Sýning úr Erró-safneign Listasafns Reykjavíkur þar sem áherslan er lögð á málverk, prentverk og klippimyndir sem standa saman af myndrænum þáttum úr austrænni og vestrænni menningu.

**KJARVALSSTAÐIR** Opnir 10-17 alla dagana.

**SKÁKLIST** Fimmtán frumleg og óhefðbundin skákborð eftir kunna alþjóðlega samtímalistamenn, m.a. Damien Hirst, Maurizio Cattelan, Chapman-bræður, Rachel Whiteread og fleiri. Sýningunni lýkur annan dag páska.

**KJARVAL – MYND AF HEILD** Einstök Kjarvalssýning þar sem verk Kjarvals þekja alla veggi frá gólfi til lofts. Hér er til sýnis rjóminn af Kjarvalssafneign Listasafns Reykjavíkur. Sýningunni lýkur annan dag páska.

**ÁSMUNDARSAFN** opið 13-16 alla dagana

**LÖGUN LÍNUNNAR** Sýning á verkum Ásmundar Sveinssonar þar sem áhersla er lögð á abstraktverk listamannsins. Sýningunni lýkur 19. apríl.

**LISTASAFN ASÍ**

Sýningar Keika Kurita og Bjargeyjar Ólafsdóttur. Opið skírdag og laugardag. Lokað föstudaginn langa og páskadag.

**LISTASAFN ÍSLANDS**

**NOKKRIR VINIR** Sýningin er tilraun til að bregða ljósi á þann kapítula í íslenskri listasögu þegar formræn list lét undan síga fyrir óformrænum gildum. Opið skírdag og laugardag. Lokað föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum, en opið skírdag og laugardag.

**HAFNARBORG**

Sýning Guðrúnar Kristjánsdóttur. Opið verður í Hafnarborg yfir páskana frá 11-17 nema páskadag verður lokað. Ókeypis aðgangur. Þá verður einnig opið í Manni lifandi, veitingastofu Hafnarborgar, á sama tíma. Þar er boðið upp á hollar og góðar veitingar, rétti dagsins, salatbar og gómsætar kökur og kaffi.

**GERÐARSAFN**

Myndir ársins 2008 og sérsýning á myndum Jim Smart. Lokað föstudag og sunnudag. Skírdag, laugardag og annan í páskum er opið 11-17.

**NÝLISTASAFNIÐ**

Nýló er lokað um páskana.

**LISTASAFN AKUREYRAR**

Kenjóttar hvatir – fimm myndlistarkonur sýna. Opið alla dagana frá 12-17 nema mánudag.

# Stórtenórinn á Akureyri

Einn til, sagði kallinn og fékk sér síðasta slurkinn. Eða hvað? Guðmundur Ólafsson leikari og leikskáld frumsýndi tvíleik sinn Tenórinn á berjadögum á Ólafsfirði í ágústmánuði 2003 og síðar það sama haust í Iðnó þar sem sýningin var á fjölunum í tvö leikár. Hefur Tenórinn síðan verið á faraldsfæti víða um land í styttri leikferðum.

Eftir sex ára sýningarhald fannst höfundinum og leikaranum Guðmundi Ólafssyni „að nú væri nóg komið“ og ákvað að láta söngvarann syngja sitt síðasta á Akureyri um miðjan mars síðastliðinn. Er skemmst frá því að segja að húsfyllir varð og undirtektir áhorfenda í einu orði sagt stórkostlegar.



**LEIKLIST** Guðmundur Ólafsson rennir sér í Hamraborgina í verki sínu um tenóra – svo týpíska.

Því hefur það orðið úr að söngvarinn mun ræskja sig enn á ný og hefja upp raust sína (og nú í allra síðasta sinn) og verður því aukasýning í Samkomuhúsinu á Akureyri á föstudaginn langa kl. 20. Í verkinu segir frá íslenskum tenór sem hefur verið langdvölum í útlöndum en er nú kominn heim í stuttan stans, og notar tækifærið til að halda tónleika. Leikritið gerist á tæpum tveimur klukkutímum í búningsherbergi ónefnds tónlistarhúss þar sem söngvarinn og undirleikari hans eru að búa sig undir tónleikana. Upphitun þeirra og undirbúningur taka á sig undarlegustu króka bæði til fortíðar og framtíðar og kemur ýmislegt í ljós þegar skyggnst er ofan í sálarkytru söngvarans ekki síður en í ferðatösku hans.

Í tónlist er víða leitað fanga: „Svo sem hjá rússneskum karlakórum, háværum sópransöngkonum og rasssíðum röppurum. Auk þess í hjarnbjörtum íslenskum tenórsöngvum, amerískum söngleikjum, ítölskum slögurum og óperuaríum,“ segir Guðmundur.

Leikstjóri er Oddur Bjarni Þorkelsson, Guðmundur Ólafsson er Tenórinn og Undirleikarann leikur Sigursveinn Kr. Magnússon. **- pbb**

# RISA
## ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU
# MARKAÐUR

er Í fullum gangi í
**Norðlingaholtinu**
gamla Mest húsinu

MIKIÐ ÚRVAL AF VOR- OG SUMARVÖRUM




## Opnunartími

| | |
|---|---|
| Miðvikudagur (í dag) | 12-18 |
| Fimmtudagur (Skírdag) | 12-18 |
| Föstudagur (langi) | Lokað |
| Laugardagur | 12-18 |
| Sunnudagur (páskadag) | Lokað |
| Mánudagur (2. í páskum) | 12-18 |

Útsöluvörur frá

Kaupfélagið skór.is STEINAR WAAGE ecco BLEND CRUSER
PUMA NIKE adidas VAGABOND SKECHERS RBK







# fólk

folk@frettabladid.is



*„Ég sem ljóð. Ég geri það samt bara fyrir sjálfan mig. Kannski þegar ég verð eldri og ekki eins feiminn mun ég birta þau.“*

**LEIKARINN JONATHAN RHYS MEYERS** Ætlar að snúa sér að ljóðlistinni þegar hann hættir að leika.



*„Ég elska New York og John elskaði New York. Ég samdi þetta lag fyrir Lennon eftir að hann dó.“*

**BÍTILLINN PAUL MCCARTNEY** Tjáir sig um lagið Here Today á góðgerðatónleikum í New York.



*„Ég var vinalaus, einmana og mér leið ömurlega.“*

**SÖNG- OG LEIKKONAN MILEY CYRUS** Skrifar í sjálfsævisögu sinni um einelti sem hún varð fyrir í skóla.



**STORMASAMT** Samband Lindsay Lohan og Samönthu Ronson var aldrei neinn dans á rósum en það sprakk í síðustu viku. Ronson hefur farið fram á nálgunarbann. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vill nálgunarbann á Lohan

**Einu umtalaðasta ástarsambandinu í Hollywood er lokið. Og það með hvelli, því plötusnúðurinn Samantha Ronson vill nálgunarbann á Lindsay Lohan.**

Fréttin um sambandsslit Lindsay Lohan og Samönthu Ronson fór eins og eldur í sinu um gjörvalla heimsbyggðina í gær, því Ronson sendi móður sína og systur niður á lögreglustöð í Beverly Hills og krafðist nálgunarbanns á fyrrverandi ástkonu sína. Dramatíkin hófst í síðustu viku þegar fjölskylda plötusnúðarins hélt hóf til heiðurs systur hennar, Charlotte Ronson, sem er þekktur hönnuður í Bandaríkjunum. Öryggisverðir höfðu nefnilega fengið skýr fyrirmæli um að hleypa Lindsay ekki inn. Henni væri einfaldlega ekki boðið.

Leikkonan er ekki þekkt fyrir að taka mótbyr af yfirvegun og kaus að ausa yfir Samönthu svívirðingum, auk þess að saka hana um eiturlyfjanotkun og framhjáhald á Twitter-síðu sinni. Þetta fór mjög fyrir brjóstið á Samönthu, sem kaus að skipta um skrár á íbúð sinni og fór í kjölfarið fram á nálgunarbann. Þetta fékkst þó ekki staðfest hjá yfirvöldum í Beverly Hills en allir stærstu fjölmiðlar heims hafa fylgst grannt með gangi mála.

Einn maður opnaði þó kampavínsflösku vegna fréttanna, faðir Lindsay, Michael Lohan, en hann hefur alltaf verið andvígur sambandinu. Í samtali við ABC-fréttastofuna sagðist hann álíta þetta rétt skref fyrir dóttur sína. „Samband þeirra var eitrað og ég er feginn að því sé lokið. Nú getur Lindsay einbeitt sér að sínum ferli í stað þess að elta Ronson á röndum út um allan heim,“ sagði Michael. Lindsay hefur þó ekki fengist til að tjá sig mikið eftir viðtal sem hún veitti E!-sjónvarpsstöðinni en þar sagði hún sambandið vera í smá pásu. Miðað við viðbrögð Ronson virðist plötusnúðurinn ekkert sérstaklega áfjáður í að hitta fyrrverandi ástina í lífi sínu.



**FRÁBÆRIR Á SVIÐI** Sir Paul McCartney og Ringo Starr komu saman fram á tónleikum í New York um síðustu helgi. Allt small saman hjá þeim og þeir hafa ákveðið að vinna að nýju efni síðar á árinu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Taka upp nýtt efni

Bítlarnir Paul McCartney og Ringo Starr hafa ákveðið að vinna saman að nýrri tónlist síðar á árinu. Meira en áratugur er liðinn síðan þeir félagarnir unnu síðast saman í hljóðveri. Það var á sólóplötu Ringos, Vertical Man, sem kom út árið 1998.

Paul og Ringo komu saman fram á styrktartónleikum David Lynch í New York um liðna helgi. Það var í fyrsta skipti sem þeir spila saman á sviði síðan á minningartónleikum um George Harrison árið 2002. Endurkoman hefur kveikt vonarneista í hjörtum Bítlaaðdáenda um að nýtt efni líti dagsins ljós.

Breska dagblaðið Daily Express upplýsti í gær að Ringo og Paul hefðu ákveðið að hittast í hljóðveri síðar á árinu og taka upp nýtt efni. „Það er langt síðan Ringo spilaði trommur inn á lög Pauls, en þeir hafa ákveðið að þeir geti unnið saman aftur,“ segir heimildarmaður blaðsins. „Þeir skemmtu sér frábærlega í New York og vita nú að þeir smella enn frábærlega saman. Þeir hafa ákveðið að hittast síðar á árinu og vinna að nýjum lögum eftir Paul.“

# Fór á skeljarnar

Tónlistarmaðurinn Jamie Cullum hefur beðið um hönd kærustu sinnar til tveggja ára, Sophie Dahl. Cullum er þekktur djasspoppari og Sophie er barnabarn barnabókahöfundarins Roalds Dahl.

Breska dagblaðið The Sun segir að Cullum hafi farið á skeljarnar fyrir skemmstu. Í kjölfarið hafa skötuhjúin tilkynnt vinum sínum að brúðkaup sé á næsta leiti. Fyrirsætan hávaxna skartaði glæsilegum hring á fingri í Gucci-partíi í síðustu viku og gleðin skein af henni.



**HAMINGJUSÖM** Jamie Cullum og Sophie Dahl eru trúlofuð. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ge-ology á leið til Íslands

Rapparinn Ge-ology, sem hefur samið takta við lög De La Soul, Mos Def og Talib Kweli, spilar á skemmtistaðnum Jakobsen 17. apríl. Rapparinn er virtur í hip hop-senunni ytra og er koma hans því mikill fengur fyrir íslenska tónlistaráhugamenn.

Ge-ology hóf feril sinn sem plötusnúður ellefu ára. Í menntaskóla var hann í hljómsveitinni Born Busy með hinum sáluga Tupac Shakur og þegar Tupac hóf sólóferil sinn samdi Ge-ology fyrir hann takta. Síðan þá hefur hann starfað sem upptökustjóri og myndlistarmaður og gefið út eigin efni. „Hann er rosa skemmtilegur. Hann fer á milli tónlistarstíla og er ekki bara að spila hip hop,“ segir Sandra Erlingsdóttir hjá Jakobsen. „Hann spilar líka fönk, soul, house og alls konar tónlist,“ segir hún og hvetur alla áhugamenn um hip hop til að láta sjá sig. Rapparinn kemur hingað til lands 14. apríl og ætlar að dvelja hér í viku. Upphitun á Jacobsen verður í höndum Dj Intro og Dj B-Ruff. Á eftir Ge-ology ætlar Dj Danni Deluxe að klára kvöldið. Húsið er opnað klukkan 22. - fb



**GE-OLOGY** Rapparinn hefur starfað með þekktum flytjendum á borð við Tupac Shakur og De La Soul.

# Kjaftfor í myndbandi

Rapparinn Eminem lætur hverja stjörnuna á fætur annarri fá það óþvegið í nýju myndbandi sínu við lagið We Made You. Á meðal þeirra sem fá á baukinn eru Amy Winehouse og fyrrverandi maður hennar Blake Fielder-Civil. Lindsay Lohan, Sarah Palin, Britney Spears og Jessica Simpson sleppa heldur ekki við hárbeitt háð rapparans. Félagar hans, Dr. Dre og 50 Cent, birtast jafnframt í feluhlutverkum í myndbandinu og sjálfur kemur Eminem fram sem Elvis Presley og persóna í Star Trek.

Nýjasta plata Eminem, Relapse, kemur út 19. maí og er We Made You fyrsta smáskífulagið af henni.



**EMINEM** Rapparinn Eminem dregur ekkert undan í nýju myndbandi við lagið We Made You.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 08. apríl 2009**

### ➜ Dansleikir



**Eurobandið** verður á Players við Bæjarlind í Kópavogi.

**Dalton** verður á Glóðinni við Hafnargötu í Reykjanesbæ.

Hrafnar verða á **Kringlukránni** í Kringlunni.

**Mickly Slim** verður á Páskadjammi Tecno.is á Nasa við **Austurvöll.**

Skítamórall verður á **Sjallanum** við Geislagötu 14 á Akureyri.

**Á Móti Sól** verða á Hvíta Húsinu við Hrísmýri 6 á Selfossi.

**Diskó-þema** verður á Q-bar við Ingólfsstræti þar sem plötusnúðurinn **Nigel** þeytir skífum.



### ➜ Tónleikar

**21.00** Retro Stefson, The Bent Moustasche og Madchester.is verða á **Karamba** við Laugaveg 22. Aðgangur ókeypis.

**23.00** Dikta, Our Lives og Cliff Clavin verða á **Dillon Sportbar** við Trönuhraun 10 í Hafnarfirði.

**22.00** Boys in a Band og Dynamo Fog verða á **Sódómu Reykjavík** við Tryggvagötu. Who Knew hita upp.

**22.00** Hvanndalsbræður verða á **Græna Hattinum** við Hafnarstræti 96 á Akureyri.

**22.30** Jan Mayen, On Jupiters Orbit, Alchemia og Who knew verða á **Grand Rokk** við Smiðjustíg. Húsið opnar kl. 23.

### ➜ Blús

**Blúshátíð í Reykjavík**, 4.-9. apríl. Nánari upplýsingar og dagskrá á www.blues.is.



**20.00 Willie „Big Eyes“ Smith** kemur fram ásamt **Andreu Gylfadóttur og Blúsmönnum Andreu** á Reykjavík Hilton Nordica við Suðurlandsbraut 2. **Mugison** kemur einnig fram á tónleikunum.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

Dekurhæðin
Sími: 577-3737 - www.dekurhaedin.is
NUDD
Verð frá
1690.-
Selásbraut 98
110 Árbæ S:577 3737

Páskaegg í barnadeild
Komdu og kauptu fyrir 10 þúsund eða meira í barnadeild og fáðu eitt páskaeggg í kaupbæti - **Ævintýraegg með rís nr. 6 frá Freyju.**
Gildir meðan birgðir endast.



FLOTT VARA Á FLOTTU VERÐI
Troðfull búð af barnavörum
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Viðskiptabanni loksins aflétt

Hljómsveitin Jan Mayen leikur á skemmtistaðnum Grand Rokk í kvöld í fyrsta sinn síðan 2005. Ástæðan fyrir hléinu var ósætti við þáverandi starfsmann staðarins en fram að því hafði Grand Rokk verið eins konar heimavöllur sveitarinnar. Ósættið kom upp eftir að hljómsveitin var nýbyrjuð með tónleika sína á efri hæðinni. Þá tók starfsmaðurinn allt úr sambandi og lokaði hæðinni löngu fyrir auglýstan lokunartíma. Niðurstaðan var viðskiptabann sem Jan Mayen setti á staðinn í anda Kúbudeilunnar.

„Við tókum þessa ákvörðun í einhverri fýlu. Þetta beindist að þessum eina starfsmanni en ekki eigendunum, sem hafa alltaf reynst okkur mjög vel,“ segir Ágúst Bogason. „Þetta vatt svo upp á sig og Grand Rokk hætti að vera með tónleika.“ Jan Mayen brá á það ráð að spila víða um borgina, alls staðar annars staðar en á Grand Rokk, en leið aldrei eins vel og á gamla, góða sviðinu. „Þetta er eitthvað svo mátuleg stærð af stað og hann er líka vel staðsettur fyrir ofan Lækjargötuna. Þetta er einn af fáum stöðum sem hafa verið til í gegnum tíðina og þarna hefur skapast ákveðin hefð,“ segir Ágúst, sem hefur nú grafið stríðsöxina, enda er starfsmaðurinn hættur og nýjar áherslur á Grand Rokk. Hann lofar góðum tónleikum í kvöld þar sem nýtt efni verður spilað. „Þetta verður fyrsta „kommbakkið“ þarna af mörgum.“

Ásamt Jan Mayen spila í kvöld Who Knew, Alchemia og On Jupiters Orbit. Húsið verður opnað klukkan 22 og hefst spilamennskan skömmu síðar. Miðaverð er 500 krónur. - fb



**JAN MAYEN SNÝR AFTUR** Hljómsveitin Jan Mayen spilar á sínum gamla heimavelli, Grand Rokk, í kvöld eftir langt hlé. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Kviknar á Álperunni hjá Peðinu

**Jón Benjamín Einarsson trésmiður er eitthvert afkastamesta leikskáld landsins og á föstudaginn langa frumsýnir Peðið nýtt verk eftir hann. Jón skrifar aðeins fyrir eitt leikhús – enda vissi hann ekki að önnur væru til.**



**LÍSA PÁLSDÓTTIR Í HAM** Útvarps- og leikkonan snjalla í Tröllaperu eftir Jón Benjamín.

„Já, þetta er pólitískt verk. Um umræðupólitíkina íslensku – þessar skotgrafaumræður,“ segir Jón Benjamín Einarsson trésmiður og leikskáld.

Eitthvert sérstæðasta leikfélag landsins – Peðið – sem á varnarþing á menningarknæpunni Grand Rokk, mun á föstudaginn langa frumsýna á Grand Rokk nýtt íslenskt verk sem heitir Álpera. Þetta er leikrit með söngvum og líklega metnaðarfyllsta sýning Peðsins til þessa. Leikfélagið hefur sett upp níu sýningar en það býr svo vel að eiga sérstakt hirðskáld – Jón Benjamín – sem skrifað hefur átta þeirra verka. Ekki dónalegt fyrir leikfélag að hafa það á afrekaskránni að setja upp frumsamin íslensk leikverk hverju sinni.

Í Álperu koma fram níu leikarar auk hljómsveitar sem leggur til frumsamda tónlist hljómsveitarmeðlima, þeirra Kormáks Bragasonar og Björgúlfs Egilssonar. Söngkona er svo útvarpskonan góðkunna, Lísa Pálsdóttir, en leikstjórn er í höndum Jóns og Vilhjálms Hjálmarssonar. Að sögn Jóns fjallar Álpera um fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir í lítilli ímyndaðri sveit. Erfiðlega gengur að sannfæra bóndann sem á landið um gagnsemi virkjunarinnar og mikilvægi þessa fyrir sveitarfélagið og samfélagið. „Þarna er fjallað um atvinnu- og byggðarmál auk þess sem tiplað er á Evrópumálum og öllu því sem helst er ofarlega á baugi nú fyrir kosningar,“ segir Jón og fellst á að í verkinu megi finna ádeilubrodd. Eða um þessa valkosti sem hvorugur er góður: „Hvort við ætlum að tína fjallagrös og flóa mjólk ofan í erlenda ferðamenn eða lifa af brauðmolum sem falla af borðum erlendra auðhringa. Jájá, þetta eru vondir kostir,“ hlær Jón.



**JÓN BENJAMÍN** Peðið, sem á varnarþing á menningarknæpunni Grand Rokk, nýtur þess að eiga þetta afkastamikla leikskáld að.

Meðal verka sem Peðið hefur sýnt eftir Jón eru Tröllapera, Jólapera og Barpera og spurt er hvað sé með þessa peru. Jón segir þetta brandara sem hafi gengið of langt. En vísar til þess að um leikrit með söngvum sé að ræða. En þá þannig að Ó-ið hafi verið skorið framan af. Þetta sé ekki ópera heldur pera. Og aðspurður hvort ekki sé rétt fyrir svo afkastamikið leikskáld að horfa í aðrar áttir með skrif sín, skrifa fyrir önnur leikhús en Peðið segir Jón Benjamín: „Jahhh, ég vissi bara ekki að önnur leikhús væru til.“

jakob@frettabladid.is


NÝTT Í BÍÓ!

I LOVE YOU MAN – ....ERTU NÓGU MIKILL MAÐUR TIL AÐ SEGJA ÞAÐ? – ÓTRÚGLEGA FYNDIN MYND Í ANDA KNOCKED UP OG FORGETTING SARAH MARSHALL – LÚXUS – 12

Einhver áhrifamesta og mikilvægasta mynd síðustu ára! Byggð á bók eftir Andra Snæ Magnason – DRAUMALANDIÐ – L

DRAGONBALL EVOLUTION – Heimsfrumsýning á frábærri ævintýra- og spennumynd! – PÁSKATILBOÐ KL. 1- 500 KR. – 7

Franklin og fjársjóðurinn – PÁSKATILBOÐ KL. 1- 500 KR. – L

FAST & FURIOUS – 12

Sýnd með íslensku tali – PÁSKATILBOÐ KL. 1- 500 KR. (850 KR. Á 3D) – MONSTERS VS ALIENS – L

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 – TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 12 |
| I LOVE YOU MAN LÚXUS | kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| DRAGONBALL | kl. 1 | 7 |
| FRANKLÍN & FJARSJÓÐURINN | kl. 1 - 3 | L |
| FAST AND FURIOUS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| MONSTERS VS ALIENS 3D | kl. 1 - 3.20 ísl. tal | L |
| MONSTERS VS ALIENS | kl. 1 - 3.20 ísl. tal | L |
| MALL COP | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 – 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| MALL COP | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| DRAGONBALL | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| MARLEY AND ME | kl. 5.30 - 8 | L |
| KILLSHOT | kl. 8.20 - 10.20 | 16 |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 5.30 - 10.20 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| DRAUMALANDIÐ | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| DRAGONBALL | kl. 8 - 10 | 7 |
| FAST AND FURIOUS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| CHOKE | kl. 8 - 10 (Ekkert hlé) | 14 |
| THE BOY IN THE STRIPED PYJAMAS | kl. 5.50 | 12 |
| THE READER | kl. 5.40 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| FAST AND FURIOUS | kl. 5.50 - 8 - 10 | 12 |
| MALL COP | kl. 5.50 - 8 - 10 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI – AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ – LAUGARÁSBÍÓ – Sími: 553 2075 - bara lúxus

I LOVE YOU MAN 500 KR. – Franklin 500 KR. – EINNIG SÝND Í 3D – VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI – FAST & FURIOUS 500 KR. – VILLTU VINNA MILLJARÐ? 500 KR.

MIÐVIKUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR 500 KR Á ALLAR MYNDIR NEMA ÍSLENSKAR OG 3D MYNDIR

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU MAN | kl. 5.50, 8 og 10.15 | 12 |
| FRANKLÍN - Ísl. Tal | kl.2(500kr) og 4 | L |
| FAST & FURIOUS | kl. 5.50, 8 og 10.15 | 12 |
| MONSTERS VS. ALIENS 3D | kl. 2(850 kr), 4, 6 Ísl tal | L |
| MONSTERS VS. ALIENS | kl. 2(500 kr) og 4 Ísl tal | L |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 8 og 10.15 | 12 |

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

SAMBÍÓIN

I LOVE YOU MAN – Frá Leikstjóranum sem færði okkur Lucky Number Slevin – PUSH – Chris Evans, Dakota Fanning og Djimon Hunsou eru mögnuð í frumlegustu spennumynd þessa árs! – FAST & FURIOUS

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU MAN | kl. 6 - 8 - 10:20 | 12 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 3:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| PUSH | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| MONSTERS VS ALIENS | kl. 3:40(3D) - 5:50(3D) ísl.tali | L |
| MONSTERS VS ALIENS | kl. 3:40 - 5:50 m/ísl. tali | L |
| MONSTERS VS ALIENS | kl. 8:10 m/ensku tali | L |
| FAST & FURIOUS | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| KNOWING | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| WITCH MOUNTAIN | kl. 3:40 | L |
| DUPLICITY | kl. 3:40 | 12 |
| WATCHMEN | kl. 10:20 | 16 |
| GRAN TORINO | kl.5:50 | VIP |
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PUSH | kl. 8:10 - 10:30 | 12 |
| MONSTERS VS ALIENS | kl. 4(3D) - 6(3D) ísl.tali | L |
| MONSTERS VS ALIEN | kl. 4 - 6 m/ísl. tali | L |
| MONSTERS VS ALIENS | kl. 8(3D) (ótextuð) m/ensku tali | L |
| KNOWING | kl. 10:10D | 12 |
| BAADER MEINHOF COMPLEX | kl. 6 - 9 | 16 |
| CONFESSIONS OF A SHOPAHOLIC | kl. 3:50 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| DUPLICITY | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 6 - 8 | L |
| FRAGLING OG FJÁRSJÓÐURINN m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| VALKYRIE | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PUSH | kl. 8 - 10 | 12 |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 6 | 7 |
| MONSTERS VS ALIENS ísl tal | kl. 6 - 8 | L |
| KNOWING | kl. 10 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MALL COP | kl. 8 - 10 | L |
| KILLSHOT | kl. 10 | 16 |
| LAST CHANCE HARVEY | kl. 8 | L |

PÁSKAMYNDIN í ár! – MONSTERS VS ALIENS ★★★★ - P.P., DV

SMÁRABÍÓ TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ

PÁSKATILBOÐ KL. 1- 500 KR. (850 KR. Á 3D) – MONSTERS VS ALIENS – KL.1 SMÁRABÍÓ

PÁSKATILBOÐ KL. 1- 500 KR. – DRAGONBALL – KL.1 SMÁRABÍÓ

PÁSKATILBOÐ KL. 1- 500 KR. – Franklin – KL.1 SMÁRABÍÓ

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus – Ódýrt í bíó

Franklin – ATH. 500 KR. – ÍSLENSKT TAL – ATH. SÝND KL.2

MONSTERS VS ALIENS – ATH. 850 KR. Á 3D – ATH. 500 KR. EKKI Í 3D – ÍSLENSKT TAL – ATH. SÝND KL.2

LAUGARÁSBÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS



# Hjólaðu út í vorið

## Hjóla- og línuskautadeildin er í Holtagörðum!

JAMIS BICYCLES
WWW.JAMISBIKES.COM

**Það er hvergi slegið af gæðunum í Jamis barnahjólunum**
Öll hönnun miðar að því að öryggi barnanna okkar sé sem mest. Stellin eru t.d. sérstaklega lág við sætin til að auðvelda barninu að ná tökum á hjólinu. Og svo spillir ekki fyrir hvað hjólin eru flott.



**Jamis Lady Bug**
12", 2–5 ára. Bleikt.
**Verð: 19.990 kr.**



**Jamis Hot Rod**
12", 2–5 ára. Rautt.
**Verð: 19.990 kr.**



**Jamis Laser 1.6**
16", 3–6 ára. Rautt/hvítt og blátt/hvítt.
**Verð: 22.990 kr.**



**Jamis Miss Daisy**
16", 3–6 ára. Bleikt.
**Verð: 25.990 kr.**



**Jamis Laser 2.0**
20", 5–9 ára álstell, fótbremsa.
Hvítt/svart og grænt/svart.
**Verð: 25.990 kr.**



**Jamis X20**
20", 6–9 ára, álstell, 6 gíra.
Blátt/hvítt og rautt/hvítt.
**Verð: 37.990 kr.**



**Jamis X24**
20", 7–12 ára, álstell, 7 gíra.
Svart/hvítt og blátt/hvítt.
**Verð: 39.990 kr.**

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 45830 04/09



**Rollerblade Micro 8.0**
Stækkanlegir barnaskautar.
Tveir litir.
**Verð: 19.990 kr.**



**Bladerunner Twist 09**
Stækkanlegir barnaskautar.
Tveir litir.
**Verð: 10.990 kr.**

## Línuskautar

ROLLERBLADE

## barnaskautar

**Útilíf er með línuskautana fyrir alla fjölskylduna!**
Rollerblade er eitt þekktasta merki heims í línuskautum. Þar gengur þú að gæðunum vísum á góðu verði.

**Mikið úrval af hjálmum og hlífum.**



HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ SÍMI 545 1500

**ÚTILÍF**

## > Aron Einar tryggði Coventry stig

Aron Einar Gunnarsson skoraði eina mark Coventry þegar liðið gerði 1-1 jafntefli við Crystal Palace á útivelli í ensku B-deildinni í gær. Markið skoraði hann með skalla á 31. mínútu en þetta er hans annað mark á leiktíðinni með félaginu. Aron Einar komst svo í annað gott færi í síðari hálfleik en náði ekki að færa sér það í nyt. Heimamenn jöfnuðu svo metin á 72. mínútu og þar við sat. Coventry er nú í 14. sæti deildarinnar.



sport

sport@frettabladid.is

**HELGI JÓNAS GUÐFINNSSON:** Á REYKJANESBRAUTINNI ÞEGAR GRINDAVÍK VANN KR

# *Ég spila bara þangað til ég dett í sundur*

Helgi Jónas Guðfinnsson kom ekki við sögu í fjórða leikhluta í öðrum leik Grindavíkur og KR í lokaúrslitum Iceland Express-deildarinnar í fyrrakvöld. Helgi meiddist í þriðja leikhlutanum en á meðan lið hans var að tryggja sér sigurinn í fjórða leikhlutanum var hann á hraðferð til Reykjavíkur.

„Strákurinn minn var fluttur veikur á spítala í Reykjavík og það var ástæðan fyrir því að ég fór, en þá var reyndar ljóst að ég myndi ekki spila meira í leiknum. Drengurinn var búinn að vera veikur fyrir leikinn og var í hálfgerðu móki, en hann hefur svo líklega ofþornað eða eitthvað slíkt því ég frétti svo bara að hann væri á leið með sjúkrabíl í bæinn,“ sagði Helgi og viðurkenndi að sér hefði brugðið mikið. „Maður fer alltaf að hugsa það versta þegar maður heyrir svona, en hann er allur að koma til,“ sagði Helgi, en hann fékk fréttirnar frá mágkonu sinni sem var á leiknum. „Það var gott að bæði þetta og leikurinn fór vel að lokum,“ sagði Helgi Jónas.

Hann segist ekki viss um hve alvarleg meiðsli hans séu. „Ég veit ekki almennilega hvað þetta er. Ég er búinn að eiga við smá meiðsli aftan í læri, en svo fékk ég verk í hásinina líka og stífnaði allur upp. Það má vera að það hafi verið af því ég var að hlífa lærinu,“ sagði Helgi. Hann þorir ekki að geta sér til um hvort meiðslin muni halda honum frá keppni. „Sjúkraþjálfarinn getur örugglega tjaslað mér saman, en þegar svona stutt er á milli leikja er kannski erfiðara að laga þetta. Það er gremjulegt að þurfa að glíma við svona þegar svona langt er komið í keppninni, en ég spila bara þangað til ég dett í sundur,“ sagði þessi 33 ára gamli reynslubolti, sem var lykilmaður í liði Grindavíkur sem vann titilinn árið 1996.



Staðan í einvígi Grindavíkur og KR er jöfn, 1-1, og liðin mætast þriðja sinni í DHL-höllinni annað kvöld. Fyrir liggur að Grindvíkingar þurfa að vinna í Vesturbænum ef þær ætla sér að vinna titilinn. „Við þurfum auðvitað að vinna einn þar, en það kemur. Það er ekkert annað en smá hugarfarsbreyting sem þarf að verða hjá okkur,“ sagði Helgi Jónas.



**ÁGÚST ÞÓR** Á leið til Noregs nú í sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ágúst Þór Jóhannsson:

## Tekur við Levanger

**HANDBOLTI** Ágúst Þór Jóhannsson hefur skrifað undir samning þess efnis að taka við þjálfun norska úrvalsdeildarfélagsins Levanger. Um er að ræða kvennalið félagsins en norska deildin þykir með þeim allra sterkustu í heimi.

„Þetta gerðist á skömmum tíma en það var haft samband við mig fyrir rúmri viku. Ég var í viðræðum við þetta félag fyrir ári síðan og því gekk þetta fljótt fyrir sig nú,“ sagði Ágúst í samtali við Fréttablaðið.

Hann þjálfaði karlalið Gróttu í vetur og kom því í efstu deild. „Það erfiðasta við að taka þessa ákvörðun var að fara frá Gróttu. Veturinn var mjög skemmtilegur. Ég hef þó engar áhyggjur af því að félagið finni sér ekki nýjan þjálfara enda mikill metnaður hjá því fyrir næsta tímabil.“ **- esá**

# Porto reynist enn erfiður ljár í þúfu

### Manchester United gerði í gær 2-2 jafntefli við Porto á heimavelli í fyrri leik liðanna í fjórðungsúrslitum Meistaradeildar Evrópu. Arsenal gerði á sama tíma 1-1 jafntefli við Villarreal á Spáni og er í betri stöðu.

**FÓTBOLTI** Evrópu- og Englandsmeistarar Manchester United eiga erfiðan leik fyrir höndum í Portúgal í síðari leik sínum í fjórðungsúrslitum Meistaradeildar Evrópu. Liðið gerði í gær 2-2 jafntefli við Porto á heimavelli sínum eftir að gestirnir jöfnuðu metin undir blálok leiksins.

Porto sló United úr leik á sama stigi keppninnar fyrir fimm árum síðar og vann þá heimaleikinn.

Í hinum leik kvöldsins gerðu Villarreal og Arsenal 1-1 jafntefli á Spáni og er síðarnefnda liðið því í þokkalegri stöðu fyrir síðari leikinn.

Porto átti glæsilegan fyrri hálfleik á Old Trafford í gær ef frá er talið markið sem liðið færði Manchester United á silfurfati. Christian Rodrigues hafði komið Porto yfir með laglegu skoti strax í upphafi leiks en á fimmtándu mínútu gerði varnarmaðurinn Bruno Alves sig sekan um slæm mistök. Hann ætlaði að gefa boltann á Helton, markvörð Porto, en sá ekki að Wayne Rooney var á milli þeirra. Hann hirti boltann og skoraði auðveldlega.

United mátti þakka fyrir að fá ekki fleiri mörk á sig í fyrri hálfleik. Bæði lið áttu reyndar margar marktilraunir í leiknum sem var opinn og skemmtilegur á að horfa.

Heimamenn skánuðu í síðari hálfleik og varamaðurinn Carlos Tevez kom þeim í 2-1 eftir sendingu Rooney. En undir lok venjulegs leiktíma skoraði varamaðurinn Mariano jöfnunarmark Porto eftir vafasaman varnarleik United og það ekki í fyrsta sinn í leiknum.

„Úrslitin gáfu rétta mynd af leiknum. Þeir voru betri í fyrri hálfleik en við bættum okkur í þeim síðari og vorum meira með boltann,“ sagði Alex Ferguson, stjóri United, eftir leik. „En við hefðum átt að verjast síðara marki þeirra betur. Það var slæmt að tapa á þessu marki.“



**RONALDO** Hefur oft átt betri leik en í gær.
NORDIC PHOTOS/GETTY



**GLÆSIMARKI FAGNAÐ** Emmanuel Adebayor fagnar marki sínu í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Mörkin á Madrigal-vellinum í gær voru stórglæsileg. Fyrst skoraði Marcos Senna með miklum þrumufleyg í upphafi leiksins og kom þar með heimamönnum yfir. En líkt og í hinum leiknum óx þeim ensku ásmegin eftir því sem á leið og uppskáru jöfnunarmark um miðbik síðari hálfleiksins.

Emmanuel Adebayor fékk þá sendingu frá Cesc Fabregas í teignum. Hann tók boltann niður með bringunni og skoraði með glæsilegri bakfallsspyrnu.

Bæði lið fengu tækifæri til að skora sigurmarkið eftir þetta.

„Ég er mjög ánægður með mína frammistöðu í kvöld,“ sagði Adebayor. „Ég veit ekki einu sinni hvernig ég skoraði þetta mark en það mikilvæga er að boltinn fór í netið. Nú eigum við síðari leikinn á heimavelli og ætlum við að gera allt sem í okkar valdi stendur til að komast áfram.“ **eirikur@frettabladid.is**






**SELBIT** Guus Hiddink, stjóri Chelsea, tekur hér þátt í glensinu á æfingu Chelsea í gær.
NORDIC PHOTOS / AFP

Leikið í Meistaradeild Evrópu í kvöld:

## Stál í stál á Anfield

**FÓTBOLTI** Í kvöld fara fram síðari tveir leikirnir í fyrri umferð fjórðungsúrslita Meistaradeildar Evrópu. Ensku liðin Liverpool og Chelsea eigast við á Anfield og þá mætir Barcelona liði Bayern München á heimavelli.

Rafael Benítez, stjóri Liverpool, segir að þetta sé ekki góður tími, hvorki fyrir hans menn né leikmenn Chelsea að mætast nú.

„Þetta verður mikil áskorun fyrir bæði lið. Þeir eru með gott lið og með reyndan knattspyrnustjóra. Þetta verða hnífjafnir leikir,“ sagði Benítez. „Það verður mikilvægt að halda hreinu í fyrri leiknum en ég hefði nú frekar kosið að spila á Anfield í síðari leiknum,“ bætti Benítez við.

Florent Malouda, leikmaður Chelsea, segir að liðið sé betra nú en síðast þegar þau mættust. „Það er aldrei auðvelt að spila gegn Liverpool en það hefur sitthvað breyst síðan í síðasta leik og við verðum að sýna fram á þær breytingar.“

Eiður Smári Guðjohnsen og félagar í Barcelona mæta sterku liði Bayern München í kvöld sem vann 5-1 sigur á Wolfsburg í Þýskalandi um helgina.

„Bayern hefur fjórum sinnum orðið Evrópumeistari og hefur unnið þýsku deildina margoft. Ég er því viss um að þeir munu mæta mjög vel stemmdir til leiks,“ sagði Pep Guardiola, stjóri Börsunga. **- esá**

Meistaradeild Evrópu:

## Alfreð mætir Guðjóni Val

**HANDBOLTI Í gær var dregið í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu sem fara fram síðustu vikuna í apríl og fyrstu vikuna í maí. Þrjú Íslendingalið voru í pottinum.**

**Alfreð Gíslason og hans menn í Kiel mæta löndum sínum í Rhein-Neckar Löwen sem Guðjón Valur Sigurðsson leikur með. Hamburg mætir Evrópumeisturum Ciudad Real, liði Ólafs Stefánssonar, og eina liðinu í undanúrslitunum sem er ekki frá Þýskalandi.**

**Einnig var dregið í undanúrslit í EHF-bikarkeppninni. Róbert Gunnarsson og félagar í Gummersbach mæta þar CAI Aragon frá Spáni.** **- esá**

### ÚRSLIT

*Meistaradeild Evrópu:*

| | |
|---|---|
| **Villarreal - Arsenal** | **1-1** |
| 1-0 Marcos Senna (10.), 1-1 Emmanuel Adebayor (66.). | |
| **Manchester United - Porto** | **2-2** |
| 0-1 Cristian Rodriguez (4.), 1-1 Wayne Rooney (15.), 2-1 Carlos Tevez (85.), 2-2 Mariano (89.). | |

*Enska B-deildin:*

| | |
|---|---|
| Watford - Southampton | 2-2 |
| Sheffield United - Barnsley | 2-1 |
| Crystal Palace - Coventry | 1-1 |
| **Aron Einar Gunnarsson** skoraði mark Coventry. | |


NÝJUSTU
PÁSKAMYNDIRNAR
OPIÐ á Skírdag til 24:00
í Skeifunni & Garðabæ
OPIÐ til kl. 20:00
í öllum öðrum verslunum
MADAGASCAR
ESCAPE 2 AFRICA
SEXDRIVE
WARNING: Rude. Crude. Nude.
twilight
DiCAPRIO CROWE
BODY OF LIES
HIGH SCHOOL MUSICAL 3
SENIOR YEAR
GOSI
NÝIR
TÖLVULEIKIR
WANTED
PlayStation.2
HIGH SCHOOL MUSICAL 3 DANCE!
SING IT
BOLT
HAGKAUP
Ein ferð betra verð



Páskaliljur í potti
399 kr
potthlíf fylgir ekki með
Páskagreinar
699 kr
Krýsi
979 kr
ÚTSALA
ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR
EGG
SKÚTUVOGI
Begonia
699 kr
Páskaliljur
989 kr
10 stk
Sýpris
999 kr
100 sm

# GEYMD´ANN!

Fékkstu ekki Sælureitinn heim?
Pantaðu hann þá,
þér að kostnaðarlausu,
á www.husa.is eða
hringdu í 525 3000







**16.990**

OUTBACK

**Omega 200**
6.2Kw
Grillflötur 48x36 sm
Tvískiptur brennari
Flame tamer hlíf yfir brennara
Emeleruð grillgrind
Hitagrind, hliðarborð,
neistakveikja, þrýstijafnari.
Gaskútur fylgir ekki
3000235

# PÁSKARNIR
## ERU TÍMINN

**2.999**




**Úðabrúsi**
Berthoud, 2 ltr, þolir tjöruleisir
5087354

**12.999**




**Háþrýstidæla**
Nilfisk Alto, 100 bör, vönduð dæla sem dælir allt að 440 ltr/klst, fyrir bílinn, stéttina o.fl., 5 m slanga og 5 m rafmagnssnúra
5254240



**8.999**

**Hekkklippur**
Texas, rafmagn 650W,
60 sm blað.
5083595



**1.699**

**Hekkklippur**
HiPoint
5084672



**4.699**

**Hjólbörur**
Ravendo, 80 ltr
5080038

**1.999**
~~2.249~~




## NÝTT
### Garðhúsgögnin eins og ný með Benar

Lituð sérviðarolía fyrir viðarvörn á veggjaklæðningu úr harðviði, tréhúsgögn úr tekk, mahóní o.fl. úr harðviði. Olían verndar gullið yfirbragð viðarins og verndar gegn útfjólubláum geislum sólar. Benar Edeltreolje nær góðri bindingu við yfirborð viðarins og tryggir jafnt niðurbrot.

**Benar Edeltreolje**
0,75 ltr
7053040



## Pallurinn klár!
FÁÐU TILBOÐ Í PALLINN
Timburráðgjöf Grafarholti, Skútuvogi og í verslunum okkar um land allt.

**Einar Sveinsson**
Rekstrarstjóri sölu og þjónustu

HÚSASMIÐJAN x blómaval | Frábær saman



> **Jennifer Lopez**

„Mér finnst ósanngjart að vera kölluð prímadonna eingöngu fyrir það að vilja að allt gangi vel.“
Söng- og leikkonan Jennifer Lopez fer með hlutverk danskennarans Paulinu í kvikmyndinni Boðið upp í dans sem sýnd verður í Sjónvarpinu í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON UM ÞÁTTAGERÐARMENN

# *Sumir verða sextugir – einhvern tímann*

Aldur er afstæður. Það sést og heyrist þegar sumir yngstu stjórnmálamennirnir opna munninn og raunverulegur aldur þeirra kemur í ljós. Bara sú viðurkenning að skella sér í dragtina og draga fram bindið segir manni sitt.

Í gær varð Andrea Jónsdóttir dagskrárgerðarkona, skífuþeytir, eins og það var kallað á sjötta áratugnum, og rokkdrós sextug. Hún lét lítið yfir sér í viðtölum við stelpurnar á rás 2 í morgunviðtali og spilaði Presley. Kom í ljós að hún er alin upp við þjóðveginn austur. Selfyssingur.

Við deilum nokkrum goðum ég og Andrea. Hún er geðfelld og kurteis kona og alþýðleg í framgöngu. Áhugasvið hennar er vítt og hún stikar óhrædd aftur að miðri síðustu öld í vali á tónlist og hefur nennt að halda áfram löngu eftir að jafnaldrar hennar og mun yngri menn urðu stökk í smekk. Ég ætla að hlusta á Andreu á rás 2 á föstudaginn langa þegar hún verður með þátt í hádeginu um orgelið. Þar spilar hún meðal annars Hallgrímur kvað eftir þá Kalla Sighvats og Jón Kristin Cortes sem spratt beint upp úr Superstar-uppsetningunni fyrstu. Svo velur hún fleira í bland. Það verður góð stund.



## MIÐVIKUDAGUR



▶ **20.25 X-Files** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.45 Grey's Anatomy** STÖÐ 2



▶ **21.00 America's Next Top Model** SKJÁREINN



▶ **21.15 Bráðavaktin** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00 Crank** STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Sjónleikur í átta þáttum** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Púkka** (4:26)

**17.55 Gurra grís** (83:104)

**18.00 Disneystundin** Alvöru dreki, Sígildar teiknimyndir og Nýi skóli keisarans.

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Alþingiskosningar - Borgarafundur** Bein útsending frá opnum borgarafundi í Hafnarfirði.

▶**21.15 Bráðavaktin** (ER) (18:19) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**22.00 Tíufréttir**

**22.20 Boðið upp í dans** (Shall We Dance?) Bandarísk bíómynd frá 2004. Lögfræðingur verður ástfanginn af danskennara við fyrstu sýn og skráir sig í dansnám. Leikstjóri er Peter Chelsom og meðal leikenda eru Richard Gere, Jennifer Lopez, Susan Sarandon og Stanley Tucci. (e)

**00.05 Fréttaaukinn** Þáttur í umsjón Boga Ágústssonar og Elínar Hirst. Leitast er við að varpa ljósi á og skýra málefni líðandi stundar bæði innanlands og erlendis. (e)

**00.40 Alþingiskosningar - Borgarafundur** Upptaka frá opnum borgarafundi í Hafnarfirði í kvöld.

**02.10 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.05 The Murder of Princess Diana**

**10.00 Beethoven: Story of a Dog**

**12.00 Bowfinger**

**14.00 Sneakers**

**18.00 Beethoven: Story of a Dog**

**20.00 Bowfinger** Gamanmynd með Steve Martin og Eddie Murphy í aðalhlutverkum.

▶**22.00 Crank** Spennumynd með Jason Statham, Jose Pablo Cantillo og Amy Smart í aðalhlutverkum.

**00.00 Vanity Fair**

**02.15 All the King's Men**

**04.20 Crank**

**06.00 Yes**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Könnuðurinn Dóra, Stóra teiknimyndastundin, Bratz.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (290:300)

**10.15 Sisters** (23:28)

**11.05 Burn Notice** (6:13)

**11.50 60 mínútur**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (163:260)

**13.25 Newlywed, Nearly Dead** (1:13)

**13.55 ER** (7:22)

**14.50 The O.C.** (17:27)

**15.40 BeyBlade**

**16.05 Leðurblökumaðurinn**

**16.28 Litla risaeðlan**

**16.43 Íkornastrákurinn**

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (20:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.24 Veður**

**19.35 The Simpsons** (1:22) (1.22) Hryllingurinn í trjákofanum! Þáttur kvöldsins verður með óhefðbundnu sniði og verður boðið upp á þrjár stuttmyndir að hætti hússins.

**20.00 Gossip Girl** (10:25) Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum sem fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

▶**20.45 Grey's Anatomy** (19:24) Meredith og Derek komast að því að erfitt er að viðhalda hinu fullkomna sambandi. Christina kemst loks að því að það eru fleiri menn til en Burke og sjúkrahúsið Seattle Grace þarf laglega yfirhalningu.

**21.30 Oprah** Oprah heimsækir konur sem uppljóstra fegurðarleyndarmálum sínum.

**22.15 Weeds** (13:15)

**22.40 Sex and the City** (2:18)

**23.05 Erin Brockovich**

**01.15 The Mentalist**

**02.00 ER** (7:22)

**02.45 Blast!**

**04.15 Jarhead**

**06.15 The Simpsons** (11:20)

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk** Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð.

**07.20 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**

**07.40 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**

**08.00 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**

**08.20 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**

**14.05 PGA Tour 2009 - Hápunktar**

**15.00 Gillette World Sport**

**15.30 NBA tilþrif**

**16.00 Meistaradeild Evrópu**

**17.40 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**

**18.00 Meistaradeild Evrópu - Upphitun**

**18.30 Liverpool - Chelsea** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu. Sport 3. Barcelona - Bayern München

**20.40 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**

**21.00 Barcelona - Bayern München**

**22.50 Augusta Masters Official Film**

**23.45 Liverpool - Chelsea**

**01.25 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.50 Hull - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.30 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**19.00 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

**19.30 Markaþáttur** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.

**20.25 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.

**21.35 Leikur vikunnar**

**23.15 Blackburn - Tottenham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**07.30 Káta maskínan** (10:12) (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Óstöðvandi tónlist**

**12.00 Káta maskínan** (10:12) (e)

**12.30 Óstöðvandi tónlist**

**18.05 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.50 The Game** (8:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.

**19.15 Ljósmyndaleikur Iceland Express** (1:5) (e)

**19.20 Nýtt útlit** (4:10) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata. (e)

**20.10 Top Chef** (5:13) Nú reynir á hæfileikana hjá þeim 11 kokkum sem eftir eru. Að þessu sinni eru það afgangar sem skipta öllu máli og hæfileikinn til að búa til eitthvað gómsætt úr erfiðu hráefni. Kokkarnir þurfa að að útbúa margréttaðan matseðil úr afgöngum frá kvöldinu áður.

▶**21.00 America's Next Top Model** (3:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Núna fá stúlkurnar nýtt útlit og því fylgir mikil dramatík. Síðan tekur við myndataka með Nigel Barker.

**21.50 90210** (14:24) Adrianna leitar stuðnings hjá Naomi og Kelly og segir þeim hver er pabbi barnsins.

**22.40 Jay Leno**

**23.30 Law & Order: Criminal Intent** (2:22) (e)

**00.20 Rat Race** (e)

**02.20 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Lífsblómið** Í umsjón Steinunnar Önnu Gunnlaugsdóttur. Heilsa og hugarfar er til umræðu.

**21.00 Líf og land** Valdemar Ásgeirsson bóndi ræðir um málefni landsbyggðarinnar.

**21.30 HH** Þáttur um ungt fólk í umsjón Eddu Sigfúsdóttur og Sindra Rafns Þrastarssonar frá Hinu húsinu.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


**Sólning** býður nú ál- og krómfelgur með miklum afslætti út apríl

Sólning býður að auki eitt landsins mesta úrval af sumardekkjum frá viðurkenndum framleiðendum.

Continental Mastercraft Tires Hankook NANKANG





Krómfelgur 25% afsláttur!
Álfelgur 20% afsláttur!

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000
Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399
Selfoss, Gagnheiði 2, sími 482 2722

SÓLNING

BARÐINN
Skútuvogi 2 | 104 Reykjavík | Sími 568 3080 | www.bardinn.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 18.30

### Liverpool - Chelsea, beint



Liverpool og Chelsea mætast enn og aftur í Meistaradeild Evrópu. Liðin hafa marga hildina háð í gegnum tíðina í Meistaradeildinni en þetta er fimmta árið í röð sem liðin mætast í útsláttarhluta keppninnar. Ekki beinlínis óskadráttur en Liverpool er talið standa betur að vígi. Liðið hefur unnið Chelsea í báðum leikjunum í vetur í ensku úrvalsdeildinni og virðist á gífurlegri siglingu. Þegar liðin mættust í fyrra fagnaði Chelsea sigri og fór í úrslitaleikinn þar sem liðið mætti Manchester United. Leikmenn Liverpool eru staðráðnir í að fara alla leið og því mætast stálinn stinn eins og undanfarin ár.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Bowfinger
### Stöð 2 bíó kl. 20.00

Bobby K. Bowfinger er misheppnaður kvikmyndaframleiðandi í Hollywood sem er staðráðinn í að slá í gegn og leggur allt í sölurnar. Þegar vinsælasti leikarinn í Hollywood sýnir því engan áhuga að leika aðalhlutverkið í myndinni hans beitir Bobby öllum ráðum til að hafa stjörnuna samt með. Það eru Steve Martin og Eddie Murphy sem fara með aðalhlutverkin.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Blátt og rautt
**15.30** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Íslensk trúartónlist í dymbilviku
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Pipar og salt
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.18** Bak við stjörnurnar
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (162:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (163:260)
**17.00 Seinfeld** (3:22)
**17.25 X-Files** (6:24)
**18.10 The Sopranos**
**19.00 Hollyoaks** (162:260)
**19.30 Hollyoaks** (163:260)
**20.00 Seinfeld** (3:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.
▶**20.25 X-Files** (6:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast þegar þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.
**21.10 The Sopranos** Stöð 2 og Stöð 2 Extra rifja upp þessa geysivinsælu þætti þar sem fylgst er með fjölskyldumanninum og mafíuforingjanum Tony Soprano í daglegu lífi.
**22.00 Little Britain USA** (5:6) Fyndnasta tvíeyki Bretlands, Matt Lucas og David Walliams, er mætt aftur og að þessu sinni ætla þeir að grínast í Bandaríkjunum. Þeir félagar gera óspart grín að öllu því sem okkur Evrópubúum þykir hvað hallærislegast í fari Kananna.
**22.25 Bones** (5:26) Dr. Temperance „Bones" Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**23.10 Ashes to Ashes** (4:8)
**23.55 Auddi og Sveppi**
**00.20 Sjáðu**
**00.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**11.00** The Inspector Lynley Mysteries **11.45** My Hero **12.15** The Weakest Link **13.00** EastEnders **13.30** My Hero **14.00** After You've Gone **14.30** The Weakest Link **15.15** The Inspector Lynley Mysteries **16.05** The Inspector Lynley Mysteries **16.55** EastEnders **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** After You've Gone **19.10** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** The Chase **20.50** My Hero **21.20** After You've Gone **21.50** The Chase **22.40** The Inspector Lynley Mysteries **23.30** The Inspector Lynley Mysteries

## DR 1

**11.00** Mission. Baby **11.30** Hammerslag **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Pigerne Mod Drengene **14.30** Oggy og kakerlakkerne **14.35** Monster allergi **15.00** Svampebob Firkant **15.30** Skæg med tal **15.55** Hunden Ib **16.00** Geniale dyr **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Tæt på tigeren **18.00** Diagnose søges **18.30** Sager der nager **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Påskevejr **19.35** Jorden rundt i 80 dage **21.30** OBS **21.35** Onsdags Lotto **21.40** Columbo

## NRK 1

**11.10** Berlin, Berlin **11.35** Slipp naboene løs **12.05** Norge rundt **12.30** I sørhellinga **13.00** NRK nyheter **13.05** Par i hjerter **13.55** Filmavisen 1959 **14.05** Filmavisen 1959 **14.15** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Dyrisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Lille Prinsesse **16.10** Ugler i mosen **16.30** Yoko! Jakamoko! Toto! **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Påskenøtter **17.45** 4-4-2.Tippekampen **18.40** Vikinglotto **18.45** 4-4-2.Tippekampen **19.55** Englebarnet **21.05** Løsning påskenøtter **21.10** Kveldsnytt **21.25** Louis Theroux. På storviltjakt **22.25** Lov og orden. New York **23.05** Raset i Namsos

## SVT 1

**11.35** Venedig, den sjunkande staden **12.30** Klättertjuven **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Plus **15.25** Tonårsliv **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Sommer **20.00** Entourage **20.25** The Sarah Silverman Program **20.50** Kulturnyheterna **21.05** Familjen Babajou **22.05** Vem tror du att du är? **23.05** Sändningar från SVT24




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er Hornið, mér finnst allt-af fínt að fá pítsu þar.“*

Valgerður Guðnadóttir söngkona




**LÁRÉTT**
**2.** ósoðinn, 6. kúgun, 8. berja, 9. nudda, 11. þys, 12. dáð, 14. sía, 16. karlkyn, 17. goð, 18. útgerðarstaður, 20. númer, 21. skál.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hrund, 3. í röð, 4. samþykkt, 5. farvegur, 7. sælindýrstegund, 10. örn, 13. skurðbrún, 15. sjá eftir, 16. þyrping, 19. slá.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. hrár, 6. ok, 8. slá, 9. núa, 11. ys, 12. afrek, 14. sigti, 16. kk, 17. guð, 18. ver, 20. nr, 21. ílát.
**LÓÐRÉTT:** 1. kona, 3. rs, 4. ályktun, 5. rás, 7. kúfskel, 10. ari, 13. egg, 15. iðra, 16. kví, 19. rá.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Abruzzo.
2. Framsóknarflokksins.
3. Ólafur Jóhann Ólafsson.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

# Jóhanna komin af brjóstgóðum konum

„Ég drekk ekki, ég reyki ekki og að sjálfsögðu er ég hrein mey, enda aðeins búin að vera í föstu sambandi í 2 ár!“ svarar Jóhanna Guðrún söngkona snilldarlega í óútkomnu tímariti Mónitor – sem Fréttablaðið fékk að gægjast í áður en það fer í dreifingu. Jóhanna Guðrún er í þættinum Satt og logið en þar svara valdir viðmælendur oft mjög nærgöngulum spurningum lesenda. Spurningin er: „Ertu hrein mey?“ og ekki er ljóst hvort Jóhanna Guðrún er að draga spyrilinn á asnaeyrunum eður ei. Önnur undarleg spurning er svohljóðandi: „Eru þetta þínar eigin túttur?“ Og enn svarar Jóhanna Guðrún þannig að þeir sem hafa haft af því áhyggjur hvernig hún ræður fram úr spurningum um efnahagsmál komin til Rússlands sem fulltrúi Íslands í Eurovision söngvakeppnina ættu að geta andað rólegar: „Ég hef orðið vör við þessar pælingar í dálítinn tíma, en ég er komin af brjóstgóðum konum þannig að þetta eru alveg ekta túttur – það er í genunum!“

Tímaritið Mónitor er í ritstjórn Atla Fannars Bjarkasonar og er páskatölublaðið 2009 stútfullt af athyglisverðu efni. Rætt er við félaga í hljómsveitina Agent Fresco sem sigraði á Músíktilraunum í fyrra og var valin bjartasta vonin á tónlistarverðlaunum síðustu, rætt er við Aron Pálmarsson handboltakappa og blondínan Ásdís Rán, sem nú er búsett í Búlgaríu, varar við því að strippa í kreppu. Þá vekur leiðari Atla Fannars athygli, ekki kannski fyrir efni leiðarans heldur fyrirsögnina sem kallast einkennilega á við auglýsingu frá Vinstri grænum sem er á síðunni við hliðina. Fyrirsögn Atla er „Ekki kjósa“ meðan Vinstri grænir eru með heilsíðuauglýsingu þar sem sjá má andlit Katrínar Jakobsdóttur menntamálaráðherra og þar er slagorðið: „Kjóstu!“ **- jbg**



**JÓHANNA GUÐRÚN** Svarar erfiðum spurningum Mónitors svo snilldarlega að menn ættu ekki að hafa neinar áhyggjur af henni í Moskvu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HRAFN GUNNLAUGSSON: ÞAÐ RÉÐUST Á MIG PÖNKS Á GÍBRALTAR

# Hrafninn flýgur í prófmál við ríkið vegna líkamsárásar

„Þetta er útaf líkamsárás sem ég varð fyrir á Gíbraltar fyrir nokkrum árum. Sem er svo sem ekkert blaðaefni í sjálfu sér. En það réðust á mig svokallaðir pönks, fimm snoðklipptir menn í sérkennilegu hugarástandi og ég slasaðist nokkuð alvarlega,“ segir Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndagerðarmaður.

Hrafn er að höfða afar athyglisvert prófmál á hendur fjármálaráðuneytinu. Svo einstakt er málið að Hrafn fær gjafsókn en það varðar millirríkjasamninga og snýst um hvar ábyrgð liggur þegar miskabætur eru annars vegar. Lögmaður Hrafns er Óðinn Elíasson sem veltir því fyrir sér hvernig ber að túlka millirríkjasamninga sem er ekki deginum ljósara. „Þetta er snúið mál en hans skoðun hefur frá upphafi verið sú að ég ætti rétt á miskabótum hér heima og ég hef fylgt hans góðu ráðum,“ segir Hrafn. Bótakrafan sem slík er opin enda er nú verið að finna út úr því hvar ábyrgðin liggur. „Það er engin geðvonska í þessu heldur spurt hvort höfða beri einkamál á Gíbraltar eða fyrir íslenskum dómstólum. Og hvernig myndu tryggingarfélag og ríki koma að því?“ segir Hrafn.

Eðli árásarinnar, aðdragandi og þá ekki síður eftirmálar hennar eru til þess fallin að flækja þetta mál enn frekar. Í ljós kom að foringi gengisins sem réðst á Hrafn var sonur æskulýðs- og menningarmálaráðherra Gíbraltar. Þegar svo til kastanna kom voru allir embættismenn sem að málinu komu horfnir, komnir á eftirlaun og erfitt að sækja málið á Gíbraltar. Hrafn tekur það fram að hann hafi á sínum tíma fengið afar góða aðstoð frá utanríkisráðuneytinu en úrskurðarnefnd heima á Íslandi hafi verið á báðum áttum hvar krafan ætti að lenda. Hrafn veltir því fyrir sér hvort hann eigi að skrifa kómíska smásögu um skrifræðið, sögu sem byggir á atvikinu sem er í stuttu máli á þá leið að Hrafn var fyrir um fjórum árum að aka á sínum bílaleigubíl niður Gíbraltarklettinn þar sem sjá má yfir til Afríku.

„Þá kemur mótorhjólagengi í kappakstri á móti mér, eitt hjól lendir á bílnum og klessist illa. Hinir fjórir snúa við en sá sem hafði kvarið á mig er blóðugur og ég skrönglast hálf rotaður úr bílnum. Og tók með mér vídeókameruna,“ segir kvikmyndaleikstjórinn. En gengið var ekki á því að neinn yrði til frásagnar og Hrafn lenti á spítala illa slasaður, tvíhandleggsbrotinn – marinn og blár. „Ég fékk hart ‚trítment‘. Svo þegar ég er á spítala álpaðist árásarmaðurinn inn á spítalann. Hann var þá svona þjáður og ég gat bent á hann á spítalanum. Lögreglan hafði hirt drasl af vettvangi sem passaði við hjól árásarmannsins. Mér var sagt að málið væri upplýst og ég fengi skýrslu,“ segir Hrafn. En svo dróst að hún kæmi fram og málið fór að þæfast – hugsanlega vegna pabbans: æskulýðs- og menningarmálaráðherrans.

jakob@frettabladid.is



**HRAFN GUNNLAUGSSON** Höfðar afar athyglisvert prófmál á hendur fjármálaráðuneytinu vegna líkamsárásar sem hann varð fyrir á Gíbraltar en spurt er hvar skaðabótaskyldan liggur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Magnús Ármann** hefur verið umfjöllunarefni DV að undanförnu sem sagt hefur frá því að fyrirtæki í eigu Magnúsar skulduðu yfir 24 milljarða í árslok 2007. Þar er ekki meðtalið níu milljarða króna kúlulán sem Imon ehf., í eigu Magnúsar, fékk fyrir kaupum á bréfum í Landsbankanum þremur dögum fyrir fall hans. Þrátt fyrir erfiða skuldastöðu fyrirtækjanna er Magnús sjálfur ekki á flæðiskeri staddur og dvelst hann nú ásamt fjölskyldu sinni í frönsku Ölpunum þar sem hann á hús í félagi við fleiri útrásarvíkinga.

Eigandi Sporthússins í Kópavogi tók upp á því nýverið að draga þrjá úr hópi einkaþjálfara við húsið, sem telja hátt í fjörutíu, og senda í lyfjapróf. Lengi hefur loðað við einkaþjálfara orðrómur sá að þeir séu sterahausar og að erlendri fyrirmynd vildi eigandi Sporthússins bregðast við því þó hvert próf kosti fimmtíu þúsund krónur. Einhvern veginn kom engum á óvart að nafn þekktasta þjálfarans, **Egils „Störe“ Einarssonar**, kæmi úr körfunni. Störe fór og stærir sig nú af því að hafa komið hreinn sem skóladrengur úr prófinu auk kollega sinna. Nú er spurningin hvernig aðrar líkamsræktarstöðvar mæti þessu útspili Kópavogsbúa. **- jbg**





TEPPI Á STIGAGANGINN
Stepp
GÓLFEFNI ÞEKKING ÞJÓNUSTA
Stepp ehf Ármúla 32 Sími 533 5060 www.stepp.is stepp@stepp.is

LAGERSALA Opið 13-16
Eldhúsvaskar Frá kr. 3.900
Blöndunartæki Frá kr. 3.900
Baðspeglar Kr. 990
Sími: 894 1411
Norðurhella 10 Hafnarfjörður

# Ragnhildur Steinunn tekur á móti áströlskum 60 mínútum

„Já, þau eru að koma í dag. Ég er búin að vera í sambandi við þau síðustu tvo mánuði og hjálpa til við að finna áhugavert efni,“ segir sjónvarpskonan Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, sem tekur á móti framleiðendum áströlsku sjónvarpsþáttanna 60 mínútur í dag. Hópurinn kemur til landsins til að gera þátt um íslenska efnahagshrunið.

Ragnhildur Steinunn segir að hún hafi reynt að sjá efnið á nýjan hátt. Margt sem Íslendingar séu orðnir hundleiðir á í umræðum undanfarinna vikna sé ósaltað og ferskt í augum Ástralanna.

„Auðvitað hefur maður lifað og hrærst í efnahagshruninu síðustu mánuði og margt sem maður heldur að sé orðið svo þreytt er algerlega nýtt fyrir þeim. Þeir ætla að skoða efnið í frekar víðu ljósi og skoða einnig hvernig Íslendingar reyna að takast á við fallið á jákvæðan hátt.“

Tökuliðið dvelur á landinu í viku en undirbúningurinn hefur tekið um tvo mánuði. Framleiðandi þáttanna hafði samband við Ragnhildi Steinunni og segist hún ekki vita af hverju þeir hafi haft samband við hana. Hún hafi meira að segja ekki svarað þeim fyrstu dagana sem þeir voru að reyna að hringja í hana úr leyninúmeri. „Ég þarf bara að spyrja þá þegar þeir koma hver benti þeim á mig. Ég er hins vegar að fara í frí um páskana til Englands og verð því aðeins með þeim í eigin persónu fyrstu tvo dagana. Svo munum við reiða okkur á símasamband. Ég býst ekki við öðru en að þeir spjari sig enda allt löngu skipulagt skref fyrir skref.“ Þátturinn mun að líkindum fara fljótlega í loftið og að vonum áhugavert að sjá með hvaða augum Ástralar sjá hrunið. **- jma**



**ÁSTRALAR ÆTLA EINNIG AÐ SKOÐA NÝSKÖPUN ÍSLENDINGA** Ragnhildur Steinunn er búin að koma tökufólki áströlsku 60 mínútna í samband við Íslendinga sem hafa farið út í nýsköpun eftir hrunið. Ætlun Ástralanna er að skoða hrunið og afleiðingar þess í sem víðustu ljósi.

# BT Fermingargjafir á frábæru verði í BT

FÁRÁNLEGT VERÐ

69.999

## Acer Extensa 5230

- 2.0Ghz Intel Celeron M 575 Centrino með 1MB flýtiminni
- 1GB DDR2 667MHz 200pin
- 160GB SATA hljóðlátur 5400RPM
- 8xDVD±RW Dual Layer skrifari sem einnig skrifar CD-RW
- Innbyggt þráðlaust 802.11bgn netkort með loftneti í skjá
- 15.4" WideScreen WXGA CrystalBrite með 1280x800
- Windows Vista Home Basic

RUGLBULL VERÐ

109.999

## Toshiba L350

- 2.0GHz Intel Core Duo T3200 - Centrino Duo með 1MB flýtiminni
- 3GB DDR2 800MHz 200pin. Stækkan-legt í 4GB
- 320GB SATA hljóðlátur harðdiskur 5400RPM
- 8xDVD±RW Dual Layer skrifari sem einnig skrifar CD-RW
- Innbyggt þráðlaust 54Mbps 802.11b/g netkort með loftneti í skjá
- 17" WideScreen WXGA með 1440x900 og 16,7 milljón liti
- Windows Vista Home Premium

Með HDMI-tengi

29.999

## Traxdata margmiðlunarspilari

- 500GB SATA, USB2 margmiðlunarspilari, 720p upscaling, SCART, HDTV, Coaxial ofl.

17.999

## Logitech Pure-Fi Express Plus

- Frábær hljómur
- Virkar með öllum ipodum sem styðja tengikví.
- Hægt að tengja aðrar gerðir MP3 spilara við með snúru
- Innbyggð vekjaraklukka
- Þráðlaus fjarstýring

BT.is
Kíktu á skemmtilegar klippur á BT.is

Bestu myndir BT fást einnig í Húsasmiðjunni um land allt.
HÚSASMIÐJAN ...ekkert mál

Smáralind Akureyri Sími 550 4444 www.bt.is

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skírdagur | 13-18 Smáralind<br>13-18 Akureyri | Föstudagurinn langi | Lokað | Laugardagur | 11-18 Smáralind<br>11-17 Akureyri | Páskadagur<br>Annar í páskum | Lokað Smáralind<br>Lokað Akureyri |

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**


Kolbeins Óttarssonar Proppé


## *Tími bullsins*

Þá er runninn upp sá tími á ný að almenn skynsemi og góð rök hafa horfið á braut og einstrengingslegir sérhagsmunir ríða húsum. Jú gott fólk, það eru að koma kosningar einn ganginn enn. Þetta er í raun merkilegur tími. Hið ágætasta fólk umturnast og hættir að hugsa hlutina nema út frá allra þrengstu hagsmunum atkvæðaveiðarans. Það sem í kaffispjalli með félaga væri álitið í besta lagi brosleg tilraun til að einfalda hlutina, verður á þessum tíma heilagur sannleikur í munni leiðtoga vorra.

**MATVÆLAÖRYGGI** virðist vera tískuorð þessarar kosningabaráttu. Það þarf nefnilega að tryggja að Íslendingar geti borðað, fari allt til andskotans úti í heimi. Þess vegna má ekki hrófla við landbúnaðarkerfinu. Fleira er matur en feitt kjöt var sagt á mínu heimili, en stjórnmálamenn virðast ekki hafa heyrt það. Í það minnsta hefur enginn áhyggjur af matarkistu Íslendinga, hafinu í kringum okkur, þegar kemur að umræðu um matvælaöryggi. Lambakjötsöryggi væri nær lagi.

**SJÓNVARPSFRÍ** er stundum gefið þegar mikið liggur við. Þegar landslið okkar spila mikilvæga leiki lamast vinnustaðir og skólar og þjóðin fær að fylgjast með hetjunum sínum. Því fannst þingmönnum stjórnarandstöðunnar ekki nema eðlilegt að gefið yrði sjónvarpsfrí frá þingstörfum og horft á aðra þingmenn – og þingmannsefni – takast á í umræðum. Það er sosum ekki eins og mikið liggi fyrir þinginu…

**OG TALANDI** um þingið. Sjálfstæðismenn iðka þar nú hina fornu list minnihlutans; málþófið. Reyndar má deila um listfengið sem fólgið er í söng sumra þeirra; en málþófið er í það minnsta stundað af kappi. Reyndar virðast sjálfstæðismenn ekki kunna íslensku þar sem þeir telja sig alls ekki hafa frammi málþóf. Og þeir sem héldu og vonuðu að hrun íslensks efnahagskerfis yrði til þess að smávægilegur krytur yrði lagður til hliðar og saman yrði unnið að endurreisn; þeir hafa orðið fyrir vonbrigðum.

**SVONA** er ástandið í dag. Deilt er um hvort söngur sé málþóf, stjórnmálamenn klæða stuðning sinn við landbúnað í orðskrúð kjarnorkuvetrar og vilja frí frá þingstörfum til að horfa á sjónvarpið.

**SVO** eru menn hissa á að Ísland sé á hausnum.

**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er miðvikudagurinn 8. apríl, 98.dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.20 | 13.30 | 20.40 |
| Akureyri | 6.00 | 13.14 | 20.30 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


